

HÓLMFRÍÐUR VALA SVAVARSDÓTTIR

Gönguskíði á veturna og hjólaskíði á sumrin

Heilsa
allt í MIDJU BLADSINS



MARTA RÚNARSDÓTTIR

Gerir skó á fræga fólkið

Hönnun Mörtu prýðir fætur Jordan og Kelly Brook

FÓLK 30



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Dregur kæru vegna SMS-skilaboða til baka

Menntaskólanemi baðst afsökunar

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. október 2007 — 257. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Ljóðskáld ósátt

Skáldið Walter Moseley er einn þeirra sem eru ósáttir við val á verðlaunahafa The Frost Medal.

MENNING 22



Aðdáendur ráða

Hljómsveitin Radiohead hyggst leyfa aðdáendum að ráða hvað þeir borga fyrir næstu plötu sveitarinnar.

FÓLK 24

Grátið á Græ nuborg

„Hversu margar starfsstéttir ætli búi við það að „viðskiptavinirnir“ kveðji þær með táraflóði?“ spyr Oddný Sturludóttir.


Í DAG 16

Hverjir eru á lausu?

Fréttablaðið fer yfir það hvaða knattspyrnumenn verða án samnings á næstu vikum, sem og hvaða þjálfarar verða við stjórnvölinn í Landsbankadeildinni næsta sumar.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG




BJART EYSTRÁ Í dag verður vestan strekkingur sunnan til, annars hægari vindur. Skúrir á við og dreif á vesturhelmingi landsins, einkum fyrirpartinn, en yfirleitt bjart veður eystra. Hiti 4-13 stig, mildast á Austurlandi.

VEÐUR 4

Þriðjudagar

Lestur meðal 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007

Vanmátu tekjur ríkissjóðs um 72 milljarða króna

Afkoma ríkissjóðs á þessu ári verður 57 milljörðum hagstæðari en fjárlög gerðu ráð fyrir. Auknar skatttekjur og fjármagnstekjur eru hluti af skýringum. Reiknað með 30,8 milljarða afgangi á árinu.

STJÓRNMÁL Tekjur og útgjöld ríkissjóðs á árinu 2007 voru vanmetin um 57 milljarða í fjárlögum ársins 2007. Í nýrri áætlun fjármálaráðuneytisins er talið að tekjur ríkissjóðs verði tæplega 72 milljörðum hærri en ráð var fyrir gert, og útgjöldin fimmtán milljörðum hærri.

Þetta kom fram í máli Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra þegar hann kynnti fjárlagafrumvarp ársins 2008 í gær.

„Afkoma ársins 2007 er langt umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir,“ sagði Árni. Áætlanir gera nú ráð fyrir 66 milljarða króna tekjuafgangi á árinu, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 9,1 milljarðs króna afgangi.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að ýmsar skýringar séu á misræmi í tekjum. Fjármagnstekjur ríkisins hafi aukist vegna verðhækkana á eignum. Þá hafi tekjuskattur einstaklinga, tryggingagjöld, aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur aukist meira en reiknað hafi verið með. Að auki hafi vöxtur einkaneyslu, launabreytingar og fólksfjölgun í landinu verið meiri en gert hafi verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Að lokum hafi bætt afkoma aukid vaxtatekjur ríkissjóðs.

Þau fimmtán milljarða króna auknu útgjöld sem áætlað er að verði á árinu skýrast hins vegar af auknum afskriftum skattkrafna,

auknum framlögum í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, mótvægisáðgerðum vegna aflaskerðingar á þorski og fleiru.

Reiknað er með 30,8 milljarða króna tekjuafgangi í fjárlagafrumvarpi ársins 2008. Þetta er talsverð breyting frá langtímaspá frá síðasta hausti, þegar gert var ráð fyrir 4,9 milljarða króna halla á rekstri ríkissjóðs.

Í fjárlagafrumvarpinu er nú í fyrsta skipti gert ráð fyrir útgjöldum til varnarmála, alls 533 milljónum. Rekstur Ratsjárstofnunar er nú einnig kominn á fjárlög en bandarísk stjórnvöld greiddu kostnað við rekstur stofnunarinnar þar til á þessu ári.

- bj / sjá síðu 4



Í NÝJU LJÓSI Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja voru lýstar upp í bleikum lit í gærkvöldi. Þetta er í sjöunda sinn sem þekktar byggingar eru lýstar bleikum lit til að vekja athygli á brjóstakrabbameini. 175 íslenskar konur greinast með krabbamein í brjóstum á ári hverju. Nýjar rannsóknir benda til að lífshorfur þeirra séu betri en í öðrum löndum. Það kemur fram í pistli Helga Sigurðssonar, yfirlæknis við Landspítala, á heilsusíðum Allt-blaðsins í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Könnun Fréttablaðsins um reykingabann á veitingahúsum og skemmtistöðum:


Mikil sátt um reykingabann

SKOÐANAKÖNNUN Tæp 82 prósent segjast sátt við bann við reykingum á veitingahúsum og skemmtistöðum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúm átján prósent voru ósátt við bannið.

Fleiri konur en karlar eru sáttar við bannið, þó litlu muni.

Aðeins meiri munur er á afstöðu til bannsins eftir búsetu. 78,3 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins

MEÐ OG Á MÓTI BANNINU



eru sátt en 86,3 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 29. september og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Ertu sátt(ur) við gildandi reykingabann á veitingahúsum og skemmtistöðum? 93,0 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

- ss

Tilboðsdagar

1 - 6 október

Smíðjuvegi 76
Kópavogur

Baldursnes 6
Akureyri

www.tengi.is


TENGI

Opíó: virka daga
08.00 - 18.00
Laugardaga
10.00 - 15.00

25%
afsláttur af völdum vörum

Veistu

hvert þú átt að leita?



island.is

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu

SPURNING DAGSINS



Kristinn, er mjór mikils vísir?
„Já, og fer vaxandi!”

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, kvaðst í Fréttablaðinu í gær telja að stjórnarandstaðan yrði nokkuð öflug í vetur, þrátt fyrir að hún ætti við ofurefli að etja.

Róbert Árni Hreiðarsson: Áfrýjar dómi til Hæstaréttar

SAKAMÁL Róbert Árni Hreiðarsson lögmaður, sem dæmdur var í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungmennum og vörslu barnakláms, hefur áfrýjað dómnum til Hæstaréttar. Þegar héraðsdómur kvað upp úrskurð sinn sagði lögmaður Róberts að margt væri athugavert við dóminn, til að mynda hefði barnaklámið á einni tölvunni ekki beinlínis verið vistað á tölvu Róberts, heldur í tímabundinni geymslu vafrara tölvunnar. Róbert hefur dvalist á Spáni síðustu vikur en lögmaður hans segir hann væntanlegan til landsins á næstu dögum.

Íslendingur í Danmörku: Svípti sig lífi í fangelsinu

DANMÖRK Íslenskur fangi svípti sig nýverið lífi í ríkisfangelsinu í Kaupmannahöfn. Hann var rúmlega þrítugur og nýbyrjaður að afplána tveggja ára fangelsisdóm, en hafði setið í gæsluvarðhaldi síðan í sumar. Maðurinn var dæmdur vegna fíkniefnamisferlis, en í íbúð hans fundust eitt þúsund e-töflur og hálfir kíló af amfetamínsúlfati. Hann hélt fram sakleysi sínu. Fangelsisýfirvöld í Danmörku rannsaka andlátið og verður lík mannsins sent heim að rannsókn lokinni.

HÚSAVÍK

Einn í haldi vegna slagsmála

Einn maður er enn í haldi lögreglunnar á Húsavík vegna slagsmálanna fyrir utan Gamla Bauk aðfaranótt sunnudags. Enn er óvíst hver eða hverjir áttu upptökin að erjunum.

ENVEIMI NÚ/2883 / 81015



2

FRÉTTABLAÐIÐ

Mikill áhugi erlendra blaðamanna á tendrun friðarsúlu Yoko Ono í Viðey: Óvíst að Paul og Ringo komi

LISTIR Óvíst er hvort Bítlarnir Paul McCartney og Ringo Starr verði viðstaddir þegar Yoko Ono tendrar friðarsúlu sína í Viðey í ljósa-skiptunum á þriðjudagskvöld í næstu viku.

„Það hefur ekkert skýrst,“ segir Kjartan Magnússon, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur, um hugsanlega komu Pauls og Ringos til Íslands. Reykjavíkurborg stendur fyrir veislu í Hafnarhúsinu að lokinni athöfninni í Viðey. Þangað verður boðið gestum borgarinnar og sérstökum gestum listakonunnar sjálfrar.

„Yoko Ono kemur til landsins

YOKO, JOHN OG PAUL Á frumsýningu Gula kafbátsins í júlí 1968.

með friðu föruneyti. Þetta er hennar athöfn og hún mun hafa mikið um það að segja hverjum verður boðið. Á þessari stundu hef ég ekki upplýsingar um þann

boðslista,“ segir Kjartan. Orkuveita Reykjavíkur og Reykjavíkurborg leggja fram samtals 30 milljónir króna í friðarsúluna, sem mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefna í að kosta 100 milljónir. Mismuninn greiðir Yoko sjálf, sem reisir súluna til minningar um eiginmann sinn, John Lennon.

Að sögn Kjartans er von á mörgum erlendum blaðamönnum til landsins. Í samtali við AP-fréttastofuna lýsir listakonan Íslandi sem afar fallegu. „Það er undarlegt á einhvern hátt. Ég myndi vilja segja að það sé töfrum slungið,“ segir Yoko Ono.

- gar

Áfengissýki vaxandi vandi hjá eldra fólki

Dagdrykkja einkennir neyslu eldra fólks, sem leitar sér í síauknum mæli aðstoðar vegna áfengissýki. Þrjátíu prósent sjúklinga á Vogu árið 2006 teljast til dagdrykkjufólks. Vandi eldra fólks er oft flóknari í meðförum en ungs fólks.

HEILBRIGÐISMÁL Áfengissýki fólks á seinni hluta ævinnar hefur aukist mikið hér á landi síðastliðinn áratug. Eldra fólk leitar sér aðstoðar hjá SÁÁ í síauknum mæli og neyslumynstur á áfengi hefur breyst í sjúklingahópi sjúkrahússins og einkennist nú meira af dagdrykkju en áður. Vandi þeirra sem eldri eru er oft flóknari og djúpstæðari en yngri sjúklinga sem leita sér aðstoðar. Þetta kom fram í máli Valgerðar Rúnarsdóttur, læknis hjá SÁÁ, og Sigurðar Gunnsteinssonar ráðgjafa á afmælisráðstefnu SÁÁ í gær. „Við höfum tekið eftir því að innlögnum eldra fólks fjölgar og aukning er á því að fólk er að koma í fyrsta skipti á ævinni í meðferð á fullorðinsárum,“ segir Valgerður. „Á sama tíma höfum við séð breytingu á neyslumynstri áfengis í sjúklingahópnum og þetta helst örugglega í hendur. Við fáum mikið af fólki til meðferðar sem drekkur flesta daga vinnur. Það má segja að þetta sé nýtt og ekki dæmigert fyrir Íslendinga en staðreyndin er sú að á tímabilinu 1994 til 2006 hefur fjöldi þeirra sem greinast sem dagdrykkjumenn farið úr fimmtán prósentum í rúmlega þrjátíu prósent af sjúklingahópnum.“ Valgerður segir að dagdrykkja sé mun alvarlegri neysla en helgardrykkja, sem löngum hefur einkennt áfengisneyslu þjóðarinnar. „Eldri einstaklingar koma til okkar með þennan vanda sem birtist í félagslegum erfiðleikum og ekki síst í sam-



VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR
Læknir SÁÁ



FRÁ VOGI Þriggja daga afmælisráðstefna stendur yfir. Á þrjátíu ára starfstíma hafa tæplega 19.000 einstaklingar leitað sér aðstoðar vegna áfengis- eða vímuefnafíknar.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

HLUTFALL DAGDRYKKJUMANNA Á VOGI 1994-2006			
1994	16%	2002	25%
1996	17%	2004	27%
1998	18%	2006	31%
2000	26%		

skiptum innan fjölskyldunnar.“ Valgerður segir að einnig sé oft komin mikil óreiða á notkun róandi lyfja og verkjalyfja en það sé vandi sem fólk hafi oft ekki gert sér grein fyrir. Áfengisneyslan kemur hart niður á líkamlegri og andlegri heilsu eldra fólks og félagsleg staða þess er oft bágborin. Fólk einangrast því börn og aðrir fjölskyldumeðlimir reiðast því vegna neyslunnar, sem kemur niður á samskiptum. Sigurður Gunnsteinsson ráðgjafi fjallaði sérstaklega um

meðferð fullorðinna einstaklinga. Hann fjallaði um sérúræði fyrir karla eldri en 55 ára sem SÁÁ hefur boðið síðan í byrjun árs 2004. Sigurður segir að fjölþætt vandamál komi oft í ljós við innlögn, bæði vegna heilsubrestra og félagslegrar einangrunar. Kom fram í máli hans að algengt væri að ástvinir gerðu sér ekki grein fyrir vandanum þrátt fyrir viðvarandi neyslu um langt árabil.

svavar@frettabladid.is

Flokksping Íhaldsflokksins mótað af væntingum um að brátt verði boðað til kosninga: Fyrstu kosningaloforðin gefin

BRETLAND, AP Flokksping Íhaldsflokksins, sem hófst í Blackpool á sunnudag, samþykkti í gær kosningaloforð um að lækka skatta til að gera venjulegu launafólki auðveldara að eignast sína fyrstu íbúð, og um að eignir upp á allt að eina milljón punda, 130 milljónir króna, yrðu undanþegnar erfðaskatti. Náið er fylgst með stefnuyfirlýsingum á þessu flokkspingi íhaldsmanna þar sem sennilegt þykir að Gordon Brown forsætisráðherra muni boða til þingkosninga innan skamms. Þótt Brown og Verkamannaflokkur hans mælist með drjúgt forskot á Íhaldsflokkinn í skoðana-



LEIÐTOGINN Flokksleiðtoginn David Cameron og William Hague, utanríkisráðherra í skuggaráðuneyti íhaldsmanna, hlýða á John Osborne, skuggaráðherra fjármála, halda aðalræðu flokkspingsins í gær.

braut. Það gerði Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, einnig.

2. október 2007

ÞRIÐJUDAGUR

Fundað um útlendinga: Vilja auka skilning og fræðslu

VERSLUN Fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Eflingu, VR og Alþjóðahúsi hittust á fundi í gær til að ræða málefni erlends starfsfólks í afgreiðslustörfum. Að sögn Einar Skúlasonar, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, voru ræddar hugmyndir um hvernig hægt væri að auka skilning á málunum, bæði hjá viðskiptavinum og starfsfélögum. „Margt var rætt en ekkert ákveðið. Við ætlum hins vegar að hittast aftur fljótlega og bjóða þá fulltrúum atvinnurekenda líka. Við vorum öll sammála um að frekari fræðslu þurfi um þessi mál í samfélaginu,“ segir Einar.

- þeb

EKKI á leið frá völdum í bráð: Pútín verði forsætisráðherra

RÚSSLAND, AP Vladímír Pútín Rússlandsforseti gaf í skyn að hann gæti orðið forsætisráðherra Rússlands í ræðu sem hann hélt á flokksþingi stjórnmálaflokksins Sameinað Rússland í gær. Seinna kjörtímabili Pútíns sem forseta lýkur í mars og má hann ekki bjóða sig fram á ný. Í gær tilkynnti hann að hann myndi leiða hinn ráðandi flokk, Sameinað Rússland, í þingkosningunum í desember, sem opnar honum leið í embætti forsætisráðherra. Undanfarið hefur Pútín unnið að því að draga úr völdum forsetans.

- sdg



VLADÍMÍR PÚTÍN
RÚSSLANDSFORSETI

Hús Máls og menningar: Laugavegur 18 var seldur í gær

MIDBORGIN Hús Máls og menningar að Laugavegi 18, stundum kallað Rúblan, var selt fasteignafélaginu Kaupangi í gær. Kaupverð fæst ekki uppgefið, en það dugar Máli og menningu til að vinna áfram að kaupum á bókaútgáfu Eddu. Fasteignakaupin munu hugsuð sem fjárfesting, en bókaverslun Pennans er með leigusamning í húsinu til ársins 2011. Árni Einarsson hjá Máli og menningu segir sameininguna við JPV-útgáfu ganga vel. Fyrirtækið verði vel fjármagnað, óskuldsett. Bankar keppist því um að fá nýtt Forlag í viðskipti. Árni býst við hagnaði þess á fyrsta ári.

- kóp

Við erum sigurvefarar!

Verðlaunavefurinn www.icelandexpress.com!

» Við hjá Iceland Express erum afar stolt, því á dögunum var vefurinn okkar **www.icelandexpress.com** valinn besti vefur lággjaldaflugfélaga á heimsráðstefnunni World Low Cost Airlines Congress. Yfir hundrað vefsvæði tóku þátt í forvalinu og meðal þeirra voru vefsvæði margra heimsþekktra flugfélaga.

Við höfum alltaf lagt mikinn metnað í að halda úti öflugum vef. Bókunarferlið er einfalt og hraðvirkt og hefur vefurinn að geyma ógrynni upplýsinga – allt um áfangastaðina okkar, hótelin, bílaleigubíla, komu- og brottfarartíma og svo er alltaf eitthvað skrítið og skemmtilegt á blogginu okkar!



» Kíkið á verðlaunavefinn okkar – okkur finnst hann alveg glerfinn!

GENGIÐ 1.10.2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	61,47	61,77
	Sterlingspund	125,47	126,09
	Evra	87,5	87,98
	Dönsk króna	11,735	11,803
	Norsk króna	11,362	11,428
	Sænsk króna	9,522	9,578
	Japanskt jen	0,5304	0,5336
SDR		95,77	96,35
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		117,4034	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



SELFLOSS Sniffi varð að amfetamíni í Sunnlenska fréttablaðinu.

Sunnlenska fréttablaðið: Sniffið breyttist í amfetamín

FJÖLMÍÐLAR Sunnlenska fréttablaðið ruglaði saman sniffi og amfetamínneyslu á forsíðu og sló því upp að sjö prósent tíundu bekkinga í Árborg hefðu í fyrra neytt amfetamíns. Hið rétta var að sjö prósent þessara skóla-krakka höfðu sniffað en amfetamínneysla í þessum hópi mældist ekki. Svo virðist sem Sunnlenska hafi mislesið í töflur sem fylgdu rannsókn um vímuefnaneyslu í sveitarfélaginu. „Við hjá Fjölskyldumiðstöð gerum kröfu að viðkomandi leiðrétti þetta í næsta blaði og annarsstaðar þar sem þessi rangtúlkun hefur birst,“ segir á vefsetri Árborgar.

- gar

SERBÍA

Forsetinn látinn

Forseti Bosníu, Milan Jelic, lést á sunnudagskvöld af völdum hjarta-áfalls. Jelic, sem var 51 árs, var kjörinn forseti í fyrra. Óljóst er hver tekur við embættinu þar sem stjórnskrá Serbíu er ekki skýr hvað það varðar.

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á sunnudag var ranglega sagt að sýning á kínverskum munum og listaverkum í tengslum við kínverska menningarhátið í Kópavogi væri í Gerðubergi. Hið rétta er að sýningin er í Gerðarsafni.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræddi þríeina stoð þjóðarinnar við setningu Alþingis:

Landsbyggð ekki metin í ársreikningum

ALÞINGI „Framtíð þessara byggða vítt og breitt um landið allt verður því aldrei hægt að meta á arðsemiskvarðann einan, né árangurinn aðeins mældur í ársreikningum,“ sagði forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, þegar hann vék að byggðamálum við þingsetningu í gær.

Forsetinn sagði sálarheill þjóðarinnar í húfi og varaði við því að sá arfur sem landsbyggðin hefði gefið þjóðinni í heimanmund glataðist. Þessi arfur væri einn þriggja höfuðstoða sjálfsmyndar þjóðarinnar.

Samkennd „hliðstæðra líf skjara“ væri önnur stoðin en hún ætti einnig undir högg að sækja með því að „meiri auður [safnist] nú á færri hendur en við höfum áður kynnst“. Brýnt væri að sú auðsöfnun og keppnis-andinn slitu ekki „véböndin sem tengt hafa fólkið í landinu hvað við annað“.

Engin efnisrök væru fyrir því að víkja þriðju stoðinni, tungunni, til hliðar til að ná í fremstu röð. Þvert á móti ætti að efla íslenskukennslu í skólum landsins. Tungan hefði verið „akkeri og nægtabrunnur“ þjóðarinnar þegar verr áraði og eflt með Íslendingum sjálfstraustið. „Sérstaðan gefur okkur gildi; ekki það að falla inn í fjöldann mikla, verða eins og allir hinir,“ sagði forsetinn.

Hann minntist hlýlega látins alþingismanns, Einars Odds Kristjánssonar, sem hefði haft í heiðri þessa þrenningu, sem gerði okkur að þjóð.

- kóp

ÓLAFUR FORSETI Minntist hlýlega látins alþingismanns, Einars Odds Kristjánssonar, í setningaráæðu sinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Svigrúm til að lækka skatta og bæta velferðarþjónustuna

Um 31 milljarðs tekjuafgangur verður á rekstri ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Útgjöld ríkisins aukast um 12,6 prósent milli ára. Ríkissjóði var beitt með réttum hætti í hagsveiflu, segir ráðherra.

STJÓRNMÁL Verði rétt haldið á málum skapast svigrúm til þess að bæta velferðarþjónustuna og lækka skatta áfram, sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra þegar hann kynnti fjárlagafrumvarp ársins 2008, sem var lagt fyrir Alþingi í gær.

Samkvæmt frumvarpinu verða tekjur ríkissjóðs rúmir 461,2 milljarðar á næsta ári en útgjöld 430,4 milljarðar. Tekjuafgangur er því áætlaður 30,8 milljarðar króna, eða 2,4 prósent af landsframleiðslu. Það er mun betri afkoma en reiknað var með, en gert var ráð fyrir 4,9 milljarða halla í langtímaáætlunum.

Í fjárlögum ársins 2007 var tekjuafgangur áætlaður 9,1 milljarður, en Árni sagði í gær að ný áætlun gerði ráð fyrir röklegu 66 milljarða króna afgangi í árslok. Munurinn skýrðist af hærri launa- og verðlagsbreytingum en ráð hefði verið fyrir gert.

Séu nýjustu áætlanir vegna 2007 bornar saman við fjárlagafrumvarp 2008 er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs aukist um 12,6 prósent milli ára – um 48 milljarða króna. Tekjur ríkissjóðs munu á sama tíma hækka um 2,9 prósent, eða 17 milljarða.

Árni segir þetta þó ekki merki um að ríkiskerfið sé að þenjast út, rekstrargjöld ríkisins muni aðeins aukast lítillega á komandi ári.

Hann segir að um sjötíu prósent af aukningunni megi skýra með hækkanði stofnkostnaði á nýjum verkefnum, auknu atvinnuleysi, vaxtagjöldum, mótvægisáðgerðum vegna aflasamdráttar og brott-hvarfi varnarliðsins. Um fjórðungur til viðbótar skýrist af auknum elli- og lífeyrisbótum.



FJÁRLÖGIN KYNNT Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði langtímaáætlun gera ráð fyrir tekjuafgangi næstu ár, þegar hann kynnti helstu atriði fjárlaga á fundi í Reykjanesbæ í gær. Áður hafði verið spáð halla á rekstri ríkissjóðs á árunum 2008 og 2009.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

“Ríkissjóði hefur tekist að beita sér með réttum hætti í hagsveiflu undanfarinna ára.

ÁRNI M. MATHIESEN
FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Tæpir 25 milljarðar af auknum útgjöldum ríkisins koma til vegna stefnumörkunar í ákveðnum málaflokkum, segir Árni. Langstærstur hluti, 17,1 milljarður, mun renna til framkvæmda við samgöngur. Útgjöld til háskóla og rannsóknra aukast um 2,4 milljarða, og aukningin verður 2,3 milljarðar til hjúkrunar-

heimila og endurhæfingar. Minni tekjutengingar í almannatryggingakerfinu munu auka útgjöld ríkissjóðs um 1,9 milljarða, og eins milljarðs króna útgjaldaaukning verður til málefna fatlaðra.

Árni segir að ríkissjóði hafi tekist að beita sér með réttum hætti í hagsveiflu undanfarinna ára. „Þó að þessi hugmyndafræði hafi verið í gangi lengi er þetta sennilega í fyrsta skipti sem okkur raunverulega tekst þetta, og höfum raunverulega haft svigrúm til þess að draga saman þegar umsvifin [í samfélaginu] eru mikil, og bæta í þegar umsvifin hafa minnkað.“

brjann@frettabladid.is

ÚR FJÁRLAGAFRUMVARPI ÁRSINS 2008

Gert er ráð fyrir rúmlega 533 milljónum króna til varnarmála á næsta ári, auk rúmlega 822 milljóna króna til rekstrar á Ratsjárstofnun, samtals um 1.356 milljónum króna. Undir varnarmál falla meðal annars varnarsamstarf við NATO, gæsla á Keflavíkurflugvelli og fleira.

Ríkið mun verja 1.436 milljónum til þróunaraðstoðar á árinu 2008, sem er rúmlega þrjátíu prósentu aukning frá fyrra ári. Að auki munu 1.422 milljónir renna til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi, sem er 43,6 prósentu aukning milli ára.

Framlög til vegamála munu aukast um 13,6 milljarða á næsta ári. Af þeirri upphæð koma 7,2 milljarðar af söluandvirði Simans. Útgjöld ríkisins vegna Sundabrautar lækka um 1,5 milljarða á næsta ári frá því sem áætlað hafði verið þar sem verkið gengur hægar en áætlað var.

Ríkið mun samkvæmt fjárlagafrumvarpinu greiða mjólkurframleiðslu niður um 4.986 milljónir, sauðfjárrframleiðslu um 3.636 milljónir og grænmetisframleiðslu um 350 milljónir, um samtals tæpa 9 milljarða.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 56,7 prósentu hækkan framlaga til Fjármálaeftirlitsins, alls 936 milljónum króna. Framlög til Samkeppniseftirlitsins aukast um 14,5 prósent.

Sinfóníuhljómsveit Íslands fær tæpar 557 milljónir samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2008, nítján prósentum meira en á fjárlögum 2007.

Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, læri að nota internetið og að meðhöndla tölvupóst.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið. Kennsla hefst 3. október og lýkur 29. október.

Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-
Kennslubók innifalín.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

UMHLEYPINGAR ÁFRAM

Fyrstu dagar októbermánaðar gefa ekki tilefni til að ætla að hann verði mjög frábrugðinn einstaklega umhleypinga-sömum septembermánuði. Hann heilsaði með roki og rigningu nokkuð víða í gær og í dag verður skúraloft yfir vesturhluta landsins. Eru horfur á að úrkomuloft verði yfir vesturhlutanum fram að helgi. Betra verður veðrið á austurhlutanum. Allgóð hlýindi eru hins vegar í kortunum.

REYKJAVÍK Í DAG
Vestan 5-8 m/s og skúrir, einkum fyrir hádegis. Hiti við 10 stig.

VEÐURSPÁ


um hádegis »

um hádegis »

Kaupmannahöfn	14°C	hálfskýjað	London	17°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	22°C	skúrir
Billund	16°C	hálfskýjað	Paris	20°C	skúrir	Basel	24°C	skúrir
Oslo	15°C	hálfskýjað	Amsterdam	15°C	rigning	Alicante	26°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	13°C	hálfskýjað	Frankfurt	18°C	skúrir	Róm	26°C	hálfskýjað
Gautaborg	15°C	hálfskýjað	Berlin	15°C	rigning	Las Palmas	26°C	léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

URRIÐAHOLT



HÉR ÁTTÚ HEIMA

Einbýlis- og parhúsalóðir í Urriðaholti

Sjaldan hefur íbúabyggð verið skipulögð jafn vel frá grunni. Meðal þeirra þátta sem hugað er sérstaklega að eru ríkuleg þjónusta, lifandi skólastarf, virðing fyrir umhverfinu og frábærar tengingar við útivistarsvæði. Urriðaholt í Garðabæ er umgjörð um nútímalífsgæði á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Verð á einbýlislóð er frá 17,5 milljónum, verð á parhúsalóð frá 12 milljónum, auk gatnagerðargjalda.

Kynntu þér kostina á urridaholt.is



sími 588 9090



sími 533 4800

KJÖRKASSINN



Hefurðu séð kvikmyndina Börn?

Já	11,9%
Nei	88,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér rétt að dreifa sprautunálum ókeypis til fíkla?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Dauði dönsku hermanna: Skotnir af eigin liðsmönnum

DANMÖRK Dönsku hermennirnir sem voru skotnir til bana í Afganistan í síðustu viku féllu hugsanlega fyrir hendi liðsfélaga sinna í alþjóðaherliðinu. Danska varnarmálaráðuneytið hefur greint frá þessu en segir frekari rannsóknar þörf.

Forðæmi eru fyrir svipuðum atvikum, að því er Politiken greinir frá. Árið 2003 lést danskur hermaður í Írak eftir að danskur liðsfélagi hans ruglaðist á honum og uppreisnarmanni í myrkri. Í janúar lést danskur hermaður eftir skot frá liðsfélaga við æfingar í Danmörku.


- sdg

Hagnaðist um 9,6 milljónir: Skrúfubjófur staðinn að verki

ÞÝSKALAND. AP Lögreglan í þýska bænum Würzburg hefur handtekið mann sem stal yfir milljón skrúfum frá vinnuveitendum sínum á tveimur árum.

Stal hann allt að sjö þúsund skrúfum á dag. Er áætlað að hann hafi haft andvirði 9,6 milljóna króna upp úr krafsinu. Skrúfurnar seldi hann í gegnum netið á niðursettu verði, sem vakti athygli lögreglu á því hvar hann fengi þessar gifurlegu birgðir.

- sdg



Ræðst gegn verkjum



Paratabs®
– Öflugur verkjabani!

Notkunarsvið: Paratabs®-Parasetamol 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum influensu og umgangspesta. **Skömmtnun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varððarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamól eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagið:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtnum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.





Sigurjón Þórðarson segir að nýi liðsmaðurinn starfi enn eins og í Framsókn:

Kristinn aðlagist frjálslyndum

STJÓRNMÁL „Ég held að allir vilji að Kristinn lagi sig að nýjum flokki,“ segir Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins. Sigurjón kveður að Kristinn H. Gunnarsson, nýr þingmaður flokksins, hafi unnið á móti sér, þegar Sigurjón vildi verða framkvæmdastjóri flokksins, eins og talað hafi verið um fyrir kosningar. Kristinn hafi einnig komið í veg fyrir að Sigurjón og Jón Magnússon gætu skrifað inn á heimasíðu flokksins. „Ég óskaði eftir lykilorðinu hjá Kristni, svo ég gæti kennt Jóni Magnússyni á forritið. En það fékkst því miður ekki,“ segir hann. Sigurjón mun ekki erfa þetta við Kristin lengi, að því gefnu að Kristinn endurskoði hug sinn. Kristinn H. Gunnarsson segir ummæli Sigurjóns „álveg tilhæfulaus“. Þingflokkur og framkvæmdastjórn flokksins hafi tekið ákvörðun um hver yrði framkvæmdastjóri. Þeirri ákvörðun hafi ekki



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON KRISTINN H. GUNNARSSON

verið beint gegn neinum sérstökum. Spurður um framtíðarmöguleika Sigurjóns á stöðunni segist Kristinn ekki sjá að til standi að breyta ákvörðuninni.

- kóp

Afbrýðisöm eiginkona: Reyndi að skera getnaðarlim af

MALASÍA, AP Indónesísk kona var í síðustu viku dæmd í sex mánaða fangelsi af dómstól í Malasíu fyrir að hafa skorið getnaðarlim eiginmanns síns því sem næst af sökum afbrýðisemi. Konan, sem er 47 ára gömul, var handtekin eftir að maður hennar fór til lögreglu og sagði að hún hefði reynt að skera getnaðarlim sinn af með hnífi. Hann kom sér sjálfur á spítala á mótorhjóli sínu þar sem ellefu spor voru saumuð til að loka sárinu. Hjónin hafa verið gift í sautján ár og eiga tvö börn. Ekki var gefið upp hvort um framhjáhald hefði verið að ræða.

- sdg

Ræddi um alþjóðamál og rölti um miðbæ Þórshafnar

Bill Clinton hélt erindi á viðskiptaráðstefnu færeyska vinnuveitendasambandsins í gær. Hann gaf sér tíma til að röлта um miðbæ Þórshafnar og heilsaði upp á vegfarendur sem þyrptust um hann.

STJÓRNMÁL Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hélt erindi á viðskiptaráðstefnu færeyska vinnuveitendasambandsins í Þórshöfn í Færeyjum í gær. Þar talaði líka Svíinn Hans Blix, sem fór fyrir vopnaeftirliti Sameinuðu þjóðanna í Írak fyrir innrásina í landið. Stjarna dagsins var þó Clinton, sem hóf erindi sitt á því að harma að Blix hefði ekki fengið að ljúka verkefni sínu í Írak og sagði að ef hann hefði fengið meiri tíma væru þar ekki stríð í dag. Meginviðfangsefni ræðu Clintons voru þó kostir og gallar alþjóðavæðingarinnar og loftslagsbreytingar af mannavöldum. Clinton sagði þetta tvö langstærstu viðfangsefni mannkyns og útlitaði hvernig þau tengdust órofa böndum. Clinton benti á að með meiri samskiptum og nálægð þjóða nytu þær ekki aðeins góðs af greiðari viðskiptum heldur deildu líka ööryggi á válegum tímum. „Vandamál annarra verða vandamál allra,“ sagði Clinton. Hann bað



Í MIÐBÆ ÞÓRSHAFNAR Mikill fjöldi heimanna kom til að sjá Clinton þegar hann fékk sér göngutúr í fylgd lífvarða. Hann olli ekki vonbrigðum heldur gaf sér tíma til að heilsa upp á unga sem aldna.

MYND/JENS KRISTIAN VANG

viðstadda að hugleiða að það hefði tekið mannkynið 150 þúsund ár að verða sex og hálfur milljarður en á næstu 43 árum myndi íbúum jarðar fjölga í níu milljarða og fjölgunin yrði mest í löndum sem gætu hvorki fætt né klætt fólk sitt miðað við núverandi ástand. Fólk myndi því leita í auknum mæli til Evrópu, Bandaríkjanna og annarra staða þar sem væri von um betra líf. Varaði Clinton eindregið við því að ef þessum þjóðum væri ekki hjálpað að verða sjálfbjarga, myndi það hafa í för með sér mun meiri vandamál en ýmis Evrópulönd standa frammi fyrir nú þegar vegna innflytjenda.

Clinton staldraði ekki lengi við í Færeyjum. Hann kom laust fyrir hádegi í gær, eftir að hafa skipt um flugvél í Keflavík, og flaug til Kaupmannahafnar í gærkvöldi. Flug hann með flugvél færeyska flugfélagsins Atlantic Airways, enda aðflugið að Vága-flugvelli ekki nema fyrir staðkunnuga. Clinton gaf sér tíma til að heim-sækja miðbæ Þórshafnar. Brá hann sér meðal annars inn í bóka-búðina H.N. Jacobsens og keypti að sögn afgreiðslumannsins Terje Smitt tvær bækur með ljósmyndum frá Færeyjum, og eintök af dagblöðunum Sósíalurin og

Dimmalætting auk þess sem hann áritaði eintak af nýjustu bók sinni fyrir eina afgreiðslustúlkuna. Gekk hann því næst um götur, tók í hendur vegfarenda sem þyrptust um hann og endaði á því að bregða sér inn á kaffihúsið Handil kaffi áður en hann hélt í Norðurlandahúsið þar sem ráðstefnan fór fram. Mikill viðbúnaður var vegna komu Clintons. Allt tiltækt lög-reglulið var að störfum, auk hjálparsevitarmanna og meðlima dönsku leynuþjónustunnar PET, sem komu sérstaklega til Fære-eyja vegna verkefnsins.

jk@frettabladid.is

Vill torfpök í New York

Á ferð sinni um Færeyjar var Clinton fljótur að koma auga á hvernig Færeyingar gætu lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. „Torfpökin á húsum ykkar er nokkuð sem aðrar þjóðir geta tekið sér til fyrirmyndar,“ sagði hann í erindi sínu og salurinn hló kurteislega. En Clinton var fyllsta alvara og var augljóslega heillaður af þessu forna einkenni færeyskrar húsagerðarlistar. Hann benti á að torfpök væru ofarlega á baugi víða um veröld og nefndi að borgarstjóri New York, Michael Bloomberg, hefði í athugun að tyrfa sem flest pök tæplega milljón bygginga borgarinnar. Með því móti, sagði Clinton, væri hægt að

spara verulega orku, ekki sist á heitum sumardögum þegar hefðbundnar þakklæðningar hitna langt umfram lofthita á sama tíma og torfið gleypir hita. Fyrir vikið sparast rafmagn sem annars færi í loftkælingu innanhúss. Benti Clinton Færeyingum líka á að horfa til Íslands í leit að fyrirmyndum um viðskipti við umheiminn. Sagði hann að þaðan kæmu athafnamenn sem létu mikið til sín taka um alla Evrópu, mun fleiri en mætti vænta frá svo fámennu landi.

HALDIÐ FRÁ H.N. JACOBSEN BÓKSALA Bill Clinton telur að torfpök, eins og er á verslun Jacobsens, geti gagnast í baráttunni við gróðurhúsaáhrifin.

MYND/SUNNVA E. LASSEN



Flísar í úrvali

Allt til flísalagna

NÝ SENDING
NÝJAR TEGUNDIR
MIKIÐ ÚRVAL



Gólf/veggflísar
40x40 cm þrír
litir kr. pr. m²:

990,-



Bílskúrs og þvotta-
húsflísar 30x30 cm,
kr. pr. m²:

990,-



Veggflísar 15x15
hvítt og ljósgrátt
kr. pr. m²:

795,-



Náttúrusteininn 30x60 cm, kr.- pr. m²:

2.190,-



Glermósaik, frá kr. pr. m²:

1.590,-



Fúgusement 5 kg

755,-



Flísalím 25 kg

1.395,-




Flexdicht rakamembra 8 kg

3.786,-



Flísa handsög með blaði, kr.

4.900,-



Flísaskerar frá kr.

2.900,-



Flísa sög kr.

19.995,-



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Öll verkfæri til flísa-
lagna á góðu verði



Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

ADRO™

Einstök
hljóðvinnsla

HEYR HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu



HEYRNARSTÖÐIN

3. hæð, Kringlunni • Tímabantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is

Við borgum þér vextina mánaðarlega

ef þú leggur inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

Mx12 er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.

Mx12 er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 14,05%.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á kaupthing.is



KAUPÞING

Hugsum lengra

Verður frambjóðandi stjórnarandstöðunnar:

Kasparov í framboð

RÚSSLAND, AP Garry Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, hefur verið valinn forsetaframbjóðandi stjórnarandstöðunnar í Rússlandi. Hann hlaut 379 af 498 atkvæðum í kjöri á fundi bandalags flokka stjórnarandstöðunnar sem kallast Annað Rússland. Hann var einnig valinn til að leiða framboðslista bandalagsins í þingkosningunum í desember, ásamt tveimur öðrum.

Þrátt fyrir útnefninguna er ekki öruggt að nafn Kasparovs verði á kjörseðlinum í forseta- kosningunum í mars þar sem framboðið þarfnast staðfestingar yfirvalda. Er talið líklegt að því

verði hafnað.

Kasparov heldur því fram að gífurlegar vinsældir Pútíns meðal almennings skýrist af því að stjórnvöld hafi fullkomna stjórn á kosningaferlinu og sjónvarpsútsendingum.

Pútín lýkur öðru kjörtímabili sínu í mars á næsta ári og samkvæmt rússneskum lögum má hann ekki bjóða sig fram á ný.

- sþs/sdg



GARRY KASPAROV

Kókaín sent frá Hondúras

Rökstuddur grunur leikur á að að minnsta kosti fjórar sendingar af fljótandi kókaíni hafi komið frá Hondúras hingað til lands. Síðasta sendingin náðist.

FÍKNIEFNAMÁL Fljótandi kókaín sem fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á í síðasta mánuði er talið vera hluti af enn stærra smyglmáli, sem teygir anga sína til Hondúras.

Kókaínið, um 1,8 lítrar í glerflösku, fannst upphaflega við leit lögreglunnar á Miami í Flórída. Það var í hraðsendingu sem merkt var manni hér á landi. Fíkniefnin voru send áfram hingað undir eftirliti lögreglu, sem lagði hald á þau þegar þau komu til landsins.

Maðurinn sem sendingin var stíluð á tók á móti henni undir eftirliti lögreglu. Maðurinn fór síðan til fundar við annan mann, meintan höfuðpaur í málinu, á veitingahúsi. Þeir fóru svo saman í íbúð móttakandans. Skömmu síðar kom höfuðpaurinn út með svarta íþróttatösku. Hann var handtekinn og fannst kókaínflaskan í töskunni. Voru báðir mennirnir úrskurðaðir í gæsluvarðhald, en móttakandanum sleppt skömmu síðar. Hinn, sem grunaður er um að hafa staðið fyrir smyglinu, losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær. Ekki þóttu forsendur til að fara fram á framlengingu þess, enda málið á lokastigi rannsóknar.

Höfuðpaurinn hefur játað við yfirheyrslur að hafa ætlað að taka við efnunum og breyta þeim í neysluhæft form. Hann er fæddur 1966 og hefur ekki komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota áður.

Við rannsókn þessa máls hefur komið í ljós að hinn grunaði höfuðpaur hefur lagt umtalsverðar fjár-



KÓKAÍN Maðurinn játaði að hafa ætlað að koma fljótandi kókaíniinu í neysluhæft form. Hann lagði á aðra milljón inn á reikning manns í Hondúras sem sendi kókaínið hingað. Myndin er sviðsett.

hæðir inn á greiðslukort Íslandings sem er búsettur í Hondurass og lögregla telur tengjast málinu. Kókaínflaskan var send frá bæ í Hondúras, sem hann býr í. Er talið að höfuðpaurinn hér sé í beinu sambandi við hann.

Við rannsókn málsins kom enn fremur í ljós að kókaínflaskan nú er fjórða sendingin frá manningum í Hondúras hingað til lands, til sama móttakanda. Leikur grunur á að meintur höfuðpaur hafi greitt honum fyrir að taka á móti sendingunum. Þá hafa komið tvær sendingar frá sama bænum í Hondúras, sem stílaðar hafa verið á móður höfuðpaurisins. Hann hefur gefið mjög ótrúverðugar skýringar á þeim sendingum við yfirheyrslur hjá lögreglu. Penningafærslur hans til mannsins í Hondúras samsvara fjölda sendinga hingað og er um að ræða nokkur hundruð þúsund króna í hvert sinn, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

jss@frettabladid.is

Ríkisstjórnin samþykkir tillögu samgönguráðherra:

Sæstrengur lagður til Danmerkur

SAMGÖNGUR

Sæstrengur verður lagður á milli Íslands og Danmerkur en ekki Íslands og Bretlands, eins og áður hafði verið áformað. Ríkisstjórnin hefur samþykkt áformin, að tillögu samgönguráðherra.

Fram kemur í tilkynningu frá samgönguráðuneytinu að nýi strengurinn, Danice, muni tryggja öryggi í gagnaflutningum til og frá landinu. Hann verður viðbót



KRISTJÁN MÖLLER
Samgönguráðherra

við Farice 1-sæstrenginn og munu strengirnir tveir verða reknir sem eitt kerfi.

Kostnaður við lagningu Danice nemur fimm milljörðum króna og er því mun dýrari en áður fyrirhugaður sæstrengur til Bretlands. Ákveðið var að verða við óskum rekstraraðila netþjónabúa, sem hafa lagt áherslu á að strengurinn yrði lagður til Danmerkur. Á næstu dögum verður greint frá samkomulagi um tengingu netþjónabús sem mun nægja til að mæta auknum kostnaði við þessa leið. Þá hafa Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hita- veita Suðurnesja lýst sig reiðubúin að koma að fjármögnun verkefnisins.

- þeb

Sturtuklefar og baðker í ...breiðum bunum! – hvað segirðu um bað?



Kr. 199.000
1300x1300x2150mm



Kr. 139.000
900x900x2150mm



Kr. 208.000
1520x850x2150mm

Ótrúleg verð



Kr. 179.000
1820x1320x775mm



Kr. 175.000
940x940x2150mm

Hátækni



Kr. 147.000
1360x1360x730mm

Bara að drífa sig!

Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566

Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi
www.sturta.is allan sólarhringinn!



Ekki súr, farðu úr

Komdu í bað

Hreinn og beinn ...í sturtu!

Nudd og nautn í baði ...sturta.is

Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is



HÆTTULEG TÍSKUSÝNING Loftfim-leikamaður sýnir nærfót á lóðrétttri sýningarbraut þar sem hann hangir framan á verslunarbyggingu í Berlín. Sjá má sjónvarpsturninn speglast í gluggum verslunarbyggingarinnar.

NORDICPHOTOS/AFP

Sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna hittir leiðtoga herforingjastjórnarinnar í dag:

Vonleysi meðal íbúa Búrma

BÚRMA, AP Aukins vonleysis gætir meðal íbúa Rangún, stærstu borgar Búrma, með að mótmælin undanfarið gegn herforingjastjórninni, þau stærstu frá árinu 1988, hafi misheppnast líkt og gerðist fyrir níttján árum.

„Menn eru reiðir en hræddir. Margir glíma við fátækt og erfiðleika og geta þess vegna ekki lengur tekið þátt í mótmælunum. Munkarnir eru veikir fyrir þar sem þeir hafa orðið fyrir árás-um,“ sagði þritugur leigubílstjóri í Rangún. „Fólk er frá sér af reiði en getur ekki gert neitt þar sem það mætir vopna- valdi,“ sagði 68 ára gamall kennari í Rangún. „Ég held að mótmælin séu á enda vegna þess að það er



VOPNAÐIR Hermenn í óeirðabúningi hafa staðið vörð í stærstu borgum Búrma síðustu daga.

NORDICPHOTOS/AFP

verið opnað fyrir er stopult.

engin von sem knýr þau áfram.“

Sérlegur sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna í Búrma, Ibrahim Gambari, sem hefur verið í Búrma frá því á laugardag, hefur enn ekki fengið að hitta leiðtoga herforingjastjórnarinnar, Than Shwe hershöfðingja, en ráðgert er að þeir hittist í dag. Herforingjastjórnin í Búrma hefur ítrekað hundsáð sendifulltrúa frá Sameinuðu þjóðunum áður.

Hermenn fjarlægðu vegetálma í Rangún í gær en héldu áfram ströngu eftirliti. Enn hefur ekki internetaðgang og símasamband

- sdg

Utanríkisráðuneyti Írans:

CIA lýst hryðju-verkasamtök

ÍRAN, AP Utanríkisráðuneyti Írans tók á sunnudag undir ályktun sem þing landsins samþykkti daginn áður þar sem Bandaríkja- her og leynipjónusta Bandaríkja- anna CIA eru lýst hryðjuverka- samtök.

Í ályktuninni voru bandarísku stofnanirnar tvær fordæmdar fyrir aðgerðir í Japan í seinni heimsstyrjöldinni auk nýlegri aðgerða á Balkanskaga, í Afganistan og Írak.

Talið er að ályktunin sé svar við samþykkt ályktunar á Bandaríkjaþingi um að Byltingar- her Írans skuli flokka sem hryðjuverkasamtök.

- sdg

Glímt við gróðurhúsaáhrif:

Koltvísýringi breytt í grjót

VÍSINDI Hægt verður að breyta koltvísýringi í grjót ef niðurstöð- ur umfangsmikils vísindaverk- efnis eru jákvæðar.

Verkefnið miðar að bindingu koltvísýrings sem steintegundar í iðrum jarðar, og hefur vakið athygli víða vegna hugsanlegra áhrifa þess á glímuna við gróðurhúsaáhrifin. Að verkefninu standa Orkuveita Reykjavíkur, Háskóli Íslands, Columbia-háskóli í Bandaríkjunum og rannsóknar- ráð Frakka.

- sps

Samningur um íþróttahús í sveitarfélaginu Ölfusi: Bæjarfulltrúar voru óupplýstir

STJÓRNSÝSLA Félagsmálaráðuneytið segir sveitarfélagið Ölfus ekki hafa unnið samkvæmt lögum þegar samið var við Fasteign hf. um uppbyggingu íþróttamann- virkja. Ráðuneytið segir sveitar- stjórnarmenn eiga að vera upp- lýsta um forsendur og afleiðingar stórra ákvarðana. Álit sem aflað hafi verið frá verkfræðistofunni VSÓ og endurskoðunarfyrirtæki- nu Deloitte hafi ekki uppfyllt lagaskilyrði. Meirihluti bæjar- stjórnar segir niðurstöðuna koma á óvart en bæjarfulltrúar Fram- sóknarflokks, sem kærðu samn-



ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON Sveitarstjóri Ölfuss.

ingsgerðina, segja með ólíkindum að meirihlutinn viðurkenni ekki mistök sín.

- gar



ÞINGMÁL KYNNT Vinstri græn settu fram þingmálista í sextán liðum sem þau ætla að setja á oddinn í upphafi þings.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Vinstri græn vilja róttækar breytingar á ýmsum málum:

Jafnvægi í efnahags- málum verði náð

STJÓRNMÁL Vinstri græn ætla að beita sér fyrir því í upphafi þings að Alþingi taki til umræðu mikil- vægi þess að endurheimta jafnvægi og stöðugleika í afnagagsmálum og þau brýnu úrlausnarefni á sviði hagstjórnar sem við blasa. „Þetta er brýnasta viðfangsefni í upphafi, þó að aðkallandi sé að fara yfir ýmis mál,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, er hann kynnti áherslur þingflokks Vinstri grænna fyrir setningu Alþingis í gær.

Vinstri græn ætla að beita sér fyrir því að skilyrði fyrir virkjunar- leyfi raforkuvers verði að orkuverð og aðrir samningsskilmálar sem leyfishafi gerir við kaupendur orkunnar séu opinber og öllum aðgengileg. „Leyndin yfir þessum samningum var tekin upp 1994 en hún var áður ekki fyrir hendi og tíðkast ekki í nágrannalöndum. Það er afar brýnt að leyndinni verði létt af verðinu svo mögulegt sé að ræða um stóriðjumálin á rökrænan hátt og leiða þá umræðu til lykta, hvort stóriðjustefnan er hagkvæm þegar öllu er á botninn hvolft.“

Vinstri græna vilja að „markaðs- væðing almannapjónustu“ verði

... og kanna með ítar- legum hætti hvort það sé gott fyrir þjóðina að halda áfram á braut einkavæðingar.

ÖGMUNDUR JÓNASSON ÞINGFLOKKSFORMAÐUR VG

rannsókuð og hvort reynslan af henni sé góð eða slæm. „Áður en lengra er haldið á þessari braut þarf að skoða þessi mál ofan í kjöl- inn og kanna með ítarlegum hætti hvort það sé gott fyrir þjóðina að halda áfram á braut einkavæðing- ar, til dæmis í heilbrigðiskerfinu,“ sagði Ögmundur Jónasson, þing- flokksformaður Vinstri grænna, er hann kynnti helstu stefnumál þing- flokksins.

Þá kynnti þingflokkurinn ítar- legan lista yfir þingmál sem hann hyggst tala fyrir á komandi þingi, meðal annars um brottfall vatna- laga, verndun Þjórsárvera, frum- varp um að kennslugögn framhalds- skólanema séu þeim að kostnaðarlausu og hjúskaparlög gildi jafnt fyrir öll pör, gagn- kynhneigð sem samkynhneigð. - mh



Orkuveita
Reykjavíkur

Kynningar- fundir

Orkuveita Reykjavíkur boðar til opinna kynningarfunda vegna mats á umhverfisáhrifum nýrra virkjana á Hengillssvæðinu, við Hverahlíð og í Bitru. Fundirnir verða í höfuðstöðvum Orku- veitunnar að Bæjarhálsi 1, miðvikudaginn 3. október kl. 17:00 og í móttökurými Hellisheiðarvirkjunar fimmtudaginn 4. október kl. 17:30.



ÍSLENSKA VITA LÍF. ÖGMUNDUR JÓNASSON

• Í allri starfsemi OR er gengið út frá umhverfismálum — Orkuvinnsla í sátt við umhverfið

www.or.is


Íslenski lífeyrissjóðurinn býður upp á trausta eignastýringu byggða á þekkingu og reynslu

Lífeyrissparnaður er einn verðmætasti sparnaðurinn þinn sem leggur grunninn að fjárhagslegu frelsi við starfslok. Hjá Íslenska lífeyrissjóðnum nýtur þú áralangrar reynslu og þekkingar starfsmanna sem skilar sér í góðri ávöxtun á lífeyrissparnaði þínum.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í 410 4040 og fáðu nánari upplýsingar um Íslenska lífeyrissjóðinn.



Nafnávöxtun á ársgrundvelli miðast við 31. júlí 2007.



GOTT FÓLK

TOSHIBA

MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI

Ekki missa af þessu!

RISA **TOSHIBA**
SJÓNVARP
MEÐ RISA
AFSLÆTTI!

47" WLG 66
Full HD 1920 x 1080
ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms
2 HDMI tengi

47"

299.000,-

Áður 498.900,-



42"

229.900,-

42" WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

42"

199.000,-

42" WL66
1366 x 768 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

37"

169.900,-

37" WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

DVD DR 265



19.900,-

DR-265 DVD Recorder
Skrifaðu þína disk!*



DVD SD - 38

18.900,-

Myndbandstæki - DVD
DivX/MP3/NTSC/PAL

HD DVD HD - E1



49.900,-

Háskerpu spilari - næsta kynslóð DVD



DVD SD - 370

12.900,-

HDMI tengi
með UPSCALING1080i
DivX/MP3




Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is



Svona erum við

> Heildarmagn úrgangs á Íslandi 1995-2005

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: APPELSÍNUGULA BYLTINGIN Í ÚKRAÍNU**Fyrrverandi bandamenn sameinaðir á ný**

Bandamenn, sem komust til valda í Úkraínu í desember árið 2004, fengu sameiginlega meirihluta atkvæða í þingkosningum á sunnudag. Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu, og Júlía Tymosjenkó mynduðu á ný bandalag flokka sinna í aðdraganda þessara kosninga til að fella þingmeirihluta flokks Viktors Janúkóvitsj eftir að hafa slitið samstarfi vegna deilna árið 2005.

Hvað var appelsínugula byltingin?

Í nóvember árið 2004 fóru fram forsetakosningar í Úkraínu þar sem Viktor Janúkóvitsj og Viktor Júsjenkó tókust á um embættið. Eftir kosningarnar braust út mikil reiði meðal almennings vegna fregna af umfangsmiklu kosningavindli þar sem úrslitum var hagrætt Janúkóvitsj í vil.

Mest var um óróa í höfuðborg Úkraínu,

Kiev, þar sem þúsundir mótmælenda þyrptust daglega út á göturnar. En mótmæli áttu sér stað víðar í Úkraínu þar sem stjórnarandstæðingar skipulögðu verkföll og hvöttu fólk til að sýna borgaralega óhlýðni.

Hverju áorkaði byltingin?

Eftir mikla mótmælaöldu var ákveðið að ógilda úrslit forsetakosninganna. Hæstiréttur Úkraínu úrskurðaði að boða skyldi til nýrra kosninga 26. desember árið 2004. Innlendir og erlendir eftirlitsaðilar lýstu þær kosningar „sanngjarnar og frjálsar“ og úrslit þeirra urðu þau að

Júsjenkó hlaut 52 prósent atkvæða og Janúkóvitsj 44 prósent.

Þegar Júsjenkó var svarinn í embætti 23. janúar árið 2005 var appelsínugula byltingin á enda.

Af hverju var hún kölluð**appelsínugula byltingin?**

Júsjenkó valdi appelsínugulan sem opinberan lit kosningabaráttu sinnar. Orðið festist síðar við ýmis stefnumál sem komu úr herbúðum Júsjenkós og festist á endanum við byltinguna sem varð í kjölfar kosningavindlsins.

Heimild: Wikipedia.org

**Prófmál sem eyðir lagaóvissunni**

Prófmál vegna svonefnds FIT-kostnaðar er í uppsiglingu. Ef dómstólar fallast á rök lögmans viðskiptavinar SPRON má búast við miklum málaferlum á hendur bönkum og sparisjóðum. Ekki lögbrot segja viðmælendur hjá bönkum og sparisjóðum.

Hundruð ef ekki þúsundir Íslendinga gætu átt rétt á bótum ef dómstólar telja röksemdir Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns góðar og gildar fyrir því að innheimta bankanna á svokölluðum FIT-kostnaði sé ólöglegt.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu var forsvarsmönnum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, gefinn tíu daga frestur 27. september síðastliðinn til þess að endurgreiða viðskiptavinum sparisjóðsins 33.442 krónur sem hann hefur þurft að greiða eftir að hafa eytt umfram heimild sína á debetkortareikningi. Afar ólíklegt er að forsvarsmenn sparisjóðsins greiði upphæðina til baka þar sem sparisjóðurinn sendi lögmanni viðskiptavinarins bréf 14. september síðastliðinn þar sem innheimtan er sögð lögleg og byggja á samningi milli viðskiptavinar og sparisjóðsins.



VIÐSKIPTAVINIR BÍÐA ÞJÓNUSTU Ef svo fer að innheimta á FIT-kostnaði banka og sparisjóða verður dæmd ólöglegt verður möguleiki fyrir viðskiptavinum að fá skaðann bættan nokkur ár aftur í tímann.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Löglegt eða ólöglegt?

Grundvallarrök íslenskra banka og sparisjóða fyrir innheimtu FIT-kostnaðarins er sú að innheimtan sé samningsbundin. Er þar sérstaklega vitnað til ákvæðis í samningi milli viðskiptavinar og fyrirtækisins, þar sem segir að viðskiptavinum megi vera ljóst að ef innistæða sé ekki næg fyrir úttektum geti það varðað refsibýrgð samkvæmt lögum, auk þess sem honum beri að greiða vanskilagjöld samkvæmt gjaldskrá. Þetta er kallað innheimta á FIT-kostnaði.

Oddgeir telur málið ekki svo einfalt. Hann telur umbjóðanda sinn, það er viðskiptavin SPRON, ekki hafa samið um að greiða það gjald sem tekið var af honum við hverja færslu yfir heimild. Teknar eru 750 krónur í hvert skipti sem eytt er um efni fram, ef það nemur ekki meira en 5.000 krónur umfram heimild. „Til þess að slíkt hefði getað talist hluti af samningi aðila hefði það þurft að koma fram berum orðum, eða skjal fylgja með sem hluti samnings“, segir í bréfi Oddgeirs til SPRON.

Byggja þessi rök á hefðbundnum túlkunarreglum samningaréttar sem kveða á um, samkvæmt mati Oddgeirs, að ákvæði í gjaldskrá sem hvorki var gerð að fylgiskjali samnings né kynnt við samningsgerð séu ekki skuldbindandi þar sem samningurinn byggja þá alfarið á forsendum þess sem samdi samninginn, það er SPRON í þessu tilviki.

Innan bankakerfisins er það viðhorf ríkjandi að innheimta bankanna á fyrrnefndum gjöldum sé í takt í lög. Viðmælendur Fréttablaðsins hjá Glitni, Landsbankanum og Kaupþingi voru allir sammála um að gjaldtakan væri ekki ólögleg heldur byggði hún á samningi sem viðskipta-

GJALDSKRÁRNAR SAMBÆRILEGAR

Þegar viðskiptavinir banka og sparisjóða eyða um efni fram á debetkortareikningi innheimta hinir síðarnefndu svokallaðan FIT-kostnað fyrir hverju færslu umfram heimild. Bankar og sparisjóðir eru nær allir með sömu gjaldskrá. Allir innheimta 750 krónur ef farið er 5.000 krónum eða minna fram

úr heimild, 1.410 þegar farið er á bilinu 5.000 til 10.000, allir nema einn 2.475 ef farið er á bilinu 10.000 til 50.000 fram úr og tveir innheimta 11.400 ef farið er meira en 200.000 krónur fram yfir en hinir með litlu minna. Bankarnir neita því alfarið að þeir hafi með sér samráð um gjaldskrána.

vinir hefðu val um hvort þeir samþykktu með undirskrift. Í samningnum kæmi skýrt fram að gjaldtakan byggði á gjaldskrá sem ákveðin væri af bönkunum. Að því leyti væri ekki einungis langstótt að tala um lögbrot í þessu samhengi, heldur „bara alls ekki rétt“, eins og einn viðmælenda komst að orði.

Ekki upplýst um kostnaðinn

Bankarnir neita að gefa upp hversu mikill kostnaður hlýst af því þegar viðskiptavinur bankanna fer yfir á heimildinni. Engin sérstök rök eru færð fyrir neituninni önnur en að það geti verið nokkur vinna að reikna út og taka saman upplýsingar sem myndu skýra hver kostnaðurinn væri.

Þetta varpar ljósi á það að gjaldtakan hangir ekki saman við raunkostnað af því þegar viðskiptavinur eyðir um efni fram. Gjaldið sem viðskiptavinir greiða er frekar eins konar refsing fyrir eyðslu sem ekki er í takt við það sem heimildir leyfa.

Bankar og sparisjóðir eru með nánast samhljóðandi gjaldskrá þegar kemur að FIT-kostnaði. „Getur hér bæði verið um að ræða misnotkun á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu sem er bönnuð samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga eða ólöglegt sam-

råd sem 10. gr. laganna bannar,“ segir meðal annars í bréfi Oddgeirs til SPRON.

Þessu neita forsvarsmenn banka. Gjaldskráin hafi þróast í þessu veru í gegnum árin og byggji ekki á samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, heldur miklu frekar viðmiðunum við samningagerð.

Sáttir við málsókn

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, fagnar því að viðskiptavinir fari með mál sín fyrir dómi telji þeir á sér brotið. „Dómskerfið er til þess“, segir Guðjón og bendir jafnframt á að óvissa um þessi mál sé óheppileg.

Starfshópur á vegum viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar, hefur lagaumhverfi FIT-kostnaðarins til umfjöllunar en vinnan miðast við að skýra og einfalda umhverfið, fjármálafyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra til hagsbóta.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

FRÁ ÞEIM SEM FÆRDU ÞÉR
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

“Fáranlega fyndin mynd... með fyndnari myndum í langan tíma !”
- Auðunn Blöndal, Tekinn Stöð 2

FRUMSÝND 28. SEPTEMBER

SENDU SMS JA SBF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐ!

9. HVER VINNAR

WINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

ALLT AÐ GERAST HJÁ NTV!

SKRÁÐU ÞIG STRAX! - ÞAÐ GÆTI VERIÐ OF SEINT SEINNA

Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir afburða færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið okkar hefur alltaf verið að styrkja einstaklinginn og þjálfar hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

Skrifstofu- og tölvunám

258 stundir - Verð: 233.000

Byrjar 15. október. Kennt virka daga kl. 8:30-12:30.

Frábært nám fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi eða eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Í náminu er lögð mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

- Windows stýrikerfið • Word ritvinnsla • Excel töflureiknir • Power Point kynningarefni
- Access gagnagrunnur • Bókhald • Tölvubókhald Navision MBS® • Streitustjórnun
- Internetið & Tölvupóstur • Verslunarreikningur • Tímastjórnun og markmiðasetning
- Atvinnuumsóknir • Sölutækni og þjónusta • Auglýsingatækni • Gerð birtingaráætlana
- Framsógn og framkoma • Markhópagreining • Mannleg samskipti • Gagnvirkar tengingar forrita • Flutningur lokaverkefnis

Skrifstofu- og rekstrarnám

462 stundir - Verð: 449.000

Byrjar 15. október. Kennt virka daga kl. 8:30-12:30.

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á 3 námskeiðum sem styðja hvert annað, Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

Skrifstofunám og hönnun

414 stundir - Verð: 389.000

Byrjar 15. október. Kennt virka daga kl. 8:30-12:30.

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsingastofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar. Námskeiðið samanstendur af Skrifstofu- og tölvunámi og Auglýsingatækni.

Kerfisstjórinn - fyrir alvöru nörda!

180 stundir - Verð: 233.000

Byrjar 15. október. Kennt mán. og mið. frá 18-22 og lau. frá 8:30-12:30

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem lifa og hrærast í tölvuheiminum og vilja starfa á þeim vettvangi. Námið er tvískipt og undirbýr nemendur undir 3 alþjóðleg próf: **A+ prófin frá Comptia og MCP.**

FYRRI HLUTI - TÖLVUVIÐGERÐIR

Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað af ýmsum toga. Mikið er um “Hands on” verkefni með raunverulegum æfingum. Kennslan fer fram í fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

SEINNI HLUTI - MCP – XP NETUMSJÓN

Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast viðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

Photoshop EXPERT - fyrir þá sem vilja meira!

72 stundir - Verð: 106.000

Byrjar 7. nóvember. Kennt mánudaga og miðvikudaga frá 18:00-22:00.

Þetta er eina alvöru námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem reynslu hafa í Photoshop. Kennt er á forritið með með það í huga að það nýtist fólki í starfi. Námið hentar þeim

sem vilja fá dýpri þekkingu og skilning á nær óendanlegum möguleikum þessa vinsæla verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegu gráðuna: - **Adobe Certified Expert.**

Bókhaldsnám

108 stundir - Verð: 105.000

Morgunnámskeið byrjar 2. nóvember.

Kvöldnámskeið byrjar 22. október

Markmið námskeiðsins er að þjálfar fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa sæmilega þekkingu á tölvum.

Navision viðbætur

16 stundir pr. námskeið

Verð: 29.000 pr. námskeið

SÖLU- OG VIÐSKIPTAMANNAKERFI

Kvöld og morgunnámskeið byrja 5. nóv.

LAUNABÓKHALD

Kvöld og morgunnámskeið byrja 19. nóv.

TÖLVUBÓKHALD - FRAMHALD

Kvöld og morgunnámskeið byrja 3. des.

BIRGÐIR OG TOLLSKÝRSLUGERÐ

Kvöld og morgunnámskeið byrja 7. jan.



Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.ntv.is

ntv

Ótakmörkuð GSM og heim

Heimasími Max Xtra 3.450 kr. á mánuði

Nú getur þú hringt ótakmarkað í alla GSM og heimasíma, úr heimasíma frá Hive.

Til að fá Heimasíma Max Xtra þarftu líka að vera með internetið hjá Hive (ADSL Max).

Þá ertu með ótakmarkað niðurhal og ótakmörkuð símtöl í alla GSM síma og alla heimasíma.

Þú færð einn fastan internet- og símareikning, samtals 9.840 kr. á mánuði.


Hringdu í 1817, fáðu þér Hive og lækkaðu símareikning heimilisins.

Hive | Síðumúla 32 | 108 Reykjavík | Þjónustusími 1817 | www.hive.is | Sölustaðir: Síðumúla 32 | Digital Task – Grensásvegi 11

símtöl í alla asíma



Hive



Árvekniátak gegn brjóstakrabbameini:

Bleikur október

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í októbermánuði er vakin athygli á brjóstakrabbameini hér á landi. Þetta er áttunda árið í röð sem októbermánuði er varið með þessum hætti og tengist átakið alþjóðlegu árvekniátaki um brjóstakrabbamein.

Snyrtivörufyrirtækið Estée Lauder átti frumkvæðið að þessu átaki, sem táknað er með bleikri slaufu. Hér á landi hefur októbermánuður verið nýttur til fræðslu um sjúkdóminn og ekki síður til að hvetja konur til að þekkjast boð Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins um röntgenmyndatöku, en slíkt boð fá allar konur á aldrinum 40 til 69 ára annað hvert ár. Í gærkvöld mátti sjá Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju lýstar bleikum lit til að minna á árvekniátakið um brjóstakrabbamein, en bleik lýsing húsa fyrstu daga októbermánaðar hefur verið fastur liður í átakiinu hér á landi síðan árið 2001.

Með því að kaupa og setja upp bleika slaufu getur hver og einn lagt sitt af mörkum til að auka batahorfur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein.

Á hverju ári greinast nálægt 175 konur með brjóstakrabbamein og hægt er að álykta út frá Krabbameinsskránni að tíunda hver íslensk kona geti búist við að fá brjóstakrabbamein. Fjöldi nýrra tilvika brjóstakrabbameins fer því miður vaxandi en á móti kemur að lífshorfur þeirra sem greinast hafa aukist verulega, svo verulega að meðan aðeins um helmingur kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein fyrir fjörutíu árum lifði í fimm ár eða lengur geta nú af hverjum tíu nú búist við að lifa svo lengi. Þetta er árangur sem rekja má bæði til markvissrar leitar á meininu og aukinnar þekkingar á sjúkdómnum vegna rannsóknna sem stundaðar eru á honum.

Markmiðið með ávekniátakinu er, samhliða fræðslu og hvatningu til að koma í röntgenmyndatöku, að afla fjár. Að þessu sinni verða seldar bleikar slaufur og afraksturinn notaður til að kaupa ómtæki fyrir Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Ómtækið á að nota til nánari greiningar eftir brjóstamyndatökum og við frumrannsókn á brjóstum ungra kvenna með einkenni.

Árlega stendur Avon Foundation fyrir göngu, víðs vegar um Bandaríkin, til styrktar rannsóknum og meðferð á brjóstakrabbameini. Þúsundir kvenna hvaðanæva að taka þátt í þessari göngu. Hver kona sem skráir sig til þátttöku skuldbindur sig þar með til að leggja með sér sem svarar liðlega 110 þúsund íslenskum krónum sem renna beint til málefnsins. Gengið er hálft annað maraþon, eða 63 kílómetrar.

Nokkur hópur íslenskra kvenna mun taka þátt í göngunni í New York um næstu helgi, þar á meðal liðlega tuttugu konur sem kalla sig Göngum saman. Þær ákváðu að gera enn betur en að leggja nálægt 2,5 milljónir króna til rannsókna á brjóstakrabbameini á alþjóðlega vísu því þær einsettu sér að skilja jafnháa upphæð eftir hér heima sem varið yrði til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini á Íslandi. Þetta er gott dæmi um öflugt grasrótarstarf sem skilar miklum og áþreifanlegum árangri.

Allir geta lagt árvekniátakinu lið. Með því að kaupa og setja upp bleika slaufu getur hver og einn lagt sitt af mörkum til að auka batahorfur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ • Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson og Kristján Hjálmarsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hvað er í fjárlaga-frumvarpinu?



Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um fjárlagafrumvarpið, miðvikudaginn 3. október, kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1. Húsið verður opnað kl. 20:00.

Gestur fundarins er Gunnar Svavarsson formaður fjárlaganefndar.

Fundarstjóri: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir varaformaður SFFR.

Kaffi og meðlæti – Allir velkomnir



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gyllt og túberað

Ekki hefur þeim forstöðukonum Alþjóðlegu kvikmyndahátíðar í Reykjavík gengið neitt nema gott eitt til þegar þær ákváðu að hafa mynd af fáklæddri unglingsstúlku með túberað hár og stút á munn á forsiðu kynningar- og dagskrár-bæklingis hátíðarinnar. Smekkleysið verður að skrifast á



ljósmyndarann Silju Magg, en engu er líkara en að hátíðin kynni annars konar listrænar kvikmyndir en þær sem í

boði eru – bera stelpugreyið sé eins konar yfirvarp. Nú er bara að biðja eftir að sjálfstæðiskvinnafélagið Hvöt og Feministafélagið láti í sér heyra.

Lýs af lundanum

Nema hér sé á ferðinni dýpri líking: frægt er hversu lundar eru lúsugir og hverju heldur stúlkan á nema gylltum lunda? Á nöglum hennar er fiður rétt eins og hún sé nýsloppin frá því leiðindaverki að reyta lundann. Líklega hefur hún mátt bregða fötum til að þrifa af sér lýsnar eftir langa reytingu og er á leið í bað?

Brún sósa

Stúlkan er væntanlega fulltrúi áhorfenda, nakin og saklaus, en vill tæla okkur til að snæða lundann með sér sem er þá ekki gylltur heldur í brúnni

sósu. Hvað eru þá lýsnar í þessu dæmi? Væntanlega allar myndirnar sem við verðum að tína af okkur til að komast í aðalmáltilöðina.

Að öllu gamni slepptu þá er notkun ungra kvenlíkama í þessu samhengi harla ósmekklegr og ekki við hæfi hjá hátíð sem er bæði stýrt og styrkt af náttúrulegum ljóskum.

pbb@frettabladid.is



Grátið á Grænuborg

Það var í ágústlok sem ég sótti börnin mín tvö á Grænuborg. Þau voru sólbökuð og sæl inni í stórasal að leika sér, veðrið hafði leikið við Reykvíkinga þennan dag sem og aðra daga í sumar og stutt í brosið hjá börnum og starfsfólki. Ég settist niður hjá starfsfólkinu og fylgdist með krökkunum leika sér, tímdi varla að fara með þau heim – svo vel leið þeim í leikskólanum. Eitt foreldri af öðru kom að sækja sitt barn og ég fór að tygja mín börn til heimferðar.

En skyndilega barst snökt mér til eyrna, ég leit í kringum mig en sá ekkert barn gráta. Snöktið færðist nær og þá kom í ljós að ein mamman var skælandi. Dóttir hennar hljóp í fangið á henni, sex ára myndarleg stelpa sem var að hefja skólagönguna í Austurbæjarskóla. Þetta var síðasti dagurinn hennar á Grænuborg. Mamman hafði farið um allar deildir leikskólans að kveðja starfsfólkið og nú var komið að því að klæða dótturina í síðasta sinn, kveðja öryggi leikskólans í hinsta sinn.

Hvað er ég að misskilja?

Dóttirin var spennt að byrja í skóla og mig grunar að hún hafi verið dálítið vandræðaleg yfir tilfinningaseminni í mömmu sinni, sem var algjörlega óhuggandi. Hún faðmaði starfsfólkið að sér og þakkaði fyrir allar góðu stundirnar, öryggið, alúðina og væntumþykjuna. Hún lýsti því með ekkasogum hversu vel dóttur hennar hefði liðið á Grænuborg, hversu stórkostlegt starfið væri, hversu dásamlegt starfsfólkið væri. Ekki leið á löngu þar til tárin trítuðu niður flestar fullorðnar kinnar í salnum og ég var farin að kvíða hressilega fyrir því að kveðja leikskólann



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Í DAG Hugleiðing um verðmæti

þegar sá elsti hæfi grunnskólagöngu.

„Þú verður bara að skella í annað barn, manneskja,“ sagði einn leikskólakennarinn við hina grátandi og þakklátu móður. Hún tók ekki illa í það, sagðist raunar vera að falla á tíma en hvað gerir kona ekki fyrir fleiri góðar stundir á Grænuborg?

Á leiðinni heim var ég hugsí. Hversu margar starfsstéttir ætli búi við það að „viðskiptavinirnir“ kveðji þær með táraflóði? Djúpu þakklæti og trega? Af hverju flykkist fólk ekki til starfa á leikskólum, af hverju er ekki slegist um hvert gefandi og skapandi starf sem losnar? Af hverju eiga leikskólarnir í basli með að halda starfinu gangandi vegna manneklu? Hvað er ég að misskilja hér?

Allt er hægt að mæla ...

Í flestóllum starfsstéttum eru mælanleg markmið, árangur, prósentur, einkunnir, krónutölur, viðmið og ávöxtun. Ýmsar breytur til að meta og mæla verðmæti.

En hvernig mælum við gleði, vellíðan og hamingju? Hvernig mælum við árangur leikskólastarfs? Við mælum hann meðal annars í ánægju foreldra, gleðitárum þeirra þegar leiðir skilja. Við mælum hann í hláttra-

skóllum barnanna, tilhlökkun, litlum og stórum listaverkum sem verða til í listasmiðjum, leikjum, söngvum og sögum sem þau læra innan veggja leikskólans. Við mælum hann í tengslum, vináttuböndum og væntumþykju milli barna og starfsfólks.

Gefum okkur tíma, látum í okkur heyra

Stundum heyrir ég að foreldrar séu svo mikið að flýta sér að þeir gefi sér varla tíma til að kasta kveðju á starfsfólkið og ég er varla saklaus af því frekar en aðrir. Ég legg til að allir foreldrar leikskólabarna setji sér það markmið að hrósa starfsfólkinu minnst einu sinni í viku. Segjum þeim að þau séu frábær, að börnunum okkar líði vel, að starfið sé skapandi og skemmtilegt. Látum þau finna að starf þeirra sé verðmætt. Ég efast ekki um að við foreldrar erum gríðarlega sterkur þrýstihópur til að knýja á um að þessi mikilvægu störf verði metin að verðleikum. Látum í okkur heyra, breytum viðhorfum, sýnum þakklæti okkar í verki.

Verðmætin í starfsfólki leikskólanna eru ómælanleg – en ómetanleg. Tvennt er þó hægt að mæla, tvennt sem er miður gott og lýsir alls ekki viðurkenningu samfélagsins á mikilvægi velferðar barna. Þetta tvennt er skortur á starfsfólki og lág laun. Verðmætamat samfélagsins verður að breytast, það er skömm að því að bjóða fólki hærri laun fyrir að gæta fjár í banka – heldur en barna í leikskóla.

Éða þekkið þið einhvern sem kveður gjaldkerann sinn með ekkasogum?

Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Handstýrð hágengisstefna

UMRÆÐAN

Gengismál

Í leiðara Björgvins Guðmundssonar á laugardaginn gætir mikils misskilnings í umfjöllun um gagnrýni mína á handstýrða hágengisstefnu Seðlabankans og þörf fyrir frekari fjármuni til hafrannsóknna.

Árið 2001 var horfið frá svokallaðri fastgengisstefnu. Tekin voru upp verðbólguþakmið, ætlunin var að „láta gengið fljóta“ og oft er talað um að gengi krónunnar ráðist á markaði. Þetta ekki raunin því að genginu hefur lengi verið handstýrt með háum vöxtum Seðlabankans. Þetta hef ég gagnrýnt harðlega og kallað handstýrða hágengisstefnu. Forystumenn í iðnaði og ferðaþjónustu hafa einnig gagnrýnt þetta ráðslag. En gagnrýnin er ekki bundin við þessar atvinnugreinar sem oft eru nefndar útflutnings- og samkeppnisgreinar. Öll aðildarsamtök SA, þ. á m. þau sem standa fyrir verslun og þjónustu, eru sammála um að þessi stefna gangi ekki upp.

Það grefur undan stoðum efnahagslífsins ef vextir og gengi krónunnar eru um langan tíma þannig að útflutnings- og samkeppnisgreinarnar fá ekki blómstrað. Þá er stutt í að aðrar greinar



FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON

fari sömu leið. Sérstaklega á þetta þó auðvitað við um allan almenning enda fara hagsmunir almennings, sjávarútvegsins og annarra atvinnugreina saman. Í þessu efni sem öðrum gildir sú einfalda staðreynd að við verðum að afla meira en við eyðum og núverandi gengi krónunnar er ekki sjálfbært. Ég hef engan hagfræðing hitt sem ekki telur að gengi krónunnar sé of hátt. Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn telur að gengi krónunnar sé 15-25% of hátt skráð. Ég sé því ekki betur en að við Björgvin getum verið sammála um að óeðlileg inngríp í gengisþróunina séu ekki af hinu góða, því

að það hlýtur að gilda í báðar áttir.

Það stendur ekki á sjávarútveginum að koma frekar að hafrannsóknum, eftirliti með og ákvörðun um nýtingu fiskistofna. Í því sambandi þarf hinsvegar einnig að huga að skattheimtu á atvinnugreinina, jafnraði við aðrar atvinnugreinar og samkeppnisaðila í útlöndum. Hafrannsóknir við Ísland hafa um allt of langan tíma verið í fjársveldi. Meðan rannsóknirnar eru á forræði ríkisins gerum við þá eðlilegu kröfu að nauðsynlegum fjármunum sé varið til þeirra.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.



ÁHERSLA Á ÁRANGUR
Anna Borg hefur opnað líkamsræktarstöð í Kórnum, nýju íþrótt- og tónleikahöllinni í Kópavogi.

HEILSA 2



BLEIKA SLAUFAN
Batahorfur kvenna með brjóstakrabbamein á Íslandi eru betri en í öðrum löndum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í pistli dagsins í greinaröð um brjóstakrabbamein.

HEILSA 3

allt

Húsgagna Lagersala

Nú er stórkostlegt tækifæri til að gera góð kaup á húsgögnum til heimilisins.

Daglega nýjar vörur.



Erum í Dugguvogi 2
s: 557-9510



Hólmfríður Vala Svavarsdóttir er meðlimur og ritari í Skíðagöngufélaginu, sem stendur fyrir hjólaskíðadegi í Nauthólsvík á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Heilsársíþróttagrein

Skíðagöngufélagið stendur fyrir hjólaskíðakvöldi í Nauthólsvík klukkan 18-19 á morgun þar sem meðlimir ætla að leiðbeina áhugasömum um réttu tökin á skíðunum.

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir er meðlimur í Skíðagöngufélaginu, sem var stofnað á vordögum, en nú þegar eru milli fimmtíu og sextíu meðlimir í félaginu. „Skíðagöngufélagið er hugsað til að halda utan um félagsskap gönguskiðafólks á Suðurlandinu því það hefur ekki verið til neitt gönguskiðafélag,“ segir Hólmfríður Vala og bætir því við að þetta sé hagsmunafélag sem muni halda utan um félagsskapinn og hvetja til betra aðgengis í Bláfjöllum, troða brautir og fleira.

„Það má segja að skíðagangan sé heilsársíþrótt. Þegar snjóá leysir drögum við fram hjólaskíðin því þau líkjast mest skíðunum og eru besta æfingin fyrir veturinn,“ segir Hólmfríður Vala. „Svo þegar snjórinn kemur aftur tökum við gönguskiðin fram að nýju,“ bætir hún við.

Skíðagöngufélagið hélt sitt fyrsta mót á dögnum en það var hjólaskíðamót þar sem gengnir voru tíu kílómetrar og var þátttakan fín. Stefnt er að því að halda slíkt mót á hverju hausti hér eftir.

Hólmfríður tekur það fram að félagið sé eingöngu skipað áhugafólki um skíðagöngu. „Félagið á engan afreksmann heldur er í því dálítið af gömlu keppnisfólki, fólk úr björgunarsveitum, fólk sem hefur verið á fjallaskíðum og svo fólk sem hefur aldrei verið í þessu en er áhugasamt um íþróttina. Enda er það mjög heilsusamlegt að fara út að labba,“ segir hún og hvetur þá sem eru áhugasamir um gönguskiða-íþróttina til að mæta í Nauthólsvíkina á morgun milli klukkan sex og sjö til þess að prófa hjólaskíðin. „Við sem erum í þessu ætlum að mæta með skíðin okkar til að lána þeim sem vilja og munum veita þeim ráðgjöf.“

Að lokum segir Hólmfríður að nóg verði um að vera hjá Skíðagöngufélaginu í vetur því tvær langar göngur séu fyrirhugaðar innanlands og einnig stefni margir á að fara í hina árlegu Vasagöngu í Svíþjóð.

sigrídurh@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

OKTÓBER

Kafrbátur mánaðarins

BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur

kr. 299

Gildir í okt. 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

SUBWAY



YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

**Calcium EAP**
Kalk sem nýtist
Póstsendum
um land allt

S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a.: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

**Upledger**
INSTITUTE
ISLAND
Upledger Stofnunin á Íslandi heldur byrjendanámskeið
í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI,
4.-7.október næstkomandi í Reykjavík.
Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótél Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

**BIONAL**
AppleSlim® Xtra
AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri
meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða,
dregur úr vökvæðun og sykurlöngun.
Náttúruleg innihaldsefni:
Eplaediskraftur, vítamín og steinefni
ásamt öflugum sindurvörum.

Kung Fu
fyrir alla
Kennari:
Meistari Zhang
einkatímar og hópatímar
Tau lo
Tai ji
Skráning
er hafin

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍK
Skeifunni 3j • Sími 553 8282
www.heilsudrekinns.is

Áhersla á afrek og heilsu

Fjölbreytt starfsemi fer fram í Kórnum, nýju íþrótt- og tónleikahöllinni í Kópavogi. Þar á meðal er líkamsræktarstöð með nýstárlegar áherslur.

„Hér verður einblínt á heilsueflingu í stað þeirrar ofuráherslu á útlit sem mér finnst allt of algeng í líkamsræktargeiranum í dag,“ segir Anna Borg, rekstrarstjóri H10 sport og spa, nýrrar heilsuræktarstöðvar sem tekin hefur verið í gagnið í Kórnum, íþrótt- og tónleikahöllinni við Vallakór í Kópavogi.

„Samtímis því verður meira lagt upp úr árangri en almennt þekktist hérlandis. Ég vil leggja áherslu á afrekssstefnu. Þjóaða upp á þjálfun fyrir íþróttafólk svo það geti bætt árangur sinn í íþróttum. Hér verða sem sagt æfingaáætlanir sem eru sérsníðnar fyrir íþróttafólk.“

Stöðin er sem stendur rekin inni í sjálfri íþróttahöllinni en verður flutt yfir í nýtt húsnæði, sem er nú í byggingu á lóðinni og verður opnað árið 2009, nái áætlanir fram að ganga.

„Við erum bara farin af stað



Anna Borg í nýju heilsuræktarstöðinni í Kórnum, þar sem til stendur að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

með hluta starfseminnar, það er að segja tækjahlutann,“ útskýrir Anna. „Til viðbótar verða hérna eróbikksalir, spaþjónusta, snyrtistofur, barnagæsla og aðstaða fyrir sjúkrahjálfa.“

Starfsemin er í raun tvískipt. Hún er annars vegar rekin í samstarfi við aðila sem standa á bak

við íþróttastarfsemina. Hins vegar þá sem standa á bak við heilsutengdu starfsemina og fræðasetrið, sem mun ekki hefjast fyrr en árið 2009.“

Að sögn Önnu mun heilsutengda starfsemin samanstanda af heilsugæslu, læknaðstofum, skurðstofum, aðstöðu fyrir sálfræðinga og næringarfræðinga, fyrrnefndri sjúkrahjálfun og fleiru. Einnig verður sjúkra- og heilsuhótel fyrir þá sem nýta sér þjónustuna. Búið er að stofna rekstrarfélag í kringum þessa sjálfstætt starfandi aðila og kallast það Heilsu-borg. Mikið er lagt upp úr samstarfi þeirra.

Anna segir að lengi hafi vantað starfsemi af þessu tagi og það hafi verið ein ástæða þess að hún var óhrædd við að fara út í reksturinn, jafnvel þótt líkamsræktarstöðvar virðist spretta upp eins og gorkúlur um þessar mundir.

„Mér fannst bara vanta stöð sem er með aðrar áherslur en tíðkast og mun leggja mikið upp úr fagmennsku og samvinnu við aðra fagaðila,“ segir Anna. „Ég er rosa-lega spennt og ég hlakka til að takast á við þetta verkefni.“

roald@frettabladid.is



H10 sport og spa er rekin inni í Kórnum, íþrótt- og tónleikahöllinni sem var nýverið tekin í notkun.

Yngri systkini minni

Nýleg rannsókn bendir til þess að hægt geti á vexti að eiga eldra systkini og þá sérstaklega eldri bróður.

Í rannsókn Davids Lawson, doktors við University College í London, var fylgst með börnum sem fæddust á tíunda áratug síðustu aldar. Þessi börn voru einnig þátttakendur í langtímarannsókn á börnum og foreldrum. Sú rannsókn er ein sú umfangsmesta sem gerð hefur verið á heilsufari almennings í Bretlandi. Á hverju ári var hæð barnanna mæld og önnur þroskaatriði skoðuð.

Í ljós kom að eldri systkini voru oft hærri en þau yngri og einnig virtist fjöldi fjölskyldumeðlima geta haft áhrif. Börn í stærri fjölskyldum voru líklegri til að vera undir meðalhæð og áhrifin voru oft meiri ef eldra systkinið var bróðir. Svo virtist sem það hefði minni áhrif að eiga eldri systur.

Ekki er vitað nákvæmlega hvað veldur en getgátur hafa verið um að erfiðara sé að ala upp drengi og að þeir gangi meira á þau úrræði sem foreldrar hafa. Einnig getur verið að foreldrar eigi erfiðara með að sjá börnum sínum fyrir hollu mataræði þegar fjölskyldan er mjög stór og það bitnar helst á yngstu börnunum.

Dr. Lawson bendir á að það sé þekkt að börnum úr stórum fjölskyldum gangi verr í námi en þetta sé í fyrsta sinn sem niðurstöður bendi til þess að hið sama



Leikarinn Ben Affleck er töluvert hærri en yngri bróðir hans Casey.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

gildi um hæð. Hæð er oft ágætis vísbending um heilsufar barna. Sérfræðingar benda einnig á að ástand móðurlífsins geti verið áhrifabáttur. Þegar konur hafa átt nokkur börn er líklegt að þær fitni og blóðsykurhlutfall fari úr skorðum. Þetta gæti haft áhrif á vöxt fósturs í móðurkviði.

Engin leið er enn sem komið er að fullyrða um orsakir. Dr. Lawson leggur þó áherslu á að rannsókn hans meti ekki hvort börn séu hamingjusamari eður ei ef þau eru í stórrí fjölskyldu.

- hs

**Naturtint**
Permanent Hair Colorant
with Active Vegetable Ingredients
100% Grey cover
NEW NUTRIENT Multiplier
MORE CONDITIONING LASTING COLOR
100% náttúrulegt

- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.

Fæst í heilsubúðum,
apótekum,
og heilsuhornum
verslana



DREIFING: BLÓM Í EGGI: SÍMI: 552 6500



Bleika slaufan

OKTÓBER ER TILEINKAÐUR ÁRVEKNI UM BRJÓSTAKRABBAMEIN



Sjúkdómshorfur betri á Íslandi en öðrum löndum

Um það bil 10 prósent kvenna geta að öllu óbreyttu búið við að fá brjóstakrabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Lífshorfur eftir greiningu brjóstakrabbameins eru betri en almennt er álitíð. Sem dæmi eru lífshorfur betri hjá einstaklingum sem greinast með brjóstakrabbamein en gerist við flest önnur krabbamein. Þær eru einnig betri en gerist við fjölmarga aðra sjúkdóma eins og lungnabembu, hjartakveisu eða kransæðastíflu. Tíðni eða nýgengi sjúkdómsins hefur vaxið á síðustu 50 árum. Árlega greinast um 180 konur með sjúkdóminn, sem jafnframt er algengasta krabbameinið þeirra á meðal eða tæplega 30 prósent allra krabbameina. Sjúkdómurinn er ekki óþekktur meðal karla en aðeins örfáir karlar greinast með hann ár hvert.

Fleiri konur læknað af sjúkdómnum en áður eða um 85 prósent, sem er mun hærra hlutfall en var fyrir 50 árum, þegar um 50 prósent læknuðust. Samkvæmt nýjum rannsóknum eru horfur kvenna með brjóstakrabbamein á Íslandi betri en í öðrum löndum. Í dag má gera ráð fyrir að ríflega 90 prósentu líkur séu á því að kona sem greinist með brjóstakrabbamein sé á lífi fimm árum frá greiningu. Þetta endurspeglast í því að yfir tvö þúsund konur eru núna á lífi á Íslandi, sem hafa einhvern tíma greinst með brjóstakrabbamein. Langflestar eru læknaðar.

Ástæður jákvæðrar þróunar á lífshorfum eru framfarir í meðferð sjúkdómsins og því að sjúkdómurinn er greindur snemma. Fyrirbyggjandi meðferð er gefin í vaxandi mæli í tengslum við greiningu og meðferð er markvissari. Með því að greina sjúkdóminn snemma eru horfur betri. Mikilvægur þáttur þar er skimun eða regluleg leit að brjóstakrabbameini með röntgen brjóstamyndatöku hjá konum,

sem eru eldri en 40 ára. Nútíma-konur eru almennt meðvitaðri um eigin heilsu en áður og greina þar með sjálfar fyrir en áður hnúta eða breytingar á brjóstum.

Helstu áhættuþættir brjóstakrabbameins
Fáir krabbameinssjúkdómar eru jafn vel rannsakaðir og brjóstakrabbamein, en samt er margt óljóst um orsakir þess eða af hverju tíðni sjúkdómsins fer vaxandi. Vitað er að kynhormónatengdir þættir skipta verulegu máli, sem endurspeglast í helstu áhættuþáttum sjúkdómsins, þar sem konur eru í hundrað sinnum meiri áhættu en karlar.

Hluti skýringar á fjölgun tilfella er að væntanlegur lífaldur íslenskra kvenna hefur vaxið á einni öld um 30 ár, úr rúmlega 50 árum í yfir 80 ár. Allt að 80 prósent brjóstakrabbameina greinast hjá konum sem eru yfir fimmtugt, meðalaldur við greiningu er um 60 ár og áhættan vex með aldri. Nokkur áhættugen (BRCA 1 og 2) eru þekkt, sem auka áhættuna verulega, en þau skýra samt ekki nema lítinn hluta sjúkdómstílfella eða 10 prósent. Kona sem á móður eða systur, sem hefur fengið sjúkdóminn, er í tvöfalt meiri áhættu en aðrar konur en um 20 prósent kvenna sem fá brjóstakrabbamein hafa ættarsögu um sjúkdóminn.

Verulegur munur er á tíðni brjóstakrabbameins milli þjóða og kynstofna. Tíðnin er hæst í hinum vestræna heimi (Evrópa og N-Ameríka) en lægst í þriðja heiminum, til dæmis í Asíu.

Athyglisvert er að ef íbúar í löndum þar sem tíðni sjúkdómsins er lág, flytja til Vesturlanda, verður tíðni sjúkdómsins hjá afkomendum þeirra nánast sú sama og hjá öðrum Vesturlandabúum.

Á síðari árum hefur áhættan vaxið í Asíu sérstaklega í þeim löndum þar sem lífskjör hafa breyst. Þetta leiðir líkur að því að

sjúkdómurinn tengist lífsstíl og lífsháttum. Vissulega hafa erfðir og umhverfisþættir þýðingu, eða öllu frekar samspil allra þessa þátta í mismiklum mæli.

Eitt af því sem fylgir vestrænum lífsháttum eru kynhormónatengdar breytingar. Konur hafa fyrstu tíðir fyrir en áður og einnig verður algengara að tíðahvörfum seinki, en hvor tveggja eru áhættuþættir sjúkdómsins. Það skiptir einnig máli varðandi áhættuna hvenær konur eiga sitt fyrsta barn. Þær sem eiga fyrsta barn eftir þrítugt eru í þrefalt meiri áhættu, en konur sem eiga fyrsta barn fyrir tvítugt. Rannsóknir á notkun kynhormónalyfja eins og getnaðarvarna- og hormónalyfja hafa sýnt að langtímanotkun á slíkum lyfjum eykur áhættu á að fá brjóstakrabbamein um þriðjung.

Vitað er að geislavirkni eykur áhættu. Þetta kom skýrt fram eftir kjarnorkusprengingarnar á Hiroshima og Nagasaki. Ungar konur, einkum táníngar á kynþroskaaldri reyndust fá brjóstakrabbamein í verulega auknum mæli, en ekki stelpur fyrir kynþroska eða konur eldri en 30 ára. Brjóstvefurinn virðist þannig vera móttækilegri fyrir krabbameinsvaldandi þáttum á vissu aldursskeiði.

Um tíma var álitíð að neysla á dýrafitu hefði í för með sér aukna áhættu á brjóstakrabbameini, en nýlega hafa ábyggilegar rannsóknir sýnt að ef svo er þá er sú áhætta óveruleg. Ekki hefur heldur verið hægt að sýna fram á að neysla mjólkur eða mjólkurafurða sé áhættuþáttur. Hins vegar hefur komið í ljós að offita, einkum eftir 50 ára aldur, tóbaksreykingar á unglingsaldri og óhófleg áfengisneysla eru áhættuþættir.

Dr. med. Helgi Sigurðsson, prófessor/yfir-læknir við Landspítala og forstöðumaður fræðasviðs krabbameinslækninga við læknaeild Háskóla Íslands.

Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is



SLENDERTONE

System belti fyrir kviðvöðva

dömu / herra

kr. 19.980,-

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17



maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

6. okt. Hláturfundur Hláturkætlúbsins

10. okt. Hráfæði - framhalds með Sollu

11. okt. Heilsukostur matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

16. okt. Offita barna, leysum málið
Tryggvi Helgason barnalæknir

18. okt. Heilsukostur Kökur og eftirrættir
Auður Konráðsdóttir meistarakokkur

23. okt. Jurtanotkun og börn
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir

Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is



FOSFOSER
MEMORY

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Birkiaska

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is



BETUSAN

Heilsukostur
matreiðslunámskeið

11. október kl. 18–21 Matreiðslunámskeið
18. október kl. 18–21 Kökur og eftirrættir
25. október kl. 18–21 Matreiðslunámskeið
hjá Maður lifandi í Borgartúni 24.

Langar þig að breyta um lífsstíl?

Meistarakokkar
Maður lifandi
sjá um námskeiðið



Helga Mogensen
Patricia Brizuela
Auður Konráðsdóttir

Kynntu þér samspil heilsu og mataræðis.

Leiðbeint verður um grunn að góðu mataræði og heilsufæði. Lögð verður áhersla á að kenna fólki hvernig unnt er að matreiða hollan og góðan mat án mikillar fyrirhafnar.

Allir sem sækja námskeiðið fá afslátt í verslunum Maður lifandi.



maður lifandi

Nánari upplýsingar og skráning
helgamog@madurlifandi.is
Verð 4.500 kr.

Maður lifandi, Borgartúni 24, sími 58 58 700, www.madurlifandi.is

GLÆSILEGASTA GOLFFERÐ ÁRSINS

EGILS PREMIUM OG BYLGJAN OPEN Í LONDON 11. - 15. OKTÓBER

Við lengjum golf tímabilið og efnum til mikillar veislu í London dagana 11. -15. október því golfmótið Egils Premium og Bylgjan open verður haldið á Hanbury Manor golfvællinum 12. október. Í ferðinni gefst einnig einstakt tækifæri á að fylgjast með fremstu golfurum heims keppa um ein stærstu peningaverðlaun sem í boði eru, á HSBC World Match Play sem haldið er á Wentworth vellinum dagana 11. -14. október.

Í samstarfi við...



BYLGJAN


989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI



BMW 318i 04/2005 ssk. ek. aðeins 20.000 ssk. sóllúga ofl. Einn eigandi. Verð 2.970.000.



BMW 523IA 03/1999 ssk. ek. aðeins 117.000 ssk. sóllúga leður tölvustýrð miðstöð ofl. verð 1.690.000 áhvilandi 900,000. Ath. skipti á dýrari jeppa.



VW Golf Comfortline 02/2005 bsk. ek. 52.000 verð 1.570.000 áhvilandi 1.430.000.



Renault Megane II sport tourer 12/2005 bsk. verð 1.790.000 áhvilandi 1.590.000.



Volvo XC90 2,5 06/2005 ek. 55.000 ssk. leður ofl. verð 5.190.000 Tilboð 4.680.000.



Nissan Patrol TDI Elegance 04/2006 ek. 23.000 ssk leður ofl. verð 4.750.000.



Mazda 6 TS 02/2003 ssk. ek. 81.000 ssk. leður sóllúga ofl. gott eintak verð 1.550.000.

Bílasalan Bílás
Þjóðbraut 1, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas



HYUNDAI SONATA Nýskr: 02/2002, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 69.000 þ.Verð: 1.080.000

BílaLand, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



Híppar

Á afmælistilboði 298 þús. með götu-skráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörð, rollbar, töskum, ABS bremsur, 2 litir, svart og vínrætt.



Ítalskar vespur

50cc með fjarstarti og þjófavörð, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan..

Mótor og sport ehf
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040
Varahlutir og viðgerðapjónusta s. 567 1040.



Nýr Daihatsu Sirion 2. Þjóðum þér að koma á frumsýningu hjá X4 ehf. og reynsluaka Sirion 2.



Nýr Daihatsu Trevis. Þjóðum þér að koma á frumsýningu hjá X4 ehf. og reynsluaka Trevis.



Nýr Daihatsu Terios 4x4 jepplingur. Þjóðum þér að koma á frumsýningu hjá X4 ehf. og reynsluaka Terios.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opíð laugard 12-16
www.x4.is

Bílar til sölu



M. Benz E200 Compressor 06/2005 ssk. Ek. 41.000 verð 3,800,000 bílas.is



Skoda Octavia Ambiente árg. 7/2004 ek 58 þ.km, beinsk sk.'08. Ásett verð 1.280 þús Fæst á yfirtöku láns 1.000.000 afborgun á mánuði er 25.000, frekari upplýsingar í síma 821 6238.



290 þús. Fiat Bravo Abarth árg. 2000 sk. '08 - 16 álfelgur - Flottur bíll. S. 690 4045.

Ford Focus 1600, árg. '04, ek. 38 þús. 100hó, bsk, álfelg., cd, filmur og hiti í rúðum að aftan, hiti í framlúðu, rafdrifnar rúður. Næsta sk. '09. Nagladekk fylgja. V. 1390 þús, ca. 800 áhv., bíla-samn. 32 þús. per mán. Uppl. í s. 867 8068.



Tilboð

Yaris árg. '00, ek. 80 þús, 5 dyra, vetrardekk, selst á 450 þús stgr. S. 896 0399.



Corolla ssk. ek. 42 þ. Á götuna 12/99 árg. '00 Verð. 690 þ. S. 862 1116.



Kia Sportage ssk. Diesel. 4/05 Ek. 77 þ. V. 2.350 þ. S. 692 1470



Aðeins 19Þ pr mánuð !!
KIA MAGENTIS.Árg05.E-48Þ.SSK.SK08 .Abs.Álfelgur.Cd.2,0 Vél.100% Lán. S. 8972425



Auðveld kaup
PEUGEOT 406 S/D.Árg05/04.E-90Þ. Sk09.Abs.Krókur.Sjálfskiptur .Fæst á yfirtöku. S. 661 8185



Sjálfsk, Station á lán
RENAULT LAGUNA SW,11/2002,E-59Þ,SSK,Sk08,CD,ABS,1800vél,Yfirtaka á láni, S. 820 0151



Yfirtaka

Þessi glæsilegi Rav árg '06 ek. 22 þ. fæst gegn yfirtöku, 2960 þ. 2 dekkjagangar, vindhlífar og krókur, glæsilegur bíll, klár fyrir veturinn. S. 822 2035



Til sölu Subaru Legacy árg. '99 ek. 150 þ. sk. '08. Sumar-vetradekk. Dráttarkrókur, Ssk. Aðeins 500 þ. staðgreitt, enginn skipti. S. 696 9405



Toyota Hilux Double Cab Diesel, 33" breyting. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl í 896-5521



Til sölu Arctic Cat F8 Sno Pro 2007. Verð kr. 1.340 þ. 100% lán getur fylgt. S. 893 7917



Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! Japanskir, Amerískir, Evrópskir bílar á útsölu. T.d. Dodge Caliber eða Ford F150 frá 1990þús! Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Pajero V6 3,5 árg.'94 Ek. 185 þ. Sk. '08 Ssk. Í góðu standi. S. 894 1159



Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Mig vantar fleira fólk. Sölu/Þjónustufulltrúi. Spennandi starf/góðar tekjur. Tækifæri að flytjast til Spánnar á nýju ári. Also wanted US/English native speakers. Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna

www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamyri 3 Mosfellsbæ.

220 þ. út og yfirtaka á láni ca. 2.6 m. Afb. 36 þ. á mán. Nissan Murano 2005 6 cyl, 3500 cc, 235 hp, 4wd. S. 483 3833/ 899 4785.

0-250 þús.



250 þús. Fiat Multpla árg. 2000 sk. '08 - 6 manna. Góður bíll og eyðslugrannur. S. 690 4045.

'92 árg. Jeep Wrangler ek. 240 þ. 180 hó, innspýting, þarf viðgerð. Tilboð. 659 1236.

Til sölu: MMC Lancer '94 ekinn 174 þ. ssk. Verð 150 þ. Upplýsingar í s. 847 5433.

250-499 þús.



Golf árg. '99, Sk. '08. Ekinn 108.000. Billinn er nýyfirfarinn svo sem nýjar bremsur og kúpling. Verð 400.000. Uppl. í s. 822 7021.

Volvo S 40 til sölu. Hvítur, árg. '98 Tilboð óskast. S. 661 2701 Háfrþór

Toyota Corolla L/B árg. '00, ek. 159 þ. Sk. '08. Ásett 450 þ. Tilb. 370 þ. S. 691 9374.

1-2 milljónir



Volvo S60 árg. 2001 til sölu. Ekinn 80 þús. km. Sjálfsk. Verð 1650 þús. Uppl. 699 1180.

Subaru Forester, nýskr. 08/2003, ekinn 85 þ., sjálfsk. Verð 1.480 þús. Áhv. 430 þ. S. 848 4456.

2 milljónir +



Passat Highline 2.0 Sjálfsk. Toppl. Leður. Skr 11.2005. Ekinn 26 þ. km. Verð 2.850 þ. Bernhard Notaðir bílar, s. 551 7171.

Bílar óskast

Óska eftir Hyundai Accent á 0-50 þús, þarf að líta vel út en má vera bílaður. S. 821 6625.

Ódýr bíll óskast á 20-60 þús. Uppl. í s. 699 2707.

Jeppar



Engin útborgun, aðeins yfirtaka á hag-stæðu láni

Jeep Liberty 2003. Áhvilandi 1.572 þ. Afborganir 31 þ. S. 660 0053.



ÚTSALA! Þú borgar 600 þ. og tekur yfir lánið og þessi glæsilega VW Touareg '04 er þinn. Uppl. 866 7841 eða 517 0000 (Víðir).



MMC Pajero 2,8 disel. Árg. '99. Ek. 150 þ. Sjök. Fjarst. Nýleg MMC túrbína. Púst. Glóðakerti. Nagladekk ofl. Engin skipti. V. 1390 þ. Uppl. s. 664 3043.



Ford F 350 King Rance og Lariat Diesel árg. 2008. Einir með Öllu. S. 898 2811. www.plusgallery.is

Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230. Opíð virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

Tilboðsbílar



BMW 320i
Nýskr: 09/2005, 2000cc
4 dyra, Svartur, Ekinn 19.000 þ.
Verð: 3.550.000
Tilboðsverð 2.950.000



BMW X5
Nýskr: 11/2004, 3000cc
5 dyra, Fimmgíra, Blár,
Ekinn 76.000 þ. Verð: 4.700.000
Tilboðsverð 3.700.000



HYUNDAI ACCENT
Nýskr: 02/2004, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Gulur,
Ekinn 40.000 þ. Verð: 880.000
Tilboðsverð 670.000



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 06/2002, 2400cc
5 dyra, Fimmgíra, Hvítur / Grár,
Ekinn 85.000 þ. Verð: 1.630.000
Tilboðsverð 1.180.000



HYUNDAI TRAJET
Nýskr: 02/2002, 2000cc
4 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 121.000 þ. Verð: 1.080.000
Tilboðsverð 840.000



MERCEDES C350 4M
Nýskr: 06/2006, 3500cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ekinn 5.500 þ.
Verð: 5.700.000
Tilboðsverð 4.950.000

Verð frá 500.000 til 1.500.000



HYUNDAI SONATA
Nýskr: 02/2002, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 69.000 þ.
Verð: 1.080.000



NISSAN TERRANO II 5-SR
Nýskr: 03/1999, 2400cc
5 dyra, Fimmgíra, Hvítur,
Ekinn 181.000 þ.
Verð: 690.000



RENAULT CLIO
Nýskr: 05/2004, 1100cc
3 dyra, Fimmgíra, Hvítur,
Ekinn 54.000 þ.
Verð: 870.000



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 07/2002, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Rauður,
Ekinn 43.500 þ.
Verð: 1.440.000



RENAULT SCENIC
Nýskr: 05/2000, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Rauður,
Ekinn 134.000 þ.
Verð: 650.000



TOYOTA COROLLA
Nýskr: 04/2001, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Ljósbrúnn,
Ekinn 150.000 þ.
Verð: 690.000

Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



BMW 116i
Nýskr: 06/2005, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Dökkgrár,
Ekinn 90.000 þ.
Verð: 2.050.000



HYUNDAI SONATA
Nýskr: 05/2005, 2400cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 149.000 þ.
Verð: 1.690.000



HYUNDAI TRAJET
Nýskr: 07/2004, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Rauður,
Ekinn 42.000 þ.
Verð: 1.780.000



RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 09/2003, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 57.000 þ.
Verð: 1.790.000



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 06/2005, 1600cc
4 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár,
Ekinn 57.926 þ.
Verð: 1.630.000



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 09/2004, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður,
Ekinn 29.000 þ.
Verð: 1.690.000

3.000.000 +



BMW 320i
Nýskr: 07/2006, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 15.000 þ.
Verð: 3.750.000



BMW 550i
Nýskr: 08/2006, 4800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 17.000 þ.
Verð: 8.600.000



BMW Z4
Nýskr: , 3200cc
3 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 9.000 þ.
Verð: 7.900.000



HONDA CR-V
Nýskr: 02/2007, 0cc
5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 4.000 þ.
Verð: 3.890



LAND ROVER DISCOVERY
Nýskr: 05/2005, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 74.000 þ.
Verð: 5.950.000



PORSCHE 911
Nýskr: 08/2005, 3600cc
2 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 9.000 þ.
Verð: 9.950.000

Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is

Allt að 100% lán í boði

Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:

Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074
Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 - Sauðárkrúkur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230



Land Cruiser GX 120 árg. '06. Disel, ek. 18 þ. Ssk. dráttarbeisli, reyklituð sólluga. V. 5.0 m. S. 897 3303



Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílur frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hð, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Pallbílar



Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Sendibílar



Renault Kangoo árg. '99, 1,4 beinsk. Ek. 126 þ. Nýskoðaður. Toppbíl, verð 390 þ. 661 5191.

Húsbílar



Fiat Globetrotter árg. '96, ek. 150 þús. Uppl. í s. 565 4512 eða 894 1512.



Flaggskipið frá TEC. Eigum einn eftir: TEC Star 7205TI, M. Benz undirvagn, 150 hp., afturdríf, 4 manna, Alde hitun. Einn með illu ! Verð 10.500.000 Tilboð; 9.990.000. Uppl. í síma 462 3061/892 5504 www.Skandic.is

Hjólhýsi



Nýtt hjólhýsi Tec Travel King 580 HK Alde hitun, svefnpláss fyrir 6. Verð 3.370.000. Tilboðsverð 2.700.000 Möguleiki á 70% láni. Uppl. í síma 462 3061/892 5504 www.Skandic.is

Bílaþjónusta



Varahlutir



Vélar ehf. Vatnagarðar 16
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlpj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

KEYPT & SELT

Til sölu



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Búðin er að loka, þarf að losna við allt. Selst ódyrt og gefins. Asia Center, Engihjalla 8. Lausir básar. S. 893 8886.

Parket
Eikarborð og Yberaro, góð verð með vinnu ef óskað er. S. 894 0048.

Þvottavélar og þurrkarar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar, ísskápur og uppþvottavélar. Tökum bílað uppl. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Eldavél á 8 þ. Frystikista á 10 þ. Nýr flottur eldavélaháfur á 15 þ. Uppþvottavél á 10. Þurrkari á 10 þ. Tölvuflatskjár á 5 þ. Loftvifta á 3 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Örbylgjuofn á 4 þ. Glerskápur á 3 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

Gefins

Billy bókahillur með einum glerskáp fást gefins gegn því að vera sóttar. Uppl. í s. 862 7867.

Fátæk eldri kona óskar eftir ísskáp gef-ins. Sími 566 7074.

Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilli-flauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harm-onikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030


Óskum eftir notuðu píanói, helst gömlu og fallegu. Sími 551 7639, orrdis@yahoo.com

Tölvur



Ýmislegt

Til sölu tvöfaldur ísskápur, uppþvottavél, þvottavél, bókalager, góður í kolaportið. Fiat Marea 2000cc Weekend árg. '98. Uppl. í s. 896 4878.



Hreingerningar

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingar-þrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Garðyrkja



Garðaðþjónusta H.G.
Öil helstu garðverk, hellulagnir, sól-pallar. Uppl. í s. 699 8509.

Eðalgarðar Gröfubjónusta á 2t.vél, hellulagnir, drenlagnir og almenn garð og lóðavinna. S. 698 7258.

Málarar

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafi., fyrirtækjafi., píanófl. ofl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald



892 1565 - Húseignaðjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - pakviðg. - múrv-íðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstipv. - þakþétiefni (500% teygj-anl.)



Smáverka þjónust f/ Heimili, Fyrirtæki, um kvöld og helgar. Vésteinn, 824 3029.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, flísa- og parketlagnir, trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetning. Föst tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 864 5920.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Stíflubjónusta



Tölvur

Tölvubjónusta
Yfir 60 fyrirtæki í föstum viðskiptum og hundruðir einstaklinga
Kem á staðinn. Microsoft vottun.

11 ára reynsla - Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

Dulspeki-heilun



Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar



Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrir-bæinir NLP. Símaspá, einkat. og m. fl. Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com

Hanna 908 6040
Símaspá, fyrirbæinir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Iðnaður

Getum bætt við okkur málningarvinnu, spórtlun og slipun. Fagmenn og þrífaleg umgengni. Uppl. í s. 867 6563.

Rafvirkjun



Trésmíði

Getum bætt við okkur stærri og smærri verkefnum í smíðum. Vanir menn, vönduð vinna. S. 863 6062.



Heilsuvörur

Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.
LR- HENNING - Nýtt á Íslandi. Viltu léttast? Fá meiri orku? Stuðningur, einkaráðgjöf og matarþrógramm sníðið að þínum þörfum
Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024 Eða lr-dora@internet.is / www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifstillis

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkr-unarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Borðstofuskápur, hornskápur, borð-stofuborð og sex stólar úr syrdri eik. Sófasett getur fylgt. Sími 899 7115.

Til sölu vegna flutninga, bókahillur, lakkað límré. Breidd 27cm, þykkt 4cm. Alls 5,2m með skápum. V. 100 þús. Uppl. í s. 824 5400.

Skrifborð, queen size rúm, þvottavél, ísskápur, örbylgjuofn o.fl. til sölu v/ flutnings. Uppl. í s. 893 0173.

Heimilistæki

Siemens þvottavél í toppstandi til sölu v. flutninga. 1200 snúningar. Tilboð ósk-ast. Uppl. í s. 860 5418.

Dýrahald



Pommarakki til sölu! Uppl. 892 7966 og skeljapommar.com

2 tíkur, 2ja og 3ja ára, ungverskar Vízslur óska eftir heimili í 1 ár vegna fjar-veru eiganda. Fæði og annar kostnaður greiddur. Uppl. í s. 898 1779.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusalar auglýsa frítt. Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020. Leigjendur leita frítt. Leiga.is býður ✓ leit að leigjanda ✓ leigu- og tryggingaráðgjöf ✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði. **Leiga.is** Löggilt leigumíðun

110 fm. 3ja herb. íbúð í 107. Tvö svefn-herb., stofa, eldhús, borðkrókur, WC og stæði í bílageymslu. Laus. Árs leiga. 3. mánaðar trygging. S. 662 2593.

Óska eftir toppleigjendum í 85m2, 3ja herb. íbúð á neðri hæð í einbýlishúsi í 113 Rvk. Reykleysi skilyrði. Ekku gæluðyr. V. 120.000 pr. m. Laus strax. Uppl. í síma 660 0088. Bara skemmtilegt, fallegt og greiðsluhæft fólk kemur til greina.

2 tveggja manna herb. í Hraunbæ til leigu m. eldhúsaðst. og baði og þvottah. V. 35 þ. á mann. 865 9637.

Stúdíóíbúð og herbergi til leigu í Stórholti. Uppl. í s. 899 3749 og 895 8698.

3ja herb. íb. í 201 Kópavogi til leigu frá 1.ág. Verð 130 þús./mán. Laus 1. des. S. 659 4269.

260fm parhús í Grb, 5 svefnh., stór bílskúr, með suður garði, til leigu í 1 ár. Uppl. í s. 898 1779.

Stúdíó íbúð í miðbænum, laus strax, leigist til 1. júní '08. Uppl. í s. 844 8478.

Húsnæði í Hafnarfirði Gott gistiheimili býður 5 herb. til vetr-arleigu á finum kjörum. T.d. fyrir starfs-menn fyrirtækis. Húsgögn, rúmföt, aðg. að eldhúsi, borðsal, þvottah. ofl. Vikuleg þrif á sameign. baldur1@simnet.is S. 899 3925

Húsnæði óskast

Óska eftir 60-80 fm íbúð, greiðslugeta 40-80 þús á mán. Uppl. í s. 865 3666.

Ungt par með 2 börn óskar eftir ódýrri leiguíbúð. S. 860 2913.

Óska eftir studio eða 2ja herb. íbúð í Rvk. Skúlvisum greiðslum og reglusemi heitið, reyklaus. s. 896 8568.

Bráð vantar íbúð í neðra breiðholti. Er með 2 börn í skóla þar. S. 698 0078 Sólveig

Atvinnuhúsnæði

55m2 hæð á besta stað í miðbæ Rvk leigist frá 22. okt. 70 þús. á mán. S. 844 0015.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslublí 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnað-armenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar. Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Tjaldvagna og fellihýseig-endur ath. Hef til leigu pláss í skemmu í vetur, þurr og vel loftræst, sanngjart verð. Uppl. í s. 825 6369.

Bílskúr

Óska eftir bílskúr eða litlu iðnaðarhús-næði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 896 8568.

ATVINNA

Atvinna í boði

Szukasz pracy? Nasza oferta jest bezpłatna. Zarejestruj się w portalu Vinna.is Oferty pracy dla pracowników magazynowych, kierowców, prace przy produkcji i inne. Informacje w języku polskim na stronie www.vinna.is 

Skalli Hraunbæ auka-vinna Vantar hressst og dulegt starfs-fólk í aukavinnu 1-2 kvöld í viku frá kl. 19-24 og aðrhvora helgi. Lámarksaldur 18 ára. Uppl. í s. 567 2880 alla virka dag til kl. 17.



Frístundaheimili Starfsfólk óskast á frístunda-heimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Lagerstörf og vörumeð-höndlun Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfólki í móttöku og meðhöndlun, og almenn lagerstörf. Vinnutími er 8-16:30. Annars vegar er um að ræða flokkun, talningu, meðhöndlun og merkingu vara, og hins vegar tiltekt pantana, staðsetningar, endursendingar o.fl. Nánari upplýsignar veitir Júlíus Kristjánsson á staðnum eða í síma 530 5697 á skrif-stofutíma.

Kaffihús, Bakarí Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurverí, Austurverí, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókarreyðublöð á www.bakarameistarinn.is

Fögur er hlíðin... Viljum ráða vana smíði og verkamenn vana smíða-vinnu, í spennandi verkefni í Fljótshlíðinni. Mikil vinna í boði, fæði og uppihald í boði. Áhugasamir hafið samband við Guðna 820 9720 eða Guðmund 820 9710. Viðhald og nýsmíði ehf. P.S. Vantar einnig menn í verk-efni í Rvk.

Ísbar/Booztbar, Borgartúni og Kringlunni. Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf: dagvinna - fullt starf, Dagvinna - hlutastarf, hluta-störf á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is

Spennandi starf á skemmtilegum vinnu-stað Þjónustumiðstöð Laugadals og Háaleitis leitar að áhugasömu og drífandi fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu. Starfið krefst færni í mann-legum samskiptum. Starfað er undir handleiðslu félagsráð-gjafa. Um er að ræða dagvinnu-starf. Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við Írisi Eik Ólafsdóttur verkefnisstjóra/ félagsráðgjafa í síma 562 2712, netfang: iris.eik.olafsdottir@reykjavik.is

Veislulist Skútan Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.

Keiluhöllin í Öskjuhlíð Óskar eftir starfsfólki í dyra-vörslu. 20 ára aldurstakmark. Umsóknir á keiluhollin.is og í síma 617 2929



Kornið óskar eftir helgarstarfsfólki í nýju verslunina okkar í Ögurhvefi. Einnig vantar helgarstarfsfólk í eftirfar-andi búðir: Borgartún, Lækjargata og Hjallabrekka. Góð laun í boði. 18 ára aldur æskilegur en ekki skilyrði. Uppl. í síma 864 1593, Ella.



N1 óskar eftir lífsglöðu, hressu og áreiðanlegu starfsfólki til starfa á þjón-ustöðvum félagsins á höfuðborgar-svæðinu. Um ræðir almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir í síma 440 1000. Áhugasamir sækí um á www.N1.is

Hársnyrtifólk Okkur vantar duglegan og hressan starfsmann í stólaleigu. Góðir tekju-möguleikar. Hársnyrtistofan Manda, 551 7455.

Vantar þig vinnu með skólanum. Kvöld- og helgarvinna við afgreiðslu, ekki yngri en 20 ára Uppl í s. 846 2117.

Laus er til umsóknar stöður deildarstjóra og leikskólakennara. Einnig óskum við eftir fólki með sambærilega menntun eða reynslu. Náttúruleikskólinn Hvarf er sex deilda einkarekinn skóli. Einvala starfsfólk starfar í leikskólanum og er mikil jákvæðni og áhugi í hópunum. Grunnþónninn í starfsmannastefnu leik-skólans er hlýja og aglegur stuðning-ur. Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst á leikskolinn@obradgjof.is

Tailensk matstofa Óskum eftir aðstoðarmanneskju í eldhús. Uppl. í s. 864 8338, Maeya Sukthothai Hamraborg 11.

Bráðvantar starfsmann Handlaginn mann eða smíð vantar til starfa við húsavíðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Hellulist ehf. Óskum eftir mönnum í hellulagnir. Uppl. gefur Gísli í s. 698 5222.

Beitningamaður Vanur beitningamaður óskast á bát frá Reykjavík. Uppl. í símun 893 5458 & 864 1798.

Háseti Vanur háseti óskast á beitningavélaskip-ið Krístrúnu RE-177 frá Reykjavík. Uppl. í símun 852 3089 & 520 7306.

Bakarí í Kópavogi, Engihjalla. Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Á leikskóla er gaman! Leikskólinn Skerjagarður óskar eftir lífs-glöðu, jákvæðu og áhugasömu fólki til starfa sem fyrst, til að vinna skemmti-legt starf með frábærum börnum. Uppl. í s. 551 8088 og 848 5213.

Atvinna óskast

Smíðir óska eftir vinnu. Vilja mikla vinnu. S. 846 6078.

Langar þig að prófa Ropeyoga? Frír prufutími, bæði fyrir byrj-endur og vana. Hægt að greiða fyrir stakan tíma kr. 1200. Tímar á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum 13-14 og 20.15-21.15. Kennari með mikla reynslu, Sigurjóna Kristinsdóttir sími 899 4329. Hreyfiland, Stangarhyl 7.

Einkamál

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþrey-ingarvefur fyrir fullorðna.

Rafstöðvar Í mörgum stærðum og gerðum frá 1 kW - 2000 kW  STURLAUGUR & CO Sími 4 123 000 Hagstæð fjármögnun Fiskislóð 14 - 101 Reykjavík www.sturlaugur.is

Hringdu í síma 512 5060 ef blaðið berst ekki 

Auglýsingasími 512 5050  - Mest lesið

Þjónusta ofar öllu

RE/MAX
FasteignirATH VIÐ SELJUM
ALLA DAGA !HRINGDU NÚNA
699 6165BÓAS &
GUNNARBóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.isGunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.isStefán Páll
Löggiltur
Fasteignasali

ATVINNA



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Varmárskóli auglýsir:

Lausar eru eftirtaldar stöður:

- Kennari í fullt starf, kennslugreinar m.a. tungumál
- Kennari í afleysingar
- Proskapjálfi í fullt starf
- Skólaliði í hlutastarf

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfærði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla

Við leitum eftir konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og vinna með skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki.

Hlökkum til að heyra í þér.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir, skólastóri í síma 525 0700 og 863 3297 og Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri 525 0700 og 899 8465

Bio-Bú

Lífrænar
mjólkurvörur

Framleiðslustjóri

Biobú óskar eftir að ráða framleiðslustjóra til starfa sem fyrst.

Starfssvið

- Skipulag og stjórnun framleiðslu
- Starf við framleiðslu
- Vöruþróun
- Gæðastjórnun
- Endurskoðun vinnuaðferða og framleiðsluferla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mjólkurfræði eða menntun á sviði matvælaíðnaðar
- Reynsla af framleiðslustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri í síma 587-4500.

Biobú er einkarekið mjólkurbú, stofnað 2002, og er meginmarkmið þess framleiðsla á lífrænum hágæða mjólkurvörum.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 12. október
Umsóknir skulu berast til Biobú, Gylfaflöt 24-30, 112 Reykjavík eða á netfangið biobu@biobu.is.

EIGNIR ÓSKAST!

Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- 4ra herbergja í hverfi 109
- Rað- og eða parhúsi í 201 og 203
- Einbýlishúsi í hverfi 108, 170, 201 og 203 eða Norðurbæ Hafnarfjarðar á einni hæð.

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!

LÖGHEIMILI
EIGNAMIDLUNHeimir Bergmann
Framkvæmdastjóri
Sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.isJónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmáður
jonas@logheimili.is

Skiptiholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

TILKYNNINGAR

Auglýsing um skipulag
HafnarfjarðarbærTillaga að aðalskipulagi í Kapelluhrauni í
Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 16. ágúst 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að aðalskipulagi í Kapelluhrauni í Hafnarfirði, í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felst í því að línur og strengir í gegnum aksturs-íþróttasvæði verði lagðir í kapal í jörð. Markmiðið er að tryggja öryggi á akstursíþróttasvæðinu en jafnframt er þá stuðlað að auknu öryggi orkuflutningakerfisins.

Aðalskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 2. október 2007 - 30. október 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13. nóvember 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.



HAFNARFJÖRÐUR

VÉLKOMIN TIL HAFNARFJÖRDAR!
Hafðu samband og fðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarinn í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



SANDGERÐISBÆR

Auglýsing á tillögum að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 m.s.br.

1. Vesturbakki

Skipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu til austurs, Eyrargötu til suðurs, Sjávarbraut og fjöru neðan hennar til vesturs og lóð Hafnarstrætis 1 til norðurs. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér skilgreiningu nýrra lóða fyrir verslun, þjónustu og hafnsækna starfsemi með möguleika á íbúðum á efri hæð meðfram Sjávarbraut og fjörugarði, útfærslu aðkoma frá hafnarsvæðinu að núverandi lóðum um Sjávarbraut og gönguleiðar (hafnarstígs) meðfram hafnarbakka.

2. Norðursvæði

Skipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu til austurs og norðurs að Vitatorgi, Norðurgarði og höfninni. Í vestur og suður afmarkast svæðið af Norðurgarði og Suðurgarði og fjörunni sunnan við Hafnargötuna. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér nýjar lóðir við Hafnargötu og sunnan fiskmarkaðar, skilgreiningu umferðarleiða milli íshúss, hafnar og fiskimarkaðar ásamt aðkomum að nýjum og núverandi lóðum, útfærslu gönguleiðar (hafnarstígs) meðfram hafnarbakka, hafnartorgs sunnan Vitatorgs.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum í Vörðunni á Miðnestorgi 3, frá 2. október til 31. október. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með 13. nóvember. Skila skal skriflegum athugasemdum á bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Skipulagsfulltrúi

ATVINNA

2. október 2007 ÞRIÐJUDAGUR

www.netto.is

Aðstoðarmaður
verslunarstjóra

Nettó Mjódd leitar að öflugum aðila í eitt lykilstarfið í versluninni.

Umsækjandi þarf að búa yfir að geta unnið sjálfstætt og verið verkstjórnandi. Reynsla að búðarstörfum æskileg en ekki skilyrði.

Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum.

nettó

Mjódd Reykjavík



Smiðir

JB Byggingafélag óskar eftir að ráða góða smiði í uppsláttarflokk. Erum með Mayers álmót mikil verkefni framundan

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefur Kristján Yngvason í síma 693-7005 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Vilt þú vinna þar sem
Íslendingum finnst
skemmtilegast að versla?

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



kokkarnir

VEISLUPJÓNUSTA

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni í kjötbörði okkar í Hagkaup Skeifu vinnutími frá kl. 11-20 virka daga

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



kokkarnir

VEISLUPJÓNUSTA

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutaþréf]

OMX ÍSLAND 15	Fjöldi viðskipta: 409
8.094 +1,46%	Velta: 7.902 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ 365 STR-BURÐARÁS KAUPPING	7,97% 3,31% 2,21%
	↓ FÖROYA BANKI NÝHERJI ICELANDAIR
	-2,17% -1,83% -1,47%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,18 +0,00% ... Bakkavör 66,90 +1,21% ... Eimskipafélagið 39,60 -0,38% ... Exista 33,00 +1,85% ... FL Group 24,55 +0,62% ... Glitnir 28,50 +0,18% ... Icelandair 26,80 -1,47% ... Kaupþing 1.111 +2,21% ... Landsbankinn 40,85 +0,86% ... Straumur-Burðarás 20,30 +3,31% ... Össur 101,50 +0,00% ... Teymi 6,12 -0,49%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is



UMAR ALI Umar Ali er yfir útibúum Kaupþings í Mið-Austurlöndum.

Kaupþing opnar útibú í Katar

Kaupþing hefur fengið leyfi til að opna útibú í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni Katar, að því er fram kemur í tilkynningu bankans til Kauphallar í gær.

Kaupþing er fyrsti norræni bankinn til að fá starfsleyfi í þessu umdæmi. Í fyrstu einbeittir Kaupþing sér að fyrirtækjaráðgjöf á svæðinu, sem og að útvega þjónustu á sviði einkabankastarfsemi. Þetta er annað starfsleyfi Kaupþings í Mið-Austurlöndum en fyrir hefur bankinn starfsleyfi í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni Dubai.

Umar Ali, framkvæmdastjóri Kaupþings í Mið-Austurlöndum, stýrir báðum útibúum. Í viðtali við Markaðinn sagði hann gífurleg tækifæri fyrir norræna fjárfesta í þessum heimshluta, þótt bankastarfsemi væri í grunninn eins hvar sem er í heiminum.

- óká



MERKI UBS Tekjur tveggja risabanka hafa dregist saman vegna tapaðra fasteignalána á þriðja ársfjórðungi.

Risabankar tapa á útlánum

Svissneski alþjóðabankinn UBS og bandaríski bankinn Citigroup, sem eru einhverjir stærstu bankar í heimi, greindu frá því í gærmorgun að afkoma þeirra versnaði á yfirstandandi ársfjórðungi vegna mikilla vanskila á undirmáslánum, fasteignalánum til einstaklinga með litla greiðslugetu í Bandaríkjunum.

UBS telur að tap fyrirtækisins muni nema allt að átta hundruð milljónum svissneskra franka, jafnvirði 42,4 milljörðum íslenskra króna, á fjórðungnum, sem er fyrsti hallafjórðungur fyrirtækisins í áraradír. Stjórnendur Citigroup telja á móti að tekjur fyrirtækisins muni dragast saman um sextíu prósent vegna sama máls.

- jab

Selja geymslur fyrir 24 milljarða

Eimskip hefur lokið sölu á 23 kæli- og frystigeymslum í Bandaríkjunum og Kanada fyrir 385 milljónir Kanadadala. Upphæðin samsvarar um 270 milljónum evra, eða tæplega 24 milljörðum króna. Söluandvirðið segir félagið að verði nýtt til að greiða niður skuldir vegna yfirtöku á kanadíska félaginu Atlas Cold Storage í nóvember í fyrra. Seldu fasteignirnar námu um fjórðungi af virði fasteigna félagsins, en Eimskip leigir þær til baka til 20 ára.

„Eimskip hefur undanfarið ár yfirtekið bæði Atlas, sem var annað stærsta kæli- og frystigeymslufyrirtækið í Norður-Ameríku, og Versacold, sem var það þriðja stærsta. Eimskip hefur því náð leiðandi stöðu í geymslu kæli- og frystivara með hátt í 200 kæli- og frystigeymslum í fimm heimsálfum,“ segir í



SAMIÐ VIÐ QINGDAO PORT GROUP Eimskip samdi nýverið um rekstur stærstu kæli- og frystigeymslu Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

tilkynningu félagsins. Atlas Cold Storage og Versacold velta saman um 1.200 milljónum Kanadadala á ári, eða sem svarar tæplega 74,5 milljörðum króna. Samtals reka félögin um 120 kæli- og frystigeymslur í Bandaríkjunum, Kanada, Argentínu, Ástralíu og Nýja-Sjálandi og hjá þeim starfa um 8.500 manns. Heildar-

kaupverð Atlas og Versacold nam rúmlega 1.800 milljónum Kanadadala, eða sem svarar tæpum 112 milljörðum króna.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, segir sölu fasteigna Atlas mjög mikilvægan áfanga í frekari uppbyggingu kæli- og frystigeymslurekstrar Atlas og Versacold. „Rekstur félaganna gengur vel og með sölu fasteignanna geta stjórnendur félagsins einbeitt sér að frekari uppbyggingu og þróun á sviði geymslu og flutninga á kæli- og frystivörum,“ segir hann.

Undanfarin misseri hefur Eimskip byggt upp alþjóðlegt flutninganet á sviði hitastýrðra flutninga og er nú langstærsta kæli- og frystigeymslufyrirtækið með um 13 til 15 prósentu markaðshlutdeild á heimsvísu.

- óká



Safnaðu þekkingu - sæktu þér aukinn styrk

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL	STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN	UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ
Gerð viðskiptaáætlana, hefst 5. okt.	Coaching fyrir stjórnendur nýrrar aldar: Ný námskeiðslína, hefst 9. okt.	Námstefna um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina og starfsréttinda á evrópska efnahagssvæðinu, hefst 8. okt.
Lestur ársreikninga, hefst 8. okt.	Kvartanir og ábendingar viðskiptavina eru ókeypis ráðgjöf, hefst 10. okt.	Börn eru klár, hefst 8. okt.
Excel I - fjármál og rekstur, hefst 8. okt.	Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað, hefst 16. okt.	Sálgæsla barna og unglinga, hefst 12. okt.
Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi - frjáls og sérstök skráning, hefst 16. okt.	Streitustjórnun, hefst 24. okt.	Talnalykill: Staðal- og markbundið próf í stærðfræði, hefst 12. okt.
Excel - fjármálaföll, hefst 17. okt.	Skilvirk leiðtogasamskipti - aukin áhrif, hefst 30. okt.	Leiklist fyrir leikskóla- og grunnskólakennara og þroskaþjálf, hefst 7. nóv.
Greining ársreikninga, hefst 29. okt.	Project Management I - í samstarfi við DIEU í Danmörku, hefst 5. nóv.	



Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



Eiginmaður minn og faðir okkar,
Óskar Rúnar Samúelsson
Hjallavegi 4, Ísafirði,

er látinn. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugar-
daginn 6. október kl. 14.00.

Dagný Viggósdóttir
Hafðís María Óskarsdóttir
Guðmundur Ingi Óskarsson
Þórarinn Kristinn Óskarsson



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
Sæbjörg Jónasdóttir
Dalbraut 27, áður til heimilis að
Kleppsvegi 18,

lést að morgni 30. september á Landspítalanum
við Hringbraut.

Erling Aðalsteinsson
Hilmar Ingólfsson
Pétur Ingólfsson
Ragnheiður Jónsdóttir
Hugrún Jóhannesdóttir
Nanna Huld Aradóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengda-
móðir og amma,
Rósa Björg Sveinsdóttir

lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi,
fimmtudaginn 27. september sl. Jarðarför auglýst síðar.

Ragnar Ingi Haraldsson
Jóna Björk Ragnarsdóttir
Auður Hanna Ragnarsdóttir
Ásgeir Ragnarsson
Sveinn Ingi Ragnarsson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Reynir Ragnarsson
Þórey Jónsdóttir
Hjördís Pálsdóttir



Okkar ástkæra
Guðrún Ingeborg Mogensen
Sandavaði 3, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Grensáskirkju miðvikudaginn 3.
október kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en
þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Magnús Björgvinsson
Ásdís María Jónsdóttir
Þórey Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Karen Margrét Mogensen



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,
Friðrikka Bjarnadóttir
Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður til
heimilis að Hæðargarði 35,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 4.
október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á minningarsjóð Sóltúns, Hjúkrunarheimilinu
Sóltúni.

Bjarni Ólafsson
Bjarney Ólafsdóttir
Ólafur E. Ólafsson
Jón S. Ólafsson
Dómhildur I. Ólafsdóttir
Þóra S. Ólafsdóttir
Rannveig Guðmundsdóttir
Richard A. Hansen
Guðrún Gunnarsdóttir
Caroline Nicholson
Jón Hilmar Friðriksson
Páll M. Pálsson

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

TÓNLISTARMAÐURINN STING ER
56 ÁRA Í DAG.

„Ég held ég hafi minnst
á það við Bob Geldof að
ég gæti notið ásta í átta
klukkustundir. Ég tók hins
vegar ekki fram að í því fól-
ust fjórar klukkustundir af
stuði, og síðan kvöldverður
og kvikmynd.“

Áður en *Sting* hóf sólóferil
var hann einn helsti útsetj-
ari, aðalsöngvari og bassaleik-
ari rokkhljómsveitarinnar *The
Police*.



PETTA GERÐIST: 2. OKTÓBER 1187

Setið um Jerúsalem

Umsátrið um Jerúsalem stóð yfir frá 20. september til 2. október árið 1187. Því lyktaði þannig að Saladíni hershöfðingi náði borginni aftur á sitt vald eftir að krossfarar höfðu ríkt þar í um 88 ár. Þetta markaði endalok konungsríkisins Jerúsalem, sem var kristið konungsríki sem komið hafði verið á árið 1099 eftir fyrstu krossferðina. Í rauninni var þetta líka vendipunktur fyrir þriðju krossferðina þar sem evrópskir leiðtogar reyndu að



endurheimta heilagt land af Saladíni. Saladíni var uppi á 12. öld og var hann pólitískur leiðtogi og hershöfðingi mús- líma og þekktur fyrir að leiða andspyrnu gegn evrópskum krossförum. Kvikmyndin „Kingdom of Heaven“ sem var framleidd og leikstýrt af Ridley Scott árið 2005, fjallar meðal annars um umsátrið um Jerúsalem. Þó að ýmsu hafi verið breytt og bætt við þá lýsir hún í meginatriðum atburðarásinni.

tímamót

timamot@frettabladid.is



„FLEST ER FIMMTUGUM FÆRT“ Segir einhvers staðar og virðist Pálmi Gestsson svo sannarlega vera á þeirri skoðun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PÁLMI GESTSSON LEIKARI: ER FIMMTUGUR Í DAG

Loksins kominn til manns

Pálmi Gestsson leikari er fimmtugur í dag og tekur þessum tímamótum opnum örmum.

„Það er dásamlegt að vera fimmtugur. Ég er bara á toppi tilverunnar og finnst ég vera á uppleið þótt ég sé þegar á toppnum. Ég er kannski loksins kominn til manns að einhverju leyti,“ segir Pálmi og hlær.

Hann ætlar að fagna afmælinu með vinum og vandamönnum en byrjar daginn á að æfa fyrir leikritið „Svartur fugl“ eftir David Harrower sem frumsýnt verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu laugardaginn 6. október. Leikritið er unnið í samstarfi við Kvenfélagið Garp og er flutt í þýðingu Hávars Sigurjónssonar.

„Þetta er mögnuð tveggja manna sýn-

ing og fjallar um fólk sem hittist aftur eftir að hafa verið saman fyrir fimmtán árum,“ útskýrir Pálmi og heldur áfram: „Þetta er magnað leikverk sem hlaut meðal annars Laurence Olivier-verðlaunin árið 2005. Við leikum þetta, ég og Sólveig Guðmundsdóttir. Leikstjóri er Graeme Maley,“ útskýrir Pálmi, sem er á kafi í vinnu fram alla afmælisvikuna.

„Ég er svo heppinn að eiga frábæra konu, Sigurlaugu Halldórsdóttur, og hún er svo sannarlega búin að bera hitann og þungann af þessu dæmi. Ég hef eiginlega ekkert komið að þessu þar sem það er svo rosalega mikið að gera hjá mér,“ segir Pálmi fullur af þakklæti í garð eiginkonu sinnar.

„Hún er nótt og dag að reyna að útbúa þetta þannig að við getum skemmt okkur

sem best með vinum og kunningjum.“ Pálmi hefur annars ekki hugmynd um hvernig veislan verður og lætur það bara koma sér á óvart.

Hann er þess þó fullviss að veislan verði glæsileg enda ekki við öðru að búast.

„Frumkýningin er nokkurs konar afmælisýning þar sem hún hittir á þennan tíma.

Svona eftir á hugsað er þetta afmælisýning en það var svo sem ekki planað,“ segir Pálmi og hvetur sem flesta til að koma og sjá leikritið.

„Það er frábært að vera fimmtugur og örugglega enn skemmtilegra að verða sextugur, þetta verður bara betra og betra,“ segir Pálmi og horfir björtum augum til framtíðar. hrefna@frettabladid.is



Elskulegur sonur minn, bróðir, faðir og dóttursonur,
Sigurður Júlíus Hálfðánarson

verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
fimmtudaginn 4. október kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hulda Ó. Scoles
Hannes Ólafur Hulduson
Karlotta L. Eichmann
Hanna Lytle
Bonnie Scoles
Sesselja Rán Sigurðardóttir
Júlíus Örn Sigurðsson
Guðlaug Hanna Friðjónsdóttir
og frændsystkini.
Dave Scoles
Nina Hulduson
John Eberwein
Nate Lytle



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Herbert S. Svavarsson,
húasmíðameistari, Holtsgötu 41,
Njarðvík,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn
28. september.

Margrét S. Karlsdóttir
Svavar Herbertsson
Jóna K. Herbertsdóttir
Sigmundur Már Herbertsson
Ásta M. Guðbergsdóttir
Margrét Ó. Guðbergsdóttir
Karen Ó. Guðbjartsdóttir
Herbert Már Sigmundsson
Gunnar Már Sigmundsson
Guðbjartur K. Ingibergsson
Sigurbjörg E. Gunnarsdóttir
Brynjar V. Steinarsson

Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspillari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

✓ *Flottur*

✓ *Hagstæður*

✓ *Rúmgóður*

✓ *Traust bílaumboð*

✓ *Öruggur*

✓ *Góð þjónusta*



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánsbætur af kr. 1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

 **HYUNDAI**

www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Langar þig í alvöru leikfang?

EOS 400d myndavélin skilar þér hámarks gæðum en krefst lágmarks kunnáttu. Leiktu þér að ljósmyndun.



Canon 400d er með 10.1 megapíxla myndflögu og getur tekið þrjár myndir á sekúndu. Létt, nett og sterkt hús, aðeins 510 grömm, hægt að skoða myndirnar í sjónvarpinu.

Tilboð 1 - Canon 400d	Tilboð 2 - Canon 400d
- Án linsu	- 18-55mm linsa
Verð 4.135 kr. á mánuði* Staðgreiðsluverð 79.990 kr.	Verð 4.824 kr. á mánuði* Staðgreiðsluverð 89.990 kr.
Tilboð 3 - Canon 400d	Tilboð 4 - Canon 400d
- 18-55 mm linsa - 55-200 mm linsa - Með rafhlöðuhaldi	- 17-85 mm linsa - Með rafhlöðuhaldi
Verð 6.587 kr. á mánuði* Staðgreiðsluverð 129.990 kr.	Verð 8.381 kr. á mánuði* Staðgreiðsluverð 159.990 kr.

* Meðalverð á mánuði m.v. 24 mánaða greiðslukortasamning www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

STUÐ MILLI STRÍÐA Brown lemur stjörnurnar

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILDI EKKI VERA FRÆGUR Í BRETLANDI



Stóðlífi, brennivíns-drykkja og önnur vana-bindandi hegðun hefur alltaf lóðað við svokallaðar „stórstjörnurnar“ úti í heimi. Amadeus átti til að mynda erfitt með að hemja kvennafar sitt og brennivíns-neyslu og hann setti tóninn fyrir þá sem tóku við af honum. Væri Mozart á lífi í dag sæti hann með Lindsay Lohan og Paris Hilton á Ritz-hótelinu, búinn að rústa eitt herbergi og taka heilt kólafjall í aðra nösina.

Og það virðist litlu skipta þótt stjörnur dagsins séu gripnar við ólöglega iðju fyrir allra augum, þær fá áminningu frá dómara og töluverða fjölmiðlaumfjöllun þar sem þær geta kynnt verk sín í léttum

viðtölum á sjónvarpsstöðvum. Hinum sauðsvarta almúga væri varpað í dimma dýflissu umsvifalaust af því að hann kynni hvorki að yrkja, semja lög né leika.

En ef marka má orð Gordons Brown, forsætisráðherra Breta, hefur frægðarfólkið fengið nóg af sérmeðferð og hann hyggst skera upp herör gagnvart ábyrgðarlausum rokkstjörnum, drykkfelldum leikurum og eiturfjásjúklingum. Þær skulu allar fá að dúsa á bakvið lás og slá ef þær gerast brotlegar við lög.

Menn á borð við John Lennon eða Paul McCartney hljóta að hafa varpað öndinni léttar yfir því að hafa ekki Brown-frægðarlögguna á hælunum. Þeir hefðu þá allir þurft

að dúsa á bakvið lás og slá í dagóðan tíma þegar löggan fann hvers kyns fíkniefni á heimilum þeirra. Eða þá Eric Clapton og Keith Richards. Slíkir snillingar hefðu dagað uppi í fangelsum víða um Bretland eða skemmt klefafélögum sínum með hugljúfum söng sem aldrei hefði ratað út fyrir fangelsisveggina.

Yfirlýsing Brown ber það með sér að forsætisráðherrann hyggist hreinsa landið sitt af þessum óþjóðalýð sem oftast en ekki hefur látið nappa sig fyrir ölvunarakstur og þannig komist á forsíður blaðanna án þess þó að þurfa að greiða sína skuld til samfélagsins. Brown er nefnilega sama hvort þú heitir Pete eða Amy, allir eru jafnir fyrir lögum, fræga fólkið líka.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Hvað er að fréttastar?

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

**kl. 12.05**

Þjóðminjasafnið býður upp á leiðsögn um sýninguna *Ný aðföng sem er á 2. hæð í Forsalnum*. Lilja Arnadóttir, fagstjóri Munasafnsins, segir þar frá söfnunarstefnu Þjóðminjasafnsins.

menning

menning@frettabladid.is

Gagnrýnandi talar

Bandaríski ljósmyndagagnrýnandinn A.D. Coleman heldur fyrirlesturinn „Fyrsta persóna, eintala: Að uppgötva sjálfan mig sem ljósmyndasafns Reykjavíkur“ annað kvöld. Í fyrirlesturinum mun Coleman fjalla um þá margvíslegu fleti sem snúa að þessu viðfangsefni út frá ferli sínum frá árinu 1967 til dagsins í dag. Coleman hefur frá árinu 1995 verið útgefandi og framkvæmdastjóri hins fjölbreytta rafræna tímarits The Nearby Café. Einnig kom hann á fót og stjórna „The Photography Criticism Cyber-Archive“ sem er stærsta gagnasafnið á netinu með greinum um ljósmyndun eftir höfunda frá fyrri



A.D. COLEMAN Þessi þekkti ljósmyndagagnrýnandi heldur fyrirlestur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

tímum allt til dagsins í dag. Hann er enn fremur fyrrverandi dalkahöfundur Village Voice, New York Times og New York Observer. Ritgerðir hans um fjölmiðlun, nýja upplýsingatækni, listir og ljósmyndun hafa birst í tímaritum á borð við Juliet Art Magazine, European Photography, og La Fotografia. Verk hans hafa verið þýdd á 21 tungumál og gefin út í 30 löndum. Fyrirlesturinn verður haldinn, sem fyrr segir, annað kvöld í sal Ljósmyndasafnsins á 6. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15, kl. 20 og er aðgangur ókeypis.

> Ekki missa af ...

... sýningu Kvikmyndasafns Íslands á kvikmyndinni L'avventura eftir Michaelangelo Antonioni frá árinu 1960. Kvikmyndasafnið sýnir myndina í minningu þessa ítalska meistara, sem lést 30. júlí síðastliðinn. Sýningin fer fram í Bæjarbíói, Strandgötu 6 í Hafnarfirði, í kvöld kl. 20 og önnur sýning fer fram á laugardag kl. 16. Miðasala verður opnuð hálf tíma fyrir sýningu og kostar aðgöngumiði 500 kr.

Vegna gífurlegra vinsælda - aukasýningar í Rvk

26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
27. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
1. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
2. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
3. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00

Núfæla daglega í Óperan í síma 511 4200
64 kl. 14-18 og á miðli

Pabbinn

PABBINN Á TÖN UM LANDIÐ - ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

THORVON

Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Uppnám í ljóðaheimi

Árlega veita samtökin The Poetry Society of America einu skáldi viðurkenninguna The Frost Medal, sem kennd er við sjálfan Robert Frost. Í ár tók stjórn samtakanna þá ákvörðun að veita John Hollander, afkastamiklu ljóðskáldi og bókmenntagagnrýnanda, viðurkenninguna. Þessi ákvörðun hefur valdið talsverðri úlfúð á meðal félagsmanna og hefur hópur þeirra sagt sig úr þessum 97 ára gömlu samtökunum.

Ósættid byggist á orðum sem Hollander hefur látið falla við ýmis tilfni, en ummæli hans hafa ekki verið til þess fallin að afla honum vinsælda hjá pólitískt réttþenkjandi nútíma-fólki. Hann hefur til að mynda sagt að vestur-afrískar þjóðir eigi sér enga bókmenntahefð. Enn fremur hefur hann sagt að honum þyki ekki mikið til skáldskapar lítaðra bandarískra nútímaskálda koma.

Rithöfundurinn Walter Mosely er einn af þeim sem sögðu sig úr ljóðasamtökunum. Mosely segir að valið gefi skýrt til kynna aukna íhaldssemi innan samtakanna og að sú stefna endurspegli ekki raunverulegar áherslur innan bandarískrar nútímaljóðamenningar.

William Louis-Dreyfuss, fráfarandi formaður samtakanna, er ósammála þessu viðhorfi. Hann heldur því fram að við afhendingu viðurkenningarinnar beri dómnefnd eingöngu að taka tillit til framlags skálds til ljóðlistarinnar og að pólitísk viðhorf skáldsins eigi að vera málinu óviðkomandi.

John Hollander, verðlaunaskáldið umdeilda, hefur sem minnst viljað um málið segja.

- vþ

WALTER MOSELY Einn af þeim sem sögðu sig úr Poetry Society of America.



JOHN HOLLANDER Umdeilt skáld sem hlaut viðurkenningu.



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI - VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele

vilborga@centrum.is

Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Purrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30%

AFSLÁTTUR

EIRVÍK -háðæðheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

ARIADNE

ARIADNE eftir Richard Strauss

FRUMSÝNING 4. OKTÓBER KL. 20 uppselt

2. sýn: Laugardaginn 6. október örfá sæti laus
3. sýn: Miðvikudaginn 10. október laus sæti
4. sýn: Föstudaginn 12. október laus sæti
5. sýn: Sunnudaginn 14. október laus sæti
Lokasýning: Föstudaginn 19. október laus sæti

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
Næstu sýningar: 6/10 - 13/10 og 20/10

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA
eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
Næstu sýningar: 6/10 - 13/10 og 20/10

SPRENGJUHÖLLIN
Útgáfutónleikar 12/10

Miðasala í síma 551 4700 og á midi.is

AUSTURBÆR

Ferðalag í forsælu og auðmýkt

Ferðalag í hugskoti. Ferðalag höfundar til nafngreindra bæja, borga og staða, ferðalag sem átti sér stað, ekki um að villast. Frásögnin langofast í nútíð, mynd eða atvik sem er og varir, ekki minning. Skáldið lítur yfir sviðið á hverjum stað og færir hughrif sín í ljóðbúning, hér og nú, „með einnota myndavél“ frá Moskvu til Manhattan þar sem „svo er langt til moldar að ilskór duga manni til að snerta himininn“ (82). Engin áreynsla, engin átök, ekkert stórþýfi, „ég held mig í forsælunni“(47) segir skáldið, sólin skín á sköpunarverkið.

Skáldið, sem sjálft er mælandi og gerandi ljóðanna (ég) og rödd þeirra allra, hefur lítillæti og yfirvegun að leiðarljósi, líkir sér við „rykkorn á skúlptúrasýningu“ (35), skoðar heiminn með augum gestsins, tranar sér ekki fram en veit að vits er þörf og hefur orð á því. Skáldið sér fegurðina sem kjarna tilverunnar og beinir ratljósi hefðbundinna manngilda að þroska mannsins á lífsleið. Sýn skáldsins einkennist af efalausri sátt við „Jesú minn“ (66) og erindi hans við manninn, innan bókar sem utan. Menningin er musteri fegurðarinnar, sagan er djásn og lífshamingjan á sér rót í þeirri fortíð – í nútíma freistar sukk og tilgangsleysi, hugurni undanhaldsins, „sami frasinn ... endalaus forleikur ...svo er allt búið“ (111) – viskan vex með aldrinum, glaumurinn er gamall (130) þótt gjálífið sé ungt, öllu eru takmörk sett, jafnvel gamanið „má“ gerast fremur en að það gerist (61).

Ljóðasmíðina laugar skáldið slíkri högværð og varkárni að liggur við ofþrífum á stöku stað, blærin þó ávallt tær og sjálfum sér samkvæmur. Framsetningin er skínandi einfaldleiki, skáldið tignar þögnina og fylgir þeirri sannfæringu eftir í orði, smíðar auðmjúkt af litlum efnum „við gamaldags arineld“ (105) þar sem lifir í gömlum glæðum „trú á gamla frétt“ (128). Ekkert þýfi.

Í dómkirkjunni í Köln „var gott að stinga sér inn í heilagan jökulkuldann ... úr hitabrækjunni úti“ (69 – eitt örfárra ljóða bókariinnar í þátíð) og fylgir skáldið því leiðarljósi ferðina á enda og viðar að sér gamalkunnum dyggðum: Siðuð fortíð gegn spilltri nútíð, máttur þagnar gegn óreiðu skarkalans,



BÆKUR
Árni Ibsen: Á stöku stað með einnota myndavél
★★★★
Einlæg, smekklegr ljóð, misgóð, þau bestu fullþroska.

listin gegn skrílnum, siður gegn tækni, reynsla gegn ungæði, náttúra gegn breyskum manni, sveit gegn borg ... „sælla væri Sjáland með gamlan fossaróm en hvin í rafmagnsmyllum“ (126)... jöfnuður og mannúð gegn óréttlæti og græðgi, fegurð og frelsi andans gegn hégóma og fjötrum frægðarinnar, andi gegn efni og holdi. Einfalt og gott, engin hitabrækja.

Athygli vekur mynd skáldsins af náttúrunni. Hún er óspillt, andleg sköp, algóð frumorka – friðsemð, kyrrð, blíða, hvergi blettur – öll merki um röskun á samræmi eru mannanna verk, spilling sem komast má hjá. Náttúran sjálf er algóð, á sér enga andhverfu í eðli sínu, hún er fegurðin ein, frumglæðir þess besta ... „sjórinn svo lygn og víður að sigling er óhjákvæmileg“ (54). Mennirnir eru einu ósköpin – en hafi þeir vit til að varast vítin og víkja hvergi frá þeirri trú „að fólkið blómstri í vor“ (124) er siglingin greið ferðalagið á enda.

Falleg og jákvæð lífssýn:
*skuggi gamals skálds
fetar götur Feneyja
í leit að legstað (48)*
Sigurður Hróarsson

Háskólatónleikar á morgun

Á fyrstu háskólatónleikum skólaársins sem haldnir eru á morgun í hádeginu kl. 12.30 í hátíðarsal Háskóla Íslands, flytja Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanó, Auður Hafsteinsdóttir, fiðla, Páll Palomares, fiðla, Svava Bernharðsdóttir, víóla, og Bryndís Halla Gylfadóttir, selló, píanókvintett í A dúr, opus 81 eftir Dvorák.

Píanókvintettinn op. 81 eftir Dvorák hefur lengi verið eitt vinsælasta og mest leikna verk tónbókmenntanna. Það var frumflutt árið 1888 í Rudolphinum-salnum í Prag og var gefið út sama ár í Berlín. Verkið var samið á stuttum tíma og ber með sér ferska strauma samtíma síns. Það gefur einnig mjög persónulega mynd af tónskáldinu og öllum hans fjölmörgu blæbrigðum í tilfinningu og túlkun. Það er fullt af lífsgleði og krafti en er jafnframt hugljúft og blítt.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir kemur fram á fjölmörgum tónleikum ár hvert hérlandis og erlendis og starfar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún er stofnandi og stjórnandi Reykholtshátíðar sem haldin er árlega í júlíok. Auður Hafsteinsdóttir hefur stundað kennslu í fiðuleik við Tónlistarskólann í Reykja-

vík og Listaháskóla Íslands undanfarin ár. Hún tekur jafnframt virkan þátt í tónlistarflutningi hér heima og erlendis, jafnt sem einleikari og í kammertónlist. Bryndís Halla Gylfadóttir er leiðandi sellóleikari Símfóníuhljómsveitar Íslands en er einnig virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi og hefur oft leikið einleik með Símfóníuhljómsveitinni. Páll Palomares er nemandi Auðar við Listaháskóla Íslands og Svava Bernharðsdóttir leikur með Símfóníuhljómsveit Íslands en starfði lengi í Slóveníu.

Steinunni Birnu hefur hlotnast sá mikli heiður að flytja verkið í Rudolphinum-salnum í Prag 10. október næstkomandi ásamt Virtuosi di Praga.

Tónleikarnir hefjast sem fyrr segir kl. 12.30 í hátíðarsal Háskólans við Suðurgötu.

TÓNLIST
Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur á píanói í vinsælum konsert Dvoráks.



TRÍÓ SUNNU GUNNLAUGS Flytur frumsamið efni á Domo annað kvöld.

Söngvaskáld og djass

Boðið verður upp á söngvaskáld og djass á Domo, Þingholtsstræti 5, annað kvöld.

Fyrsta miðvikudag hvers mánadag kl. 20 fer fram Söngvaskáldakvöld Domo. Heiðursgestur kvöldsins að þessu sinni verður Dr. Gunni, sem mun flytja bæði ný og eldri lög úr eigin smíðju. Áður en hann stígur á svið munu fimm önnur söngvaskáld flytja eitt til tvö lög hvert, en Hrynsveit Eyþórs Gunnarssonar annast undirleik.

Að Söngvaskáldakvöldi loknu, kl. 22, tekur svo við djasstónleikaröð Múlans. Að þessu sinni er það Trío Sunnu Gunnlaugs sem stígur á svið og verður á dagskránni bæði nýtt og gamalt frumsamið efni eftir meðlimi tríósins, þau Sunnu Gunnlaugsdóttur píanóleikara, Þorgrím Jónsson kontrabassaleikara og Scott McLemore trommuleikara.

Dagskráin hefst sem fyrr segir kl. 20 og aðgangseyrir er 500 kr.



Upplýsinga- og tölvusvið

Stafræn ljósmyndun

Kennari: Hrönn Axelsdóttir

Tímasetning: 18 kennslust. námskeið, 18. og 25. okt. og 1. og 8. nóv., kl. 18-21.

Staðsetning: Iðnskólinn í Reykjavík, tölvuhús, stofa 621.

Lýsing: Farið verður yfir grunnatriði stafrænna myndavéla, samspil ljósops, hraða og ISO og áhrif þess á myndir. Áhrif linsa á rýmið. Æfingar verða gerðar í tíma, einnig verða heimaverkefni gerð sem eru tengd yfirferð. Helstu leiðréttingar í Photoshop.

Nemendur þurfa að eiga eða hafa aðgang að stafrænni myndavél sem hefur manual fókus.

Námsefni: Hefti frá kennara með helstu upplýsingum um ljósop, hraða, ISO. Photoshop, lagfæringar á myndum.

Verð: 19.000 kr.

SKRÁNING Á WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 522 6500.

Python forritun

Kennari: Andri Mar Jónsson, forritari hjá CCP.

Tímasetning: 30 kennslust. námskeið kennt lau. 20. okt., 27 okt. og 3. nóv. kl. 9–16 alla dagana.

Staðsetning: Iðnskólinn í Reykjavík, tölvuhús, stofa 633.

Lýsing: Grunnatriði Python forritunarmálsins kynnt og æfð með fjölda verkefna.

Forkröfur: Grunnþekking á einhverju forritunarmáli

Námsefni: Frá kennara.

Verð: 30.000 kr.



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

50-70% AFSLÁTTUR

LAGERSALA

TÍSKUFATNAÐUR • BARNAFÖT • SPORTVÖRUR

OPIÐ

Virka daga kl. 12 – 18
Laugardaga kl. 12 – 16

SPORT OUTLET

Vinlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

TICKET TO HEAVEN

skunkfunk

nca:)

MUSTANG JEANS

speedo

PUMA

Aðdáendur ráða verðinu

Sjöunda hljóðversplata Radiohead, In Rainbows, verður fáanleg til niðurhals hinn 10. október og mega kaupendur ráða hvað þeir borga fyrir hana.

Radiohead, sem er þekkt fyrir að fara sínar eigin leiðir, er án útgáfufyrirtækis eftir að samningur sveitarinnar við EMI rann út fyrir tveimur árum. Ákvað hún því að bregða á þetta óvenjulega ráð til að koma lögunum til aðdáenda sinna. Verður platan fyrst um sinn aðeins fáanleg á slóðinni inrainbows.com/Store/Quickindex2.html.

Viðhafnarútgáfa í desember

„Halló öll sömul. Nýja platan er tilbúin og hún kemur út eftir tíu daga; Við köllum hana In Rainbows. Ástar-kveðjur. Jonny,“ sagði í yfirlýsingu gítarleikarans Jonnys Greenwood á heimasíðu Radiohead. Hinn 3. desember verður hægt að panta viðhafnarútgáfu af plötunni með átta aukalögum og textabók. Kostar hún um fimm þúsund krónur.

Ekki á vinsældalistum?

Óvíst er hvort In Rainbows verður gjaldgeng á vinsældalistum vegna þess að hún mun ekki fást á hefðbundnum sölustöðum og hefur ekki fastan verðmiða á sér. Hingað til hafa plötur Radiohead farið beint á toppinn í Bretlandi og selst í milljónaupplagi víða um heim og því yrði um straumhvörf að ræða á ferli sveitarinnar ef hún kæmist ekki á vinsældalista.

Hrist upp í tónlistariðnaðinum

Adam Benzine, blaðamaður Music Week, telur að upptæki Radiohead eigi eftir að hrista rækilega upp í tónlistariðnaðinum. „Platan mun breyta því hvernig fólk hugsar um tónlist. Hún hefur þegar fengið fólk til að hugsa um hversu mikils virði tónlist er í raun og veru. Radiohead hefur alltaf viljað að aðdáendur sínir spyrji spurninga,“ sagði hann í samtali við NME. „Þetta gerist á sama tíma og The Charlatans er að gefa nýjustu plötu sína til niðurhals, Prince gefur DVD-disk ókeypis með blaðinu The Observer og Travis gefur safnplötu sína með Mail on Sunday. Þetta upptæki mun halda áfram að breyta tónlistarlandslaginu hjá þekktum flytjendum.“



THOM YORKE Thom Yorke og félagar í Radiohead senda frá sér nýja plötu hinn 10. október.

Fjögur ár frá síðustu plötu

Síðasta plata Radiohead, Hail to the Thief, kom út árið 2003 og fékk hún nokkuð misjafnar viðtökur. Þótti hún ekki komast með tærnar þar sem The Bends og OK Computer, sem eru af mörgum taldar bestu plötur Radiohead, hafa hælana.

Stereótýpusirkus

I Now Pronounce You Chuck and Larry fjallar um tvær hetjur í slökkviliði Brooklyn sem eru bestu vinir þrátt fyrir mjög ólíka lífnaðarhætti. Larry (Kevin James) er tveggja barna faðir sem missti konu sína fyrir nokkru og Chuck (Adam Sandler) er glaumgosi sem er yfirleitt með svefnherbergið fullt af fáklaeddum kvenmönnum. Þegar Larry biður féлага sinn að staðfesta með sér sambúð til að tryggja börnunum sínum arf ef hann skyldi falla frá fer af stað mjög kómísk atburðarás. Hún fer örlítið fram úr þeim félögum og endar sem fjölmiðlasirkus í réttarsalnum með þá tvo í aðalhlutverkum sem samkynhneigt par. Inn í þetta allt saman fléttast svo kynþokkafullur kvenlögfræðingur, kanadískur innflytjendaprestur og blóðheitir hommahatarar.

Í myndinni koma fram margir þekktir leikarar sem gaman er að sjá í litlum hlutverkum, til að mynda Steve Buscemi, Rob Schneider og Dan Aykroyd. Adam Sandler ferst eins og fyrri daginn vel úr hendi að leika fávítann þó að setja megi spurningarmerki við Chuck sem persónu. Kevin James er skemmtilegur sem einlægi maðurinn en þó finnst mér aðeins vanta upp á að vinátta þeirra tveggja sé sannfærandi. Myndin er ekki gallalaus og missir sig kannski lítillega í gleðinni og kærleiksboðskapnum undir lokin eins og vill oft verða um myndir úr smiðju Hollywood. Að öðru leyti stendur hún undir sér sem þokkaleg helgarafþreying full af stereótýpum og fimmaurum sem varast skal að taka mjög alvarlega.



KVIKMYNDIR

I Now Pronounce You Chuck and Larry
Aðalhlutverk: Adam Sandler, Kevin James. Leikstjóri: Dennis Dugan.

★★
Þokkaleg helgarafþreying, full af fimmaurum og stereótýpum.

NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ HEIM SEM FERU ÞÉR
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

SUPERBAD

LÚXUS

★★★★
-D.O.J., Kvikmyndir.com

★★★★★
-J.I.S. Films

12

“ÁN NOKKURS VAFA FYNDNASTA MYND ÞESSA ÁRS. ÖFYRRISJANLEGUR OG FRÁÐER HÚMÖR.”
HEIDAR AUSTMANN, FM957

FRÁ LEIKSTJÓRA
„WALK THE LINE“
GROVER
BALE

★★★★★
“...Spennandi og
völgerð afþreying
fyrir alla biðgæsti.”
-S.V., MBL

**3:10
TO
YUMA**

16

“Skotheld skemmtun”
-T.S.K., Blaðið

★★★★
-L.P. Film.is

★★★★★
-L.P. Top.is

16

HAIRSPRAY

12

CHUCK AND LARRY

12

**KNOCKED
UP**

★★★★★
-A.F.B. Blaðið

14

M. VIE

55.000 manns

L

HÁKARLABETTA

600 KR.

L

VEDRAMÓT

★★★★★
-S.G. Rás 2

★★★★★
-S.V. MBL

14

SMÁRRÁ BÍÓ SÍMI 564 0000

SUPERBAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SUPERBAD LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
SHOOT EM UP	kl. 8 - 10	16
HÁKARLABETTA	kl. 3:50 - 6	
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
VACANCY	kl. 10:40	16
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8	14
BRETTIN UPP ISL. TAL	kl. 4	
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL	kl. 3:45	

SÍMI 530 1919

SUPERBAD	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
3:10 TO YUMA	kl. 8 - 10:30	16
CHUCK AND LARRY	kl. 5:40	12
VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8	14
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:20	14
ASTRÓPÍA	kl. 6	

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
----------	----------------------	----

Reykjavík International Film Festival

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

27. SEPTEMBER
7. OKTÓBER 2007

DAGSKRÁ OG MIÐASALA
Á WWW.RIFF.IS

SÍMI 462 3500

SUPERBAD	kl. 8 - 10:10	12
CHUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:10	14
HAIRSPRAY	kl. 6	
HÁKARLABETTA	kl. 6	

Leitin að nafntanu er í gegnum ljúfengan mat!

No Reservations

Hugljúf rómantísk gamanmynd

FRÁ HEIM SEM FERU ÞÉR
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

SUPERBAD

KEVIN JAMES OG ADAM SANDLER

CHUCK AND LARRY

Allir eiga sín leyndarmál.

MR. BROOKS

Översatt úr bestu myndinni ársins.

Ósmekkilega söfnun í
hvern einum minni.

BRATZ

Mynd í anda Cuckoo og Mean Girls.

Langmest satta myndin á Íslandi í dag

ASTRÓPÍA

ÁLFABAKKA

NO RESERVATIONS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
NO RESERVATIONS VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
SUPER BAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
CHUCK AND LARRY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 5:30	L
DISTURBIA	kl. 10:10	14
ASTRÓPÍA	kl. 6 - 8	L

AKUREYRI

NO RESERVATIONS	kl. 8 - 10	L
3:10 TO YUMA	kl. 8 - 10	16
BRATZ - THE MOVIE	kl. 6	L
ASTRÓPÍA	kl. 6	L

KEFLAVÍK

CUCK AND LARRY	kl. 10	L
SHOOT EM UP	kl. 8	16
VACANCY	kl. 10	16
LICENSE TO WED	kl. 8	L

SELFÖSSI

DISTURBIA	kl. 8 - 10:20	14
VEDRAMÓT	kl. 8	14
KNOCKED UP	kl. 10:10	12

KRINGLUNNI

NO RESERVATIONS	kl. 6:10 - 8:20 - 10:30	L
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 5:40	L
ASTRÓPÍA	kl. 8	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14
RATATOUILLE MV- ISL. TAL	kl. 5:40	DIGITAL L

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075
- bara lúxus

RUSSELL CROWE
CHRISTIAN BALE

3:10 TO YUMA

FRÁÐER VESTRI
WALK THE LINE

ADAM SANDLER
KEVIN JAMES

I NOW PRONOUNCE YOU
CHUCK AND LARRY

GEGGJUÐ GRINMYND

3:10 TO YUMA

kl. 5:30, 8 og 10:30

16

CHUCK & LARRY

kl. 5:40, 8 og 10:20

12

HAIRSPRAY

kl. 5:40 og 8

L

KNOCKED UP

kl. 10:20

14

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

www.laugarasbio.is - Miðasala á **mid.is**

Reykjavík International Film Festival

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

**27. SEPTEMBER
7. OKTÓBER
2007**

Regnboginn, kl. 20:00

Grandhotel

Frumfyrirbætur á nýjustu mynd tékkneska húmoristans David Ondricek að viðstöddum leikstjóranum og aðalleikunum Klára Issová.

Dagskrá, þriðjudagur 2. október

14:00 í Tjarnarbíó Bræður munu berjast Shotgun Stories Norræna húsið Nótt á vetrarbrautinni	16:00 í Tjarnarbíó Stjórn Control 17:30 í Regnboginn Ljón innanhúss A Lion in the House	18:00 í Tjarnarbíó Andlit líkjuþrúsins Faces of a Fig Tree Regnboginn Haltu kjafti og syngdu Shut up and Sing Stelpur rokka! Girls Rock! Norræna húsið Járnbrautarstjórur The Railroad All-Stars
20:00 í Tjarnarbíó Bleikur Pink	22:00 í Tjarnarbíó Tryllit ást Crazy Love Regnboginn Innflutt útflutt Import Export Umskipti Metamorphosis Blindir englar Blinded Angels Háskólabíó Maður án fortíðar The Man Without a Past	23:00 í Regnboginn Japan Japan

Helsinki harmleikurinn

Aki Kaurismäki er eins finnskur kvikmyndagerðarmaður og fyrirfinnst. Svo finnskur, reyndar, að erfitt er að átta sig á að hvaða leyti hann er mótaður af umhverfi sínu og að hvaða leyti hann hefur mótað Finnland í hugum fólks í öðrum löndum. Samræður persóna hans eru ávallt af skornum skammti og allar eru þær einmana, en stundum finna hinir einmana hvern annan í þögninni.

Fyrsta mynd hins svonefnda Finnlandsþríleiks, „Ský á reiki“ frá 1996, fjallar um Lauri og Ilona, sem bæði missa vinnuna með skömmu millibili, en það voru reyndar örlög margra Finna á kreppuárunum eftir hrun Sovétríkjanna. Hann fær starf sem bílstjóri til Pétursborgar sem lítið verður úr og verður drykkfelliur fyrir vikið, ráðningarskrifstofa stelur reiðufénu Ilonu. Eins og gefur að skilja er húmorinn mjög finnskur. Myndin er afar falleg, litirnir næstum teiknimyndalegir, hún rennur áfram eins og ljóð, en ljóð með fáum orðum.

Margar myndir Kaurismäki fjalla um fólk sem vill komast burt frá Helsinki, eða sem flytur þangað og allt fer á versta veg. Önnur mynd þríleiksins, „Maður án fortíðar,“ hefst eins og önnur mynd hans, Ariel, á því að söguhetjan er rænd og lamin, en í þetta sinn með þeim afleiðingum að hann missir minnið. Hann verður í kjölfarið heimilislaus, og kemst að því að á jaðri samfélagsins má finna hið besta fólk, sem þó er stöðugt ofsótt af einhverskonar yfirvöldum og hundum þeirra.

Flestar myndir Kaurismäki eiga það einnig sameiginlegt að í þeim er engin einföld lausn, minnislausir maður endurheimtir ekki sitt gamla líf í lok myndar, það ríður enginn út í sólsetrið og ástin leysir ekki öll vandamál en gerir þau þó örlítið bærilegri. Maður fær það alltaf á tilfinninguna að baráttan haldi áfram þó að sögunni sé lokið í bili,



KVIKMYNDIR

Kaurismäki á RIFF

Ský á reiki

★★★★★

Maður án fortíðar

★★★★★

Ljós í húminu

★★★

Maður án fortíðar er sýnd 2, 6. og 7. október í Háskólabíói. Ljós í húminu er sýnd 4. og 5. október í Háskólabíói.

myndavélin súmmar inn og út úr sorgum fólks. Sumir telja myndir hans fullar af bjartsýni, en það er mesti misskilningur, Kaurismäki er of heiðarlegur kvikmyndargerðarmaður til þess.

Fyrstu tvær myndir þríleiksins fjalla annars vegar um atvinnuleysi og hins vegar um heimilisleysi og eru báðar stórgóðar á sinn hátt. Því kemur á óvart að síðasta myndin, sem fjallar einmitt um einmanaleikann, skuli vera sú þar sem Kaurismäki fatast flugið.

Þagnirnar hér eru ekki jafn innihaldsríkar og áður, og það að allt fari á versta veg er orðið fyrirsjáanlegt. Kaurismäki segist vera orðinn metnaðarlaus og latur, og myndin ber þess glögg merki. Og það þrátt fyrir atriði þar sem Nauri Nykänen leikur gestahlutverk, en hann er bæði besti barþjónn Helsinki og frænda skíðastökkvarans drykkfella Matti.

Valur Gunnarsson

Margmiðlunarskólinn

Flash vefsíðugerð

Kennari: Guðmundur Jón Guðjónsson.
Kennt tvisvar í viku, 3 tímar í senn.

Tímasetning: 36 kennslust. námskeið, þri- og fim.kvöld frá kl. 18–20. Hefst 16. okt.

Staðsetning: Iðnskólinn í Reykjavík, tölvuhús, stofa 628

Lýsing: Námskeiðið er fyrir þá sem vilja læra að nota Flash forritið til að búa til margmiðlunarvefsíður og vefborða.

Forkröfur: Almenn tölvukunnátta.

Markmið:

Að nemendur geti:

- Komið hlutum á hreyfingu „motion tween“
- Breytt litum og formum “shape tween”
- Þekki mun á mismunandi táknum „symbols“
- Unnið með mismunandi gerðir laga „layers“
- Unnið með hnappa “button” og virkjað þá
- Sett upp vefsíður í flash
- Sett hljóð og kvikmyndir á flash vefsíður

Námsefni: Glósur og sýnidæmi frá kennara.

Verð: 32.000 kr.

Er þrívíddarvinnsla eitthvað fyrir þig?

Kennari: Ari Knörr.

Tímasetning: 22 kennslust. námskeið, þri- og fim. kvöld 27. okt. til 8. nóv. kl 18–21.

Staðsetning: Iðnskólinn í Reykjavík, Tölvuhús, stofa 637.

Lýsing: Á þessu námskeiði er farið í grunnatriði þrívíddarvinnslu:

- Hvernig módel verða til?
- Hver eru grunnatriði áferða og ljósa?
- Hvernig á að stilla upp myndavélum?
- Hvernig verða hreyfimyndir til?
- Hvernig á að keyra út vídeómyndir af módelum?
- ‘Tips and tricks’ í þrívíddarvinnslu!

Forkröfur: Ensukunnátta, þar sem eitthvað af kennsluefninu er á ensku. Kennsla fer fram á íslensku.

Námsefni: Námsefni er í fyrirlestraformi, vídeo-kennsluefni sem og pdf skjölum sem kennari veitir aðgang að.

Verð: 24.000 kr.

SKRÁNING Á WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 522 6500.



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Til leigu eða sölu



Sundaborg 8 & 11-15, Reykjavík

Samtals 2802 m²

Verslunar- og lagerhúsnæði á jarðhæð og í sjálfstæðri skemmu.

Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð.

Ástand húsnæðis mjög gott.

Staðsetning í nágrenni við Sundahöfn.

Frábært útsýni.



Kaplahraun 2-4, Hafnarfirði

Samtals 2362 m²

Vöruskemma. Límtré. Grunnflötur 2268 m²

Milliloft. Skrifstofur og starfsmannaaðstaða 93 m²

Lofthæð rúmir 8 m undir bita í mæni

Engir burðarveggir eða súlur inni í húsinu.

Frábær staðsetning, stór lóð og gott útisvæði 7494 m²

Möguleiki á viðbótarbyggingarétti.

Hafðu samband í síma 899 2950 eða með tölvupósti á olafurkr@internet.is og fáðu nánari upplýsingar eða pantaðu skoðun.

AKSO fasteignir

> Magnús hættur með Víking

Knattspyrnudeild Víkings sendi frá sér fréttatilkynningu síðdegis þar sem fram kom að samkomulag hefði náðst við Magnús Gylfason um að hann léti af störfum sem þjálfari liðsins en eins og kunnugt er féll Víkingur úr Landsbankadeildinni um síðustu helgi. Í tilkynningunni kemur fram að viðskilnaðurinn sé gerður í sátt beggja aðila. Magnús er ekki einn um að vera á förum frá Víkingi því þeir Höskuldur Eiríksson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson eru á meðal þeirra sem fara frá liðinu og eru báðir sterklega orðaðir við sitt gamla félag, KR. Sinisa Kekic er einnig samningslaus við Víking en Víkingar leggja mikla áherslu á að halda honum hjá félaginu enda stóð hann sig frábærlega í sumar.

sport
sport@frettabla-



VEIGAR PÁLL GUNNARSSON: EKKI SÁTTUR VIÐ UMMÆLI ÞJÁLFARA SÍNS UM SLÆMT HUGARFAR

Það er enginn eins tapsár í liðinu og ég

Veigar Páll Gunnarsson var ekki nema skugginn af sjálfum sér í leik Stabæk og Lyn um helgina. Hann var tekinn af velli þegar rúmur hálf tími lífði leiks. Samkvæmt norskum fjölmiðlum lét Veigar sig hverfa af velli um í fússi í kjölfarið. Þjálfari Stabæk, Jon Jónsson, sagði ástæðuna fyrir því að hann tók Veigar af velli hafa verið frammistaða hans og hugarfar. Veigar mætti síðan ekki á æfingu í gær vegna veikinda en það vakti einnig athygli norskra fjölmiðla.

„Ég er að fylgjast með þessari fjölmiðla-umfjöllun á netinu og er hálffhissa á þessu öllu saman“, sagði Veigar en hann sagði ekkert óeðlilegt við að hann hefði tekið sér veikindafrí frá æfingum.

„Ég átti annars lélegan leik þarna og þetta var fyrsti virkilega lélegi leikur minn síðan ég kom til Noregs fyrir þrem árum síðan. Ég fór svo ekkert af velli um heldur horfði ég á leikinn í sjónvarpi undir stúkunni. Það var ekkert óeðlilegt við það. Öll umfjöllun um að ég hafi strúsað heim er



einfaldlega röng. Ég vildi samt fá að vera í friði enda var ég ósáttur við sjálfan mig fyrir það hversu illa ég spilaði.“

Veigar segist vera mjög ósáttur við orð þjálfarans síns eftir leikinn, sem hann segir enn fremur vera stílbrot af hálfu þjálfarans sem hann hafi alltaf átt gott samstarf við.

„Ég er hundfúll yfir því sem hann segir eftir leikinn. Mér finnst sárt að lesa að ég sé með vont viðhorf og hafi ekki sýnt áhuga. Það er algjört kjaftæði. Það þolir enginn eins illa að tapa í liðinu og ég. Þess vegna skil ég þetta ekki. Ég mun taka þetta upp við þjálfarann enda er ég langt frá því að vera sáttur. Mér finnst ég ekki eiga skilið slíka meðferð eftir aðeins einn verulega lélegan leik á þrem árum. Ég á betra skilið eftir frammistöðu mína með liðinu á þessum tíma“, sagði Veigar Páll en honum leið líkt og honum væri kennt um tapið.

„Það sauð alveg á mér þegar ég kom heim eftir leikinn og sá ummælin á netinu. Ég varð mjög reiður.“

Heitir Húsvíkingar án samnings

Fjöldi leikmanna í Landsbankadeildinni verður samningslaus á næstu vikum. Verður eflaust hart bitist um feitustu bitana. Meðal þeirra sem brátt verða án samnings eru Húsvíkingurinn Jónas Grani Garðarsson, markakóngur Landsbankadeildarinnar, og Baldur Aðalsteinsson sem spilaði sig inn í landsliðið í sumar.

FÓTBOLTI Þó svo að Landsbanka-deildin sé á enda þetta sumar eru stjórnarmenn félaganna ekki á leið í sumarfrí því nú tekur við hat-römm barátta á leikmannamark-aðnum er félögin reyna að styrkja sig eins og þau best geta fyrir næsta tímabil. Sem fyrr eru mjög sterkir leikmenn að klára sína samninga og þeirra á meðal eru Húsvíkingarnir Jónas Grani Garðarsson og Baldur Aðalsteins-son sem báðir voru á meðal bestu leikmanna deildarinnar í sumar.

„Ég sýndi hvað ég get og kann í sumar. Maður gerir lítið þegar maður situr á bekknum og ég er í dag með þjálfara sem hefur trú á mér. Þess utan æfði ég vel og uppskeran er mjög ríkuleg að þessu sinni“, sagði Jónas Grani en hann fór á kostum í framlínu Fram í sumar, skoraði þrettán mörk og tók gullskóinn. Óhætt er að segja að frammistaða Jónasar hafi komið mörgum á óvart enda hafði hann meira og minna setið á bekknum hjá FH síðustu árin.

Hann var settur á bekkinn aðeins einu sinni í sumar; þegar Henry Nwosu kom til Fram, en hann fór meiddur af velli eftir



Á LAUSU Húsvíkingarnir Baldur Ingimar Aðalsteinsson og Jónas Grani Garðarsson munu eflaust geta valið úr tilboðum á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL OG EYVÖR



nokkrar mínútur, Jónas Grani kom inn fyrir hann, skoraði tvö mörk og leit aldrei til baka enda skoraði hann í öllum leikjum nema einum eftir það.

„Vissulega var þetta ákveðinn vendipunktur hjá mér. Ég var full að fara á bekkinn eins og alltaf þegar maður er settur á bekkinn og mér fannst það ekki sanngjarnt á þessum tíma. Ég svaraði því á þann eina hátt sem hægt var“, sagði hinn 34 ára Jónas Grani, sem hafði gælt við þá hugmynd að leggja skóna á hilluna eftir tíma-bilið en af því verður líklega ekki.

„Það er rosalega erfitt að hætta núna. Ég get ekki neitað því. Ég býst fastlega við því að halda

áfram enda aldrei gengið svona vel.“ sagði Jónas Grani en er sjálfgefið að hann spili með Fram? „Nei, það er ekkert sjálfgefið en það er langlíklegast að ég spili áfram með Fram.“

Baldur Aðalsteinsson er að skoða sín mál í rölegheitum þessa dagana en hann hefur fengið fyrirspurnir að utan og skal engan undra þar sem hann spilaði frábærlega fyrir Íslandsmeistar-ana í sumar.

„Það er ekkert fast í hendi en það hafa komið fyrirspurnir frá Skandinavíu. Ég ætla samt ekkert út bara til að fara út. Ég mun gefa mér góðan tíma til að skoða málín áður en ég tek einhverja

STERKIR MENN Á LAUSU

Eftirfarandi eru að klára samning:

Baldur Ingimar Aðalsteinsson
Jónas Grani Garðarsson
Björgólfur Takefusa
Sigmundur Kristjánsson
Höskuldur Eiríksson
Grétar Sigfinnur Sigurðsson
Gunnar Örn Jónsson
Sigurvin Ólafsson
Jón Þorgrímur Stefánsson
Alexander Steen
Magnús Páll Gunnarsson
Barry Smith
Guðmundur Benediktsson

Önnur umferð Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum:

Hefnir Roma fyrir rassskellinguna?

FÓTBOLTI Önnur umferð Meistara-deildar Evrópu hefst í kvöld og þar ber hæst viðureign Man. Utd og Roma en United flengið Roma þegar liðin mættust á Old Traff-ord í fyrra, 7-1.

„Þetta var einstakur leikur hjá liðinu. Þetta gerist aldrei aftur. Evrópuboltinn býður einfaldlega ekki upp á það lengur. Þetta er þar af leiðandi sérstakur leikur fyrir þá enda vilja þeir rétta sinn hlut“, sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, en Tomasz Kuszczak mun standa í marki United enda

LEIKIR KVÖLDSINS:

Lyon-Rangers	E-riðill
Stuttgart-Barcelona	E
Man. Utd-AS Roma	F
Dynamo Kiev-Sporting Lisbon	F
CSKA Moskva-Fenerbahce	G
Inter-PSV	G
Steaua Búkarest-Arsenal	H
Sevilla-Slavia	H



ÓTRÚLEGAR LOKATÖLUR Áhorfendur á Old Trafford upplífuðu ótrúlega kvöldstund í apríl síðastliðnum.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Edwin Van der Sar meiddur. Wes Brown og Nemanja Vidic eru tæpir. Owen Hargreaves er aftur á móti klár í slaginn.

„Mínir menn munu leggja gríðar-lega mikið á sig til að leiðrétta slysið frá síðustu leiktíð. Það er

mikill vilji í hópnum til að svara fyrir sig. Við tölum samt ekki um neina hefnd enda gætum við þá mætt til leiks með röngu hugar-fari“, sagði Luciano Spalletti, þjálfari Roma.

- hbg

N1

N1 DEILD KARLA

Þriðjudagur 2. október

HK - Valur

Digranes kl. 20.00

ákvörðun,“ sagði Baldur, sem hefur liðið vel hjá Val og hann segist munu ræða við Valsmenn fljótlega.

„Það er eðlilegast í stöðunni að heyra í þeim næst. Það er ekkert sjálfgefið í þessum bransa en auðvitað er langmestar líkur á því að ég spili með Val, fari svo að ég spili áfram hér heima,“ sagði Bald-ur.

henry@frettabladid.is

ÞJÁLFARARNIR

Staða þjálfaranna í efstu deild:

FH: Ólafur Jóhannesson að klára samning. Framhald óráðið.

Valur: Willum Þór Þórsson er með samning til ársins 2009.

ÍA: Guðjón Þórðarson er samnings-bundinn og verður áfram.

Fylkir: Leifur Garðarsson er samn-ingsbundinn og verður áfram.

Breiðablik: Ólafur H. Kristjánsson er með samning og verður líklega áfram.

Keflavík: Kristján Guðmundsson verður væntanlega áfram.

Fram: Ólafur Þórðarson er með endur-skoðunarákvæði í samningi sínum og mun ræða við Fram fljótlega.

KR: Án þjálfara. Logi Ólafsson og Heimir Guðjónsson orðaðir við stöðuna.

HK: Gunnar Guðmundsson verður áfram eftir því sem næst verður komist.

Grindavík: Milan Stefán Jankovic verður áfram.

Þróttur: Gunnar Oddsson verður væntanlega áfram.

Fjölnir: Ásmundur Arnarsson verður væntanlega áfram.

LANDSBANKAÐEILDIN

Leikmenn að klára samning:

KR:

Ágúst Þór Gylfason
Björgólfur Takefusa
Kristinn Magnússon
Sigmundur Kristjánsson
Skúli Jón Friðgeirsson
Tryggvi Sveinn Bjarnason
KR vildi ekki ræða samningamáli leikmanna í gær. Við þetta má bæta að Sigþór Júlíusson er hættur.

Leikmenn að klára samning:

HK:

Ásgrímur Albertsson
Calum Pór Bett
Finnbogi Llorens
Hermann Geir Þórsson
Hólmur Örn Eyjólfsson
Hörður Már Magnússon
Jón Þorgrímur Stefánsson

Leikmenn að klára samning:

GRINDAVÍK:

Óli Stefán Flóventsson
Paul McShane.
Báðir fá nýtt samningstilboð.

Leikmenn að klára samning:

ÞRÓTTUR:

Hallur Hallsson
Ólafur Tryggvason
Hjörtur Hjartarson gæti svo lagt skóna á hilluna.

FJÖLNI:

Aðeins fimm leikmenn eru með samning við Fjölni samkvæmt heimasíðu KSÍ. Samningar þriggja eru að renna út.

***stuðst var við upplýsingar af heimasíðu KSÍ um samningsstöðu leikmanna.**



Í DAG KL. 18:30
MAN. UTD.
ROMA
MEISTARADEILDIN


STÓR LEIKIR

Í DAG KL. 18:30
Manchester Utd. – Roma Sýn
Steaua – Arsenal Sýn Extra
Stuttgart – Barcelona Sýn Extra 2

Á MORGUN KL. 18:30
Liverpool – Marseille Sýn
Valencia – Chelsea Sýn Extra
Lazio – Real Madrid Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 18:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins
kl. 20:40

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.



SYN
besta sætið

> MEG RYAN

„Klárlega eru rómantískar gamanmyndir mín sérgrein. Ég hef ekkert á móti því að segja það, enda er það satt. Ég elska að leika í þeim og vonandi mun ég alltaf leika í þeim. Mér finnst ég samt ekkert vera sérstaklega dæmigerð því mér finnst ég gera svo fjölbreytta hluti. Hvort þeir sjást eða ekki er svo annað mál,“ lét Meg Ryan hafa eftir sér eitt sinn. Hún sést í heldur óvenjulegu hlutverki í myndinni *Courage Under Fire* sem Stöð 2 Bíó sýnir í dag.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR** ER ÁNÆGÐ MEÐ SUNNUDAGSKVÖLDIN

Vala Matt er eins og Hemmi Gunn

Sunnudagskvöldin eru orðin að uppáhaldssjónvarpskvöldunum mínum og alls engin DVD-kvöld lengur. Eftir *Opruh* og fréttir byrjar kvöldið á viðtalsþætti Evu Maríu. Næturvaktin tekur svo við en sá þáttur er allur að koma til. Það má allavega alltaf hlæja að Pétri Jóhanni. Hann er ábyggilega fyndinn þegar hann sefur og án efa nokkrir frasararnir sem við eigum eftir að apa eftir honum. Eigum við að ræða það eitthvað eða?

Ég uppgötvaði nýlega sérvitrिंगinn Monk. Hafði eiginlega ákveðið að þátturinn væri leiðinlegur en sannleikurinn er sá að Monk er snillingur. The Tudors er einnig hörkusería með alvöru dramatík og ástarflækjum Hinriks VIII konungs og geðsjúklings. RÚV endar svo kvöldið á einhverri evrópskri kvikmynd í sunnudagsbíóinu eða þá Skjár einn með CSI: New York. Það er varla hægt að biðja um meira.

Lífstílsþátturinn Innlit/Útlit hefur snúið aftur á skjá-



inn eftir sumarfrí og bjargar þannig þriðjudagskvöldum. Skjár einn sýnir Allt í drasli á undan en ég hef einfaldlega ekki lyst á þeim þætti svona stuttu eftir kvöldmatinn. Nú þegar þáttur Völu Matt, Matur og lífsstíll, hefur runnið sitt skeið á enda er forvitnilegt að vita hvað Vala ætlar sér næst. Vala er einhvern veginn eins og Hemmi Gunn. Það heppnast allt hjá þeim, verður einhvern veginn skothelt. Vonandi sjáum við hana aftur sem fyrst og helst í einhverjum ekta Völu Matt-þætti. Það er aldrei nóg framboð af lífsstílsþáttum.

INNLIIT/ÚTLIT Þríeykið hefur snúið aftur á skjáinn eftir sumarfrí og bjargar þannig þriðjudagskvöldum.

EKKI MISSA AF



► **18.30 Stuttgart-Barcelona**
SYN EXTRA



► **20.00 George Lopez** SIRKUS



► **21.00 NCIS** STÖÐ 2



► **21.00 Innlit/útlit** SKJÁREINN



► **23.20 The Sopranos** RÚV

SYNVARPIÐ

15.40 Sportið

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (29:52)

18.00 Geirharður bojng bojng

18.25 Nægtaborð Nigellu (3:13) Matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgjöf-an Nigella Lawson snarar fram girnilegum krásum. e.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Stefnaþættið forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Geir Haarde forsætisráðherra flytur stefnu-ræðu sína og fram fara umræður um hana. Ræðuflutningurinn hefst kl. 19.50.

22.00 Tíufréttir

22.25 Dauðir rísa (10:12) (Waking the Dead IV) Breskur sakamálaflökkur um Peter Boyd og félag hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emmyverðlauna sem besta leikna sjónvarps-efnið.

► **23.20 Soprano-fjölskyldan** (10:21) Myndaflokkur um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Aðalhlutverk leika James Gandolfini, Edie Falco, Jamie Lynn Siegler, Steve Van Zandt, Michael Imperioli, Dominic Chianese, Steve Buscemi og Lorraine Bracco. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni www.hbo.com/sopranos. e.

00.15 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Elektra

08.00 Garfield: The Movie

10.00 Love Don't Cost a Thing

12.00 Owning Mahowny

14.00 Garfield: The Movie

16.00 Love Don't Cost a Thing

18.00 Owning Mahowny

20.00 Elektra

22.00 Courage under Fire Aðalhlutverk: Denzel Washington og Meg Ryan. 1996. Stranglega bönnuð börnum.

00.00 Bodywork

02.00 Straight Into Darkness

04.00 Courage under Fire (e)



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Kalli litli kanína og vinir, Camp Lazlo 1

08.10 Oprah

08.55 í finu formi

09.10 The Bold and the Beautiful

09.30 Wings of Love (32:120)

10.15 Sisters (19:24)

11.00 Blue Collar

11.25 Matur og lífsstíll

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Homefront (14:18)

13.55 Ítalíuævintýri Jamie Olivers (6:6)

14.20 America's Got Talent (1:15)

15.55 Barnatími Stöðvar 2 (17:22)

17.30 The Bold and the Beautiful

17.55 Nágrannar

18.20 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir.

19.25 Simpsons (2:21)

19.50 Friends (4:24) (Vínir 8)

20.15 Extreme Makeover: Home Edition (18:32) Fjölskylda sem býr í hjól-hýsi fær glænýtt heimili á sjö dögum.

► **21.00 NCIS** (6:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sersveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjólið-um, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliða. (6:24) Skelfing grípur um sig þegar dóttur sjóliða er rænt í kjölfar innbrots á heimili þeirra. Nú er teymið í kapphlaupi við tímann en vísbendingar eru af skömum skammti. 2006.

21.45 Kompás

22.20 60 mínútur

23.05 Justice (7:13) Spannandi lögræði-þættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögræði-stofu í Los Angeles þar sem stóru og um-töluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttun-um hefur verið líkt við Practice.

23.50 Big Love (5:12)

00.40 Ghost Whisperer (31:44)

01.25 Tupac: Resurrection

03.20 The Closer (9:13)

04.05 Medium (4:22)

04.50 Justice (7:13)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ



17.00 David Beckham - Soccer USA (10:13) Glænýr þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnst nýjum samherjum Beckham.

17.30 Meistaradeild Evrópu fréttar-þáttur

18.00 Meistaradeildin - upphitun Allir helstu spekingar Sýnar spá í spilin fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

► **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Man. Útd. - Roma) Bein útsending frá Old Traff-ord þar sem Rauðu djöflarnir taka á móti Francesco Totti og félögum hans í Roma. Leikur liðanna í fyrra endaði 7-1 fyrir United.

20.40 Meistaradeildin - meistaramörk

21.20 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Steua og Arsenal í riðlakeppni Meist-aradeildar Evrópu. Leikurinn var sýndur beint á Sýn Extra klukkan 18.30.

23.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Stuttgart og Barcelona í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn var sýndur beint á Sýn Extra klukkan 18.30.

01.00 Meistaradeildin - meistaramörk



07.00 Tottenham - Aston Villa

14.40 Coca-Cola Championship

16.20 Tottenham - Aston Villa

18.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjómurnar leitaðar uppi og svip-myndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvik í leikj-um síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

19.00 Birmingham - Man. Útd.

20.40 Everton - Middlesbrough

22.20 English Premier League 2007/08 (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hrað-ari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sér-fræðinga.

23.15 West Ham - Arsenal Upptaka af nágrannaslag West Ham og Arsenal sem fram fór 29. september.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

16.45 Vörutorg

17.45 Family Guy (e)

18.15 Dr. Phil

19.00 Sport Kids Moms & Dads (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrar sem leggja allt í sölmur til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttageirn. Fylgst er með krökkunum ganga í gegnum líkamlega og andlega erfiðar æfingar og keppnir, vinna sæta sigra og kynnst sársaukanum sem fylgir því að tapa.

20.00 According to Jim (3:18) Gælugrís fjölskyldunnar gleypir strokeður og Jim tímr ekki að borga fyrir rándýra aðgerð.

20.30 Allt í drasli (2:13) Hreinlætis-dívumar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja hjón í Kópavogi sem eru með allt í óreiðu á heimilinu. Þau byrjuðu að gera upp heimilið en erfið veik-indi settu allt í biðstöðu og síðan þá hefur draslið hrannast upp.

► **21.00 Innlit / útlit** (2:13) Hönnunar-og lífstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við. Að þessu sinni verður m.a. fylgst með stórtækum breyting-um hjá hjónum sem eru nýbúin að kaupa sér hús í Kópavogi, kikt á veitingastaðinn Friðrik V á Akureyri og litið við hjá listakonu bæði heima fyrir og í galleríinu hennar.

22.00 Heartland (5:9) Dramatísk lækna-sería með Treat Williams í aðalhlutverki. Kate og Jonas fara til Vestur-Virginíu til að sækja lífur fyrir dauðvona konu en þar mæta þeim kynþáttafordómur. Heima fyrir þarf dr. Grant að spyrja sjálfan sig siðferðis-legra spurninga þegar sjúklingur hans kaupir lífur á svörtum markaði í Mexíkó.

22.50 Sigtíð Íslensk gamansería um von-lausasta sjónvarpsmann landsins, Frímann Gunnarsson, og félag hans.

23.15 Starter Wife (e).

00.05 C.S.I. New York (e)

00.55 C.S.I.

01.45 Vörutorg



12.15 Samantekt helstu fréttar vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.



Okkur vantar hlaupara!

Pósthúsið leitar að kraftmiklu fólki til starfa sem hlauparar. Í boði eru góð laun fyrir duglegt fólk, hressandi útvera og sveigjanlegur vinnutími.

Hlauparar eru þeir aðilar sem taka að sér íhlaupavinnu hjá Pósthúsinu og vinna við dreifingu Fréttablaðsins ásamt fylgiritum. Vinnan fer fram í breytilegum hverfum á höfuðborgarsvæðinu milli kl. 2 og 9.

Hlauparar þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa bíl til umráða.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is.

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarframtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is



Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 23.05
Justice

Spennandi lögfræðiþættir sem gerast á eftirsótttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við The Practice. Í þætti kvöldsins lætur moldríkur ungur maður lífið í flugslysi ásamt kærustu sinni en foreldrar stúlkunnar telja að tengdaforeldrar hennar séu á einhvern hátt viðríðnir málið.

► VIÐ MÆLUM MED
Man. United - Roma
Sýn kl. 18.30

Stálin stinn mætast í kvöld á Old Trafford. Roma-menn koma glorsoltnir til leiks eftir niðurlæginguna frá því í fyrra þegar United slátraði Roma, 7-1. Nokkuð ljóst er að sagan mun ekki endurtaka sig enda hefur Roma styrkt sig mikið frá því í fyrra og þó svo að United-liðið sé firnasterkt er munurinn á liðinum ekki svona mikill.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.05 Morgunvaktin

08.00 Morgunfréttir

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Heima er best

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.03 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vítt og breitt

14.03 Stef

15.03 Útvarpssagan: Vansæmd

15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Endurómur úr Evrópu

19.50 Útvarp frá Alpíngi

22.10 Veðurfregnir

22.15 Fimm fjórðu

00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

18.20 Fréttir

19.10 Hollyoaks (26:260)

19.30 Hollyoaks (27:260)

► 20.00 The George Lopez Show (10:22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.

20.30 Jake 2.0 (12:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggi en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.

21.15 Windfall (3:13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki fól og vandræðin eru rétt að hefjast.

22.00 Men In Trees (16:17) Marin á í vandræðum með nýja húsið en framkvæmdimar ganga ekki eins vel og hún gerði ráð fyrir. Það breytist hins vegar allt þegar hún kynnist aðlaðandi verkamanni sem gengur í málið.

22.45 Saving Grace (4:13)

23.30 The Will (4:6)

00.10 E-Ring (9:22)

00.55 Ren & Stimpy

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

11.00 As Time Goes By

11.30 Last of the Summer Wine

12.00 The Aristocrats

13.00 The Inspector Lynley Mysteries

14.00 Houses Behaving Badly

14.30 Cash in the Attic

15.30 Home From Home

16.00 As Time Goes By

16.30 Last of the Summer Wine

17.00 Little Angels

17.30 Little Angels

18.00 Silent Witness

19.00 Broken News

19.30 The Mighty Boosh

20.00 Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps

20.30 Absolute Power

21.00 Silent Witness

22.00 2 POINT 4 CHILDREN

22.30 Broken News

23.00 The Mighty Boosh

23.30 As Time Goes By

0.00 Last of the Summer Wine

0.30 EastEnders

1.00 Silent Witness

2.00 The Aristocrats

3.00 Location, Location, Location

NRK1

10.00 NRK nyheter

10.15 Et!

10.50 Stortingets høytidelige åpning

12.00 Skjergardsdokteren

12.55 Tom og Jerry

13.00 Hemmelig agent på moped

13.30 Ghost Trackers

13.50 Grusomme grøss

14.00 Gatefotball

14.30 Kim Possible

14.55 Minikryp

15.00 NRK nyheter

15.10 Oddasat - Nyheter på samisk

15.25 Landgang

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Det lille spøkelseset Laban

16.10 Dyrlege Due

16.20 Angelina Ballerina

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Ut i naturen

17.55 Kos og kaos

18.25 Vi redder verden - etter kaffen

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen

21 19.30 Standpunkt

20.15 Extra-trekning

20.30 Bokprogrammet

21.00 Kveldsnytt

21.15 Heroes

21.55 Filmpianeten

22.25 Portalen

23.10 Kulturmytt

23.20 Autofil jukeboks

1.00 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

12.05 Flottans överman

13.30 Andra Avenyn

14.00 Rapport

14.10 Gomorron Sverige

15.00 Life & Living Processes

15.20 Flag Stories - in English

15.25 Flag Stories - in English

15.30 Krokmax

16.00 BoliBompa

16.10 Berättelser från hönsgården

16.20 Lauras stjärna

16.30 Seaside hotell

16.45 Rekordbyrån

17.00 Bobster

17.05 Grand Prix

17.30 Rapport

18.00 Andra Avenyn

18.30 Mitt i naturen

19.00 Plus

19.30 Skild!

20.00 Race

20.30 Jättespindlarna anfaller

22.05 Rapport

22.15 Kulturmyheterna

22.25 Ömen

23.25 Mia och Klara

23.55 Sändningar från SVT24

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:     

GREY'S ANATOMY

HEFST Í OKTÓBER



FRÁBÆR DAGSKRÁ Í OKTÓBER



ALGJÖR SVEPPI! - allar helgar.
Glens og grín ásamt vönduðu talsettu barnaefni allar helgar.



TEKINN 2 - alla föstudaga.
Fræga fólkíð tekið - Jógvan, Inga Lind, Birgitta Haukdal, Geir Ólafs og fleiri.



NÆTURVAKTIN - alla sunnudaga.
Frábærir gamanþættir sem hafa slegið rækilega í gegn.



DAMAGES - alla sunnudaga.
Besti nýi þátturinn síðan Sopranos. Magnaður spennuþáttur.

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Sushi er uppáhaldsmaturinn minn og mér fannst alltaf voða-lega gott að fara á Maru, en vantar arftaka hans. Ég auglýsi bara eftir góðum sushi-stað hér með. Svo er ég að fara á Silfur á næstu dögum, sem ég hef hlakk-að mikið til að prófa.“

Tínnu Lind Gunnarsdóttir leikkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. viðlag 6. frá 8. kæla 9. tangi 11. íþróttafélag 12. glans 14. loðmý 16. bardagi 17. fugl 18. niður 20. tveir 21. nabbi.

LÓÐRÉTT
1. afli 3. golf áhald 4. inúíti 5. fley 7. hræðsla 10. tala 13. fiskur 15. margskonar 16. flyti 19. tveir eins.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. tang, 3. tí, 4. eskími, 5. far, 7. félmtur, 10. sjó, 13. áll, 15. ýmis, 16. asa, 19. öð.
LÁRÉTT: 2. stef, 6. af, 8. ísa, 9. nes, 11. kr, 12. gljái, 14. mölmý, 16. at, 17. lóm, 18. suð, 20. il, 21. arða.

vísir.is

Fyrstur með fréttirnar

ÖMMUKLEINUR

– opinbert fjölskylduleyndarmál

www.ommubakstur.is

Leigubílstjórar berjast gegn krabbameini

Leigubílar með bleik skilti vöktu athygli vegfarenda á götum höfuðborgarinnar í gær. Þar voru á ferð bílar frá Hreyfli-Bæjarleiðum, sem leggur baráttunni gegn brjóstakrabbameini lið, en október-mánuður er helgaður henni. „Þetta er búið að vera lengi í bígerð,“ sagði Vignir Þröstur Hjálmarsson, deildarstjóri hjá Hreyfli-Bæjarleiðum. Hafist var handa við að skipta hefðbundnum skiltum út fyrir þau bleiku í gær, en á þeim nýju hefur x-ið í Taxi vikið fyrir bleikum borða, tákni brjóstakrabbameins. Bílar Hreyfils eru rúmlega 350 talsins, að sögn Vignis Þröstar, sem telur að langflestir muni taka þátt í átakinu. Sótt var um sérstaka undanþágu, þar sem lög gera ráð fyrir að leigubílar hafi gul skilti. „Þetta ætti að vekja athygli á barátt-



BLEIKIR BÍLAR Leigubílar Hreyfils-Bæjarleiða verða prýddir bleikum skiltum næstu tvo mánuði til að vekja athygli á brjóstakrabbameini. Vignir Þröstur er hér ásamt einum þeirra leigubílstjóra sem munu selja bleikar slaufur út nóvember.

unni allri. Það er tilgangurinn með átakinu, að vekja konur til umhugsunar um að fara í skoðun,“ útskýrði hann. Átakið stendur yfir í tvo mánuði og verða bílstjórar einnig með bleikar slaufur til sölu í bílum sínum á þeim tíma, en ágóði af sölu þeirra rennur óskertur til Krabbameinsfélagsins. Vignir Þröstur sagði bílstjórana hafa tekið mjög vel í fyrirkomulagið. „Ég heyrði líka í einum sem seldi slaufu í einni af fyrstu ferðunum sínum, svo hann taldi það lofa góðu,“ sagði hann. Átakið verður endurtekið næstu fimm árin, en það er hið fyrsta sinnar tegundar. „Þetta er nýtt á heimsvísu,“ sagði Vignir Þröstur, og kvaðst vonast til að Íslendingar gætu þannig orðið til fyrirmyndar fyrir bílaflota annarra stórborga.

MARTA RÚNARSDÓTTIR: TÓK ÞÁTT Í LONDON FASHION WEEK

Hannar skó á Jordan

Skóhönnuðurinn Marta Rúnar-
dóttir sem stendur að baki hinu vinsæla merki Logo 69 tók nýverið þátt í London Fashion Week þar sem hún sýndi nýja haust- og vetrarlínu Logo 69 auk línu sem er ný og ber heitið Marta Collection. Fyrirtækið hefur alla tíð haft höfuðstöðvar í London þar sem Marta býr. Hún heldur engu að síður fast í ræturnar, notar íslenskt fiskiroð í nýju skóna og drekkur ekkert nema íslenskt vatn sem hún lætur senda sér til Bretlands. „Marta Collection verður dýrari lína þar sem ég nota finni efni á borð við íslenskt fiskiroð, snáka- og krókóðilaskinn,“ segir Marta. Hún segist vera ánægð með hvernig til tókst á sýningunni í síðustu viku. „Það var skemmtilegt að gera þetta í kringum tiskuvíkuna enda er alltaf viss stemning sem myndast í kringum hana. Sendi-herra Bretlands kom og klippti á borðann en 95% þeirra sem mættu voru konur. Þetta var náttúrliga skósýning og konur eru óðar í skó,“ segir Marta og hlær.

Sjálf er Marta mikil áhuga-manneskja um skó en hún er sjálfærð í sinni hönnun. „Ég hanna allt beint frá hjartanu,“ segir hún. „Ég byrjaði að vinna í skóbuð á Laugaveginum á unga aldri og eftir það varð ekki aftur snúið. Ég mála meira að segja myndir af skóm þá sjaldan ég á frí.“ Marta virðist vera að gera eitthvað rétt því skórnir seljast í þúsundtali og stjórnur á borð við fyrirsætuna Jordan og sjónvarpskonurnar Kelly Brook og Nell McAndrew ganga helst ekki í öðru. „Jordan er búin að ganga í skónum mínum í að verða fimm ár held ég,“ segir Marta.

Hvað varðar haust- og vetrar-tiskuna í ár segir Marta að lakk-skór séu í aðalhlutverki. „Það er númer eitt. Það verða allir að eignast lakkskó í ár, því fyrr, því betra.

NOTAR ÍSLENSKT FISKIROÐ Marta Rúnar-dóttir setti nýverið nýja línu á markað undir heiti-nu Marta Collect-ion. „Það er dýrari lína þar sem ég nota finni efni á borð við íslenskt fiskiroð, snáka- og krókóðilá-skin,“ segir Marta.



LAKK, LAKK OG AFTUR LAKK

Marta segir að í ár verði allir að eignast lakkskó og jafnvel lakkveski, en þau eru nýjung innan Logo 69. „Lykilorðin eru lakk, lakk og líka krumpulakk. Ég held að rauðir skór og varalitir í stíl komi inn núna. Við erum búnar að vera litlausar á vörum í allt of langan tíma,“ segir Marta enn fremur. Skórnir og veskið eru úr haust- og vetrar-línu Logo 69.

Svart er áberandi litur og auk þess rautt, gull og silfur. Ég held að rauðir skór og varalitir í stíl komi inn núna. Við erum búnar að vera litlausar á vörum í allt of langan tíma. Lykilorðin eru því lakk, lakk

og líka krumpulakk. Hvað varðar hæla og tær er enn þá allt í tísku. Tærnar eru samt að breytast í sniðinu enda verða konur að hafa afsökun fyrir því að fá sér eitt par í viðbót.“
sigrunosk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Almannatengslafultrúinn **Ómar R. Valdimarsson** hefur löngum verið þekktur fyrir að vera fylginn sér. Eitthvað fípaðist honum þó flugið í verslun Fitness-Sports í Laugum á laugardaginn. Ómar hafði fest kaup á forláta bol og farið í honum niður í æfingasal. Drykklangri stund síðar kom Ómar með flíkina undir hendi og tjáði afgreiðslustúlkunni að þetta væri nú ekki það sem hann hefði í huga, og vildi fá aðra. Stúlkan aðstoðaði upplýsingafultrúann eftir bestu getu en þegar ekki fannst réttur bolur vildi Ómar fá bollinn endurgreiddan. Á það féllst stúlkan ekki og bauð honum inneignarnótu í staðinn. Eitthvað tók Ómar það óstínt upp og las stúlkunni pistilinn svo ómaði um andyri líkamsræktarstöðvarinnar. Að endingu rauk hann á dyr og lét það vera sitt síðasta verk að henda bolnum yfir afgreiðslu-borðið. Urðu þó nokkrir gestir vitni að þessu. Samkvæmt heimild-um Fréttablaðsins mun Ómar þó hafa séð að sér og gert sér



grein fyrir því að svona kæmu menn ekki fram við starfsfólk. Hann ku því hafa hringt í eiganda verslunarinnar og bedist afsökunar á framerði sínu. Hvað fjárhæð bolsins varðar hefur hún nú verið millifærð inn á reikning Ómars og sannast þar hið fornkeðna að batnandi manni er best að lifa.

Mýrin, mynd **Baltasars Kormáks**, var kjörin af íslensku sjónvarps- og kvik-myndaakademíunni til að keppa um Óskarstílefnunguna sem besta erlenda myndin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kosningin nokkuð afgerandi og heyrast nú háværar raddir um að hún eigi jafnvel góða mögu-leika á að verða meðal hinna fimm útvöldu.



Ólína dregur kæru sína til baka

Ólína Þorvarðardóttir hefur dregið lögreglukæru sína til baka í kjölfarið á því að formaður NMÍ, nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði, Gunnar Atli Gunnarsson, baðst afsökunar á að hafa sent SMS-skeyti í hennar nafni. Afsökunarbeiðnin var birt í heild sinni á vef BB.is og sagðist Ólína að sjálfsögðu taka hana til greina. „Þetta nær ekkert lengra og mér finnst hann maður að meiri að hafa gert þetta,“ segir Ólína. Á bloggsíðu sinni segir Ólína síðan: „...öllum verða á mistök í lífinu. Það er liður í því að þroskast og verða að heil-steyptri manneskju – enginn lærir að ganga án þess að hrasa.“ Gunnar Atli sagði í samtali við Fréttablaðið að hrekkurinn hefði verið framkvæmdur í algjöru hugsunarleysi. „Þetta átti að

vera eitthvað sniðugt en svo fatt-aði maður bara að þetta var algjör vitleysa,“ segir Gunnar og ítrekar að allt sé í góðu milli hans og Ólínu og að hrekkurinn hafi aldrei verið hugsaður sem persónuleg árás í hennar garð. Nemendur MÍ fengu sent SMS um að fela allt áfengi í skólaferð, nákvæmlega ári eftir að Ólína hafði vísað nokkrum nemendum úr skóla tímabundið fyrir að hafa haft Bakkus um borð í svipuðu ferðalagi. Gunnari var í kjölfarið gert að segja af sér sem formaður nemendafélagsins af skólayfirvöld-um MÍ. „Sú ákvörðun kemur algjörlega að ofan og er ekki frá mér komin,“ útskýrir Gunnar en nemendur skólans létu vel í sér heyra í kjölfar hennar og fór af stað mikil undirskriftasöfnun til stuðnings Gunnari í kjölfarið á þeirri ákvörðun.



FYRIRGEFUR HREKKJALÓMNUM Ólína hefur fyrirgefið fyrrverandi nemanda sínum, Gunnari Atla Gunnarssyni, og dregið kæru sína til baka.

"BJARNI HAUKUR ER DREPFYNDINN"

Pabbinn

Í LEIKSTJÓRN SIGGA SIGURJÓNS

Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

★★★★★
SH/BYLGJAN

"ÞÚ LIGGUR Í KRAMPA Í 100 MÍNÚTUR"

16 ÞÚSUND MANNS Hafa nú þegar séð PABBANN!


MIÐASALA Í FULLUM GANGI!

Sýningar hefjast kl. 20:00 nema á lau. kl. 19:00 / miðaverð kr. 2500

SÝNINGAR: 25. 26. 27. OKTÓBER & 1. 2. 3. NÓVEMBER

Miðasala Íslensku óperunnar er opin alla virka daga frá 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Einnig er símasala opinn frá 10. Lokað á mánudögum. Auk þess er miðasala á netinu allan sólarhringinn á opera.is. Einnig er hægt að nálgast miða á midi.is Sími miðasölu er 511-4200.

www.pabbinn.is



THORSSON
PRODUCTIONS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Fyllt upp í tómarúm

Ófullnægt og óhamingjusamt fólk er bestu neytendur sem völ er á. Flestir þeirra sem nota tölvupóst kannast við kæfupóstinn sem rignir inn til manns alla daga. Fyrirsagnirnar eru venjulega loforð um stærra typpi, stinnari brjóst, minni bumbu, rass án appelsínuhúðar, stinnari maga eftir meðgöngu og innri frið. Rót allrar óhamingju ku vera lélegt kynlíf ef marka má markaðsmenn samtímans. Sífelld er okkur hversdagsfólkinu lofað betri fullnægingu ef við bara kaupum nýja eggjö, keiluna, holuna eða hvað það nú heitir.

ÞEGAR skutlurnar í þættinum Beðmál í borginni voru á hátindi frægðar sinnar var helsta umræðuefnið í vinkvennahópum landsins fullnæging. Ölvuð af röfli kynóðra sjónvarpskvenna sýndi góð vinkona mín mér eitt sinn stóran kassa af fullorðinsleikföngum, eins og sölufólk kallar plasthluti sem eiga að krydda kynlífið. Þarna voru ótal undarlegir hlutir og taldi vinkonan sig hafa gert kostakaup að hætti hagsýnnar húsmóður. Þar sem ég er haldin snert af stórmennskuæði ákvað ég að markaðslegir fylgiskar kynfrelsisins væru fyrir neðan mína virðingu. Ég myndi ala með mér fyrirlitningu á öllum varningi sem ætlað er að auka hamingju mína, fegurð, sálarró og fullnægingu.

SEM ég raðaði í poka í verslun um daginn áttaði ég mig á því að eitt-hvert kynlegt verksmíðjussul sem haft er við afgreiðslukassana hafði endað með mínum vörum. Nú voru góð ráð dýr. Átti ég að setja túbuna í pokann og sleppa við umstang en um leið styrkja markaðsmenn sem gera út á tilbúna óhamingju, eða standa á mínu og heimta leiðréttingu? Ég valdi seinni kostinn.

Á AÐ giska fimmtán ára kassaherra kallaði eftir hjálp til að skila vörunni og tveir eldri starfsmenn komu honum til aðstoðar. Orðið sleipiefni var endurtekið ítrekað. Viðskiptavinirnir á eftir mér urðu óþolinmóðir og könnuðu ástæður tafarinnar. Þetta var ömurleg stund en ég reyndi að sannfæra mig um að ég hefði farið með sigur í baráttunni við markaðsöflin sem nærast á tilbúinni óhamingju hversdagsfólks. Það var þó heldur máttlaus tilfinning. Þegar heim var komið ómuðu kynferðislegar skírskotanir í huga mér. Hlutlausustu fyrirbrigði, eins og leikfangakassi, egg, pylsa og svunta vöktu upp sóðaleg hughrif og ég bölvaði markaðssamfélaginu og endalausri opin-skárri umræðu um kynlíf í hljóði.

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 2. október,
275. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.38	13.17	18.55
Akureyri	7.24	13.02	18.38

Heimild: Almanak Háskólans

Skoda Fabia
ER MEÐ SEX ÖRYGGISLOFTPÚÐUM

Ríkulegur staðalbúnaður:
Sex öryggisloftpúðar
ESP stöðugleikakerti
Hiti í sætum
CD og MP3 spilar
Tengi fyrir iPod
Þrír höfuðpúðar að aftan
Rafdrifnar rúður að framan og aftan
Fjarstýrt samlesing
Þökuljós
Hæðarstilling á öðumannseti
Hraðastillir
og margt fleira

Ást við fyrsta akstur

Hann er kominn, bíllinn sem er að slá í gegn í Evrópu, Skoda Fabia. Auðvitað skiptir útlitið ekki öllu en það er það fyrsta sem hrifur og ríkulegur staðalbúnaðurinn lætur þér líða eins og heima hjá þér. Handhæg tenging fyrir iPod-inn gefur rétta tóninn, hitinn í sætum yllar, flott hönnunin gleður augað og sex loftpúðar veita öryggisloftpúðum.

Komdu og eigðu stefnumót við Skoda Fabia. Þú finnur strax að leitinni er lokið.

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísafirði • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi

